

Skýringar á táknum



Einstaklingsverkefni



Ritun



Paraverkefni



Framsögn og tjáning



Hópverkefni



Kveikja



Verkefnabók

Kveikjur – Texta- og verkefnabók

ISBN 978-9979-0-2349-4

© 2019 Davíð Hörgdal Stefánsson, Sigrún Valdimarsdóttir

© 2019 Teikningar: Lára Garðarsdóttir

Höfundar og réttihafar texta sem vísað er til: Sjá lista aftast í bókinni

Ritstjórar: Aldís Yngvadóttir og Sigríður Wöhler

Ljósmynd á kápu er af listaverkinu *SemSé* eftir Ragnhildi Jóhannsdóttur, sem tók myndina.

Yfirlestur og ráðgjöf: Ágústa Ragnars, Ásta Sölvadóttir, Einar Daði Reynisson, Elva Traustadóttir, Guðrún Ásta Tryggvadóttir, Hanna Óladóttir, Ingólfur Steinsson, Margrét Laxdal.

Yfirliturum, ráðgjöfum og öðrum þeim sem komið hafa að verkinu eru færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

1. útgáfa 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Prentmiðlun ehf. – Lettland


Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Davíð Hörgdal Stefánsson

Sigrún Valdimarsdóttir

Kveikjur

Texta- og verkefnabók
í íslensku



Efnisyfirlit

Varúð! Varúð!	4	4. kafli – „Ég skal sko segja þér ...“	58
Gott að vita um Kveikjur	5	<i>Elías</i> eftir Auði Haralds og	
Þældu í þessu!	6	Valdísí Óskarsdóttur	58
Í upphafi skyldi endinn skoða	7	<i>Elías</i> – 1. kafli	60
Mikilvæg skilaboð til þín	8	Málfræðimoli um lýsingarorð	66
Einkaþjálfun í íslensku – svona herðir		Gildishlaðin orð	68
þú orðavöðvana – Upphitun	10	Bein lýsing / óbein lýsing	71
1. kafli – „Af hverju vil ég efla læsi?“	12	Málfræðimoli um atviksorð	74
Hvað liggur þér á hjarta?	14	Viðurnefni	76
SMS og skammstafanir	16	Að lokum – þetta um bókmenntabrogð	78
Textar, textar, textar, textar	17	Bakfall	79
Iðkun er ákvörðun	20	5. kafli – Þrautir úti í mýri,	
Ólíkar lestraraðferðir	24	álög inni í stýri (ha?)	80
Sökktu þér ofan í yndislestur!	26	<i>Ævintýri – Sagan af Helgu Karlsdóttur</i>	82
Lestur er sköpun!	28	Málfræðimoli um sagnorð	89
Að lokum – þetta um læsi	30	Orðamyndun	91
Sorg eða frekja?	31	Viðtöl	92
2. kafli – Mikill er máttur tungunnar	32	Greinarmerki	94
Þú vilt vanda stafsetningu og skilja		Bein og óbein ræða	95
málfræði ... en af hverju?	35	Sakamálaþraut sem byggir á	
Málfræðimoli um nafnorð	37	ævintýraforminu	96
Kenniföll	40	Farið hefur fé betra	99
Að lokum – þetta um máttinn		Sögusvið	100
í tungumálinu	42	Að lokum – þetta um ævintýri	102
<i>Vasabókarbrot</i> Péturs Gunnarssonar	43	Ringulreið	103
3. kafli – Fjölmiðlar eru læsilegir	44	6. kafli – Fræðilegur lestur	
Hvernig á að skrifa frétt?	44	en ekki hræðilegur	104
Málfræðimoli um fornöfn	49	Að lesa til að læra	105
Fornöfn	50	Að lesa með áætlun	105
Fleiri fyrirsagnir	52	Blindir og heyrnarlausir eru með	
Hvað segja auglýsingar í raun og veru?	53	ofurskynfæri	108
Leikur með auglýsingar	54	Bóndadóttir stjórnaði franska hernum	110
Hvenær á að skrifa y?	55	Punktur, punktur, komma, strik	115
Að lokum – þetta um fjölmiðla	56	Að lokum – þetta um lestrartækni	116
Grasið grænna?	57	Fyrstu skrefin	117

7. kafli – Hvað á tungumálið að þýða?.	118	Lokaorð – Alveg að endalokum, þetta mikilvægasta smáræði	174
Hvaðan kemur tungumálið?	118	Gátlisti fyrir ritun	175
Hinn mistæki þýðandi tungumála	120	Textatilvísanir	176
Að brjótast inn í fimmaurabrandara	126	Skrá yfir ljósmyndir og rétthafa	
Að brjótast inn í harðlæstan texta	127	annars myndefnis	176
Kafli úr færeyskri þýðingu á íslenskum texta ..	128		
Orðhlutar	130		
Að lokum – þetta um skyldleika tungumála ...	132		
Náttúruþæðið	133		
8. kafli – Ást er ... að tynast í orðum....	134		
Tungumálið er tilfinningaríkt	134		
Hvaða brögðum beita rithöfundar?	135		
<i>Hjartsláttur</i> eftir Ragnheiði Gestsdóttur	136		
Sjónarhorn	146		
Atburðarás	149		
Að lokum – þetta um skáldsagnatexta	150		
Þegar við Guðrún vorum skotnar			
í sama stráknum	151		
9. kafli – Unglingurinn sem ljóðaði yfir sig	152		
Leikur að ljóðum	154		
En hvað er ljóð?	156		
Allir hafa í sér ljóð	157		
Ljóðagreining	160		
Býr skáld í þér?	162		
Annars konar ljóðagreining	163		
Að lokum – þetta um ljóð	164		
Hvað er á gangi hér?	165		
10. kafli – Öll þessi skilaboð	166		
Auglýsingar eiga sitt eigið tungumál	166		
Auglýsingagreining	170		
Að lokum – þetta um auglýsingar	172		
Undarlegar geta auglýsingar verið	173		

VARÚÐ! VARÚÐ!

Margir leikir barnanna eru fólgnir í tómri ímyndun. Börnin látast vera dýr, smiðir, siglingamenn, tröll, skólakennarar, kóngar o.s.frv. og leika ótal margt úr daglega lífinu og langt fram yfir það. Mörg börn lifa þannig árum saman að miklu leyti í heimi ímyndunarinnar, og þessi börn verða oft hneigð til að fara með ýkjur, eða umhverfa sannleikanum algjörlega. Þau venja sig á að segja sögur og ýkja þær eða skrökva þeim algjörlega upp. Það er áriðandi, að hafa gát á framferði þessara barna í tíma, og sjerstaklega verður að gjalda varhuga við að þau lesi skrök-sögur, sem gera ill áhrif á þau.

Úr tímariti frá 1895

Það er um að gera að passa sig að leika sér ekki með tungumálið – og ekki lesa skröksögur sem hafa ill áhrif ... og ekki prófa að skrifa og skapa ... og ekki búa til ný orð ... og ekki ... bara ekki hafa gaman af því að nota íslensku og lesa hana og leika sér með hana! Alls ekki leika sér með hana! Hún er svo viðkvæm að hún gæti brotnað ... þess vegna þarf öll þessi varúðarorð.

GRÍN ALGERT

GRÍN

Gott að vita um Kveikjur

Námið í þessari bók snýst um leik, sköpun, skynjun, söfnun og rannsóknarvinnu á tungumálinu og samfélaginu. Það þýðir að í vetur býðst þér og bekkjarfélögum að gera alls kyns æfingar sem snúast um leik og sköpun. Þið getið t.d. fengið það verkefni að búa til orðabók, sagnabók, nafnabók eða brandarabók bekkjarins og hver veit nema þið verðið fengin til að smíða ný orð til að bjarga íslenskri tungu frá glötun? Vissirðu til dæmis að orðin hormón-ingur, ungeskja, mannlamb og miðféti eru glæný orð í íslensku? Veistu hver bjó þau til? Hópur unglunga á þínum aldri!

Þetta er mikilvægasta verkefni vetrarins – að þú leyfir þér að leika með tungumálið, snúa því á hvolf, hrista, rannsaka, rífa í sundur og byggja upp á nýtt – því tungumálið er bráðskemmtilegt byggingarefni sem býður upp á takmarkalaus möguleika.

Hugleiðingar

Í bókinni er að finna ýmislegt sem þú getur velt fyrir þér. Stundum eru það hugleiðingar, skýringar á hugtökum eða góðar ábendingar. Þarna má einnig finna ýmsar hugleiðingar sem henta vel til umræðna í bekknum. Við hvetjum þig eindregið til að nýta hvert slíkt tækifæri til að læra enn meira – og hafa gaman af að leika þér með málið ásamt bekkjarfélögum þínum!

Málfræðimolar

Hér og þar í bókinni eru samantektir um nokkra orðflokka þar sem koma fram helstu einkenni þeirra, hugleiðingar um eðli þeirra og virkni og dæmi um notkun. Kynntu þér þessa mola vel. Markmiðið með þeim er að þú fái tilfinningu fyrir mismunandi hlutverki og virkni orða og eflist þannig í íslenskunni!

Námsmat

Námsmatið fer fram jafnt og þétt allan veturinn og til að auðvelda þér og kennaranum að meta stöðuna safnar þú stærri verkefnum í möppu.

Góða skemmtun!

Pældu í þessu!

- ✓ Hvað kanntu í íslensku?
- ✓ Til hvers þarftu að læra íslensku?
- ✓ Hvað þarftu að kunna? Af hverju?
- ✓ Hvað kanntu vel?
- ✓ Hvað þarftu að læra betur? Af hverju?
- ✓ Til hvers þarftu að þjálfast lestur?
- ✓ Til hvers þarftu að geta skrifað texta?
- ✓ Kanntu að skrifa mismunandi texta?
- ✓ Kanntu að segja sögur?
- ✓ Hvað þarf saga að innihalda?
- ✓ Til hvers þarftu að læra um skáldskap? Sögur og ljóð?
- ✓ Hvað græðir þú á því að hafa góðan orðaforða og nota ólík orð við ólík tækifæri?
- ✓ Hvernig getur þú verið skapandi í íslensku?
- ✓ Til hvers þarftu að kunna málfræði?
- ✓ Til hvers þarftu að læra og æfa rétta stafsetningu?
- ✓ Hvaða hag hefur þú af því að æfa framsögn og tjáningu?
- ✓ Til hvers þarftu að þjálfast hlustun?
- ✓ Hvað finnst þér skemmtilegast í íslensku? Af hverju?
- ✓ Hvað finnst þér leiðinlegast í íslensku? Af hverju?

Í upphafi skyldi endinn skoða

Áður en þú hefst handa er gott að lesa spurningarnar hér á síðunni á undan og kanna hver staða þín í íslensku er við upphaf áttunda bekkjar. Svaraðu spurningunum af heiðarleika því þannig nýtast þær best. Staldráðu svo við og skoðaðu hvaða atriði þú ert nokkurn veginn með á hreinu og hvaða atriði þú átt eftir að læra betur. Í lok hvers kafla eru spurningar sem þú getur nýtt þér til að átta þig á því hvað þú hefur lært.

Í bókinni eru fjölbreytt verkefni sem ætlað er að auka þekkingu þína og færni í íslensku. Öll verkefni bókarinnar verða unnin í stílabók og eru hluti af námsmati þínu í vetur. Sum eru stór en önnur smá, sum eru einföld, hefðbundin og fljótleyst á meðan önnur krefjast meiri vinnu og taka lengri tíma. Passaðu vel upp á verkefni þín og vandaðu þig strax frá upphafi við vinnuna.



Mikilvæg skilaboð **til þín**

Tungumálið er þitt

Þú varst með það í blóðinu þegar þú fæddist og fórst að hlusta á fólk tala í kringum þig á hverjum einasta degi. Þú fæddist með grunninn að tungumálinu djúpt inni í þér og á örfáum árum lærðirðu það með því að að hlusta grannt á umhverfi þitt.

Tungumálið er grunnurinn að allri mannlegri hugsun og þar með allri mannlegri tilvist. Það geymir tilfinningar okkar – eða kannastu ekki við að hafa upplifað mikla gleði við það að heyra eitt orð frá einhverjum sem þér þykir vænt um?

Og kannski líka mikla sorg?

Bara út frá nokkrum eða jafnvel einu orði?

Tungumálið geymir þetta allt á sama tíma:

**Tilfinningar, minningar, hugsanir, skilning,
drauma, tengingar við heiminn og annað fólk.**

Tungumálið er tilvist okkar.

Þess vegna er mikilvægt að þú skiljir tungumálið þitt – lærir að þekkja það og skynja, skilja það og nota og ekki síst að leika þér með það á hverjum degi.

Okkur finnst það reyndar ekki bara mikilvægt.

Okkur finnst það lífsnauðsynlegt.

Í *Kveikjum* er fjallað um mjög margar og ólíkar hliðar á íslensku og við vonum að þú skiljir hversu mikilvæg og skemmtileg íslenskan er.

Nú er það svo að ungt fólk er ólíkt. Sumir lesa mjög mikið af skáldsögum og ljóðum, aðrir lesa myndasögur, enn aðrir tímarit og netsíður, og svo eru þeir sem lesa lítið en horfa þeim mun meira á kvikmyndir og sjónvarpsþætti.

En það vill stundum gleymast að í öllu þessu felst lestur.

- Þegar þú horfir á sjónvarpsþætti ertu að lesa, greina, endurskapa, skilja og læra.
- Þegar þú vafrar um á netinu, sérð eitthvað fyndið og póstar því inn á blogg eða samfélagsvef ertu að lesa, greina, endurskapa, skilja og læra.
- Þegar þú segir brandara ertu að lesa í þá sem eru að hlusta og stýra frásögninni eftir þeirra viðtökum.
- Þegar þú segir foreldrum þínum frá deginum í skólanum lýsirðu honum öðruvísi en þegar þú talar við vini þína – vegna þess að þið eigið ykkur annan talsmáta. Þar sýnirðu fram á að þú kunnir að beita fjölbreyttum stílbrogðum og ólíku málsniði í tungumálinu; að þú skiljir samhengi hluta í samfélaginu. Þú kannt móðurmálið vegna þess að öll þín skynfæri eru þjálfuð í því frá fyrsta degi að hlusta á umhverfið.

Þú ert nú þegar skapari og höfundur

Þú kannt öll brogðin í bókinni – en kannski veistu bara ekki alveg af því. Þú kannt þetta allt – en gott getur samt alltaf orðið betra. Þú getur gert tungumálið að verkfæri sem þú beitir af krafti bæði í rituðu og töluðu máli. Þetta er hlutverk þitt í íslenskunáminu og vonandi ertu til í að skella þér í slaginn og leggja nokkuð á þig.

Einkapjálfun í íslensku

svona herðir þú orðavöðvana – Upphitun

Veturinn er æfingatímabil í líkamsrækt; í vor verða allir í bekknum með glerharða magavöðva og geta hlaupið tíu kílómetra án þess að blása úr nös. Í vetur færðu tækifæri til að leika þér með íslenskuna og læra í leiðinni hagnýtar staðreyndir um hana.

Rétt eins og í annarri ræktun er stundum gott að vinna sjálfstætt og stundum er gott að vinna í hóp. Mörg verkefnanna í bókinni leysir þú upp á eigin spýtur en þú munt einnig vinna í stærri eða minni hópum með bekkjarfélögum að viðameiri eða tímafrekari verkefnum.



Ég man

Sköpun þarf ekki að vera umfangsmikil eða flókin til að teljast vera sköpun eða hafa áhrif. Stutt textabrot, skrifað af tilfinningu, getur skilað mjög miklu, eins og sést í þessum minningabrotum frá Þórarni Eldjárn:

Ég man brotakex frá Kexverksmiðjunni Esju í brúnum bréfpokum.

Ég man þegar Kiljan fékk Nóbelsverðlaunin.

Ég man Ísland-Danmörk 14:2.

Þessi stuttu textabrot hafa líklega ekki mikla merkingu fyrir þig – eða hvað? En fyrir foreldra þína, ömmur og afa hafa þau mjög líklega meiri merkingu og brotin geta kallað fram ótal hugrenningar, minningar og tilfinningar. Samt er hvert brot bara nokkur orð.

Ég man líka!



- Skrifaðu þín eigin minningabrot sem byrja á orðunum „Ég man ...“
- Hugsaðu fyrst og fremst um að brotin þurfi að hafa sérstakt gildi fyrir þig, þótt það sé líka gaman ef þau hafa gildi fyrir aðra. Miðaðu við að skrifa a.m.k. fimm minningabrot, en gættu að þér, því ef þú leyfir þér að fara á flug með þetta verkefni gæti það orðið mjög skemmtilegt og fyllt margar blaðsíður!

„Af hverju vil ég efla læsi?“

Markmiðið með þessum kafla er að þú skiljir hugtökin lestur og læsi og hvernig stíll, sköpun og skilningur getur verið ólíkur á milli einstaklinga. Að skilja í hverju lestrarþjálfun felst og af hverju það er mikilvægt að vera öflugur og klár lesandi.

Margir spyrja sig þessara spurninga:

„Hvað er þetta blessaða læsi? Er læsi nútímauppfinning eða eldgamalt fyrirbæri? Snýst læsi um að læsa einhverju? Eða er læsi svipað og hæsi, bara aðeins minna, hringlóttara, odd-hvassara og rauðleitara?“

Það er ekki nema von að sumir spyrji sig. Fyrir nokkrum árum var aldrei minnst á læsi. Börnum var bara kennt að þekkja stafina í fyrsta bekk, svo var þeim kennt að lesa stutt orð og svo lengri orð og svo setningar og svo málsgreinar og svo heilu bækurnar. Þá töldust börn vera læs – þegar þau kunnu að lesa.

En eru þá ekki allir læsir?

Allir sem kunna að lesa?

Í vissum skilningi eru jú allir læsir – allir sem geta lesið fréttir á netinu eða blaðsíðu í bók og skilið hvað stafirnir þýða og hvað orðin merkja.

En orðið læsi þýðir eitthvað annað og meira en einungis að kunna að lesa bókstafi og raða þeim í orð og setningar. Til að teljast læs verður maður að skilja það sem maður les:

Eiginlega þýðir læsi skilningur.

Eiginlega þýðir læsi skynjun.

Eiginlega þýðir læsi skilningur á samhengi.

Eiginlega þýðir læsi tilfinning fyrir merkingu orða og tákna í tungumálinu.

Eiginlega þýðir læsi gagnrýninn lestur þar sem þú skilur að ekki er allt sem sýnist og að þú býrð yfir valdinu til að meta sannleikann úr því sem þú ert að lesa – skapa þína eigin merkingu.

Finnst þér þetta flókið? Skiljanlega! Þetta er ekki einfaldasta mál í heimi. En þetta er jafnframt eitt það allra mikilvægasta sem þú ákveður að læra í lífinu. Þetta er eiginlega eins og að læra að anda rétt, læra að synda til að geta bjargað lífi sínu í „lífsins ólgusjó“, læra að bjarga sér, læra skyndi-hjálp, læra að gera að eigin sárum til að geta læknað sig og læra að forðast þær gryfjur sem leynast í lífinu og allir geta dottið ofan í og meitt sig.

Fyrsta skrefið í því að ná tökum á læsi er í rauninni mjög einfalt mál. Af hverju?

Vegna þess að allt sem snýr að læsi veistu nú þegar.

Allt sem snýr að læsi býr þegar í þér.

Allt. Ekki bara sumt. Allt.

Þessari bók er einfaldlega ætlað að minna þig á allt sem þú veist og kannt nú þegar.

Hver einasta manneskja er snillingur í greiningu, lestri og endursköpun.

Og það er hægt að sanna með sáraeinföldu dæmi.

Á venjulegum degi opnarðu tölvuna, kveikir á vafranum og spjallar við vini og ættingja á samfélagsmiðlum. Þú ferð inn á heimasíður vina og sérð þar ýmislegt fyndið og skemmtilegt. Svo ferðu inn á fréttasíðu og sérð mynd af hundi undir fyrirsögninni:

– Sækist eftir ráðherraembætti –



Þú hlærð, klippir skjámyndina og póstar henni með orðunum: „Ég vildi að hundurinn minn væri svona metnaðarfullur!“ „Lækin“ streyma inn og aðrir pósta jafnvel svipuðum bröndurum eða skemmtilegum myndum.

Hvað gerðist þarna?

Þú sást venjulegar upplýsingar sem höfðu enga sérstaka merkingu. En svo sástu að í þeim lágu óbein skilaboð, að þarna lá einhver skrýtin og fyndin merking.

Þú settir upplýsingarnar í samhengi við þinn eigin raunveruleika, endurskapaðir þær og miðlaðir þeim til vina þinna í búningi sem þér fannst líklegt að þeir myndu fíla.

Þetta gerist þúsund sinnum á hverjum degi hjá öllum unglíngum landsins og fullorðnum líka. Fjölmargar vinsælar heimasíður snúast meira og minna um þá list að pósta einhverju fyndnu, áhugaverðu eða skrýtnu sem maður finnur á netinu – að finna eitthvað, **gefa því nýja merkingu** með því að gefa því nýjan titil og setja í nýtt samhengi.

Við sjáum eitthvað í kringum okkur, tökum það inn, meltum það og sendum svo frá okkur í nýjum búningi. Við endursköpum heiminn eftir eigin höfði og bjóðum öðrum að þiggja okkar eigið framlag.

Þetta er það sem við gerum. Alla daga. Í öllu þessu kemur læsi við sögu.

Þú lest eitthvað á hverjum einasta degi. Lesturinn gerist að stórum hluta sjálfkrafa og þú hefur innbyggða þörf fyrir að lesa og skilja umhverfi þitt.

Að vera læs er það sem þú gerir alla daga.

Spurningin er bara hvað þú gerir við þetta læsi ... hvort þú tekur eftir því eða hvort það fer framhjá þér.

Hvernig veistu að þú ert lesandi, greinandi og skapari?

Finndu dæmi úr daglegu lífi þar sem þú ert greinilega að skapa.

Hvað einkennir samskipti á samskiptasíðum?

Af hverju gera nemendur hlutina á mjög ólíkan hátt, jafnvel þegar allir pósta sömu fréttinni?

Hvað liggur þér á hjarta?



1.

Ef þú værir með aðgang að Facebook hér og nú, hvaða stöðuuppfærslu myndir þú birta? Veltir þú fyrir þér hvaða skilaboð þú sendir út um þig þegar þú skrifar stöðu á Facebook? Hugsar þú um hvort orðin eru við hæfi? Getur maður leyft sér að skrifa hvað sem er á Facebook? Finndu dæmi um stöðuuppfærslu sem er ekki við hæfi.

2.

Þú fannst þessa mynd á netinu og ætlar að pósta henni á samfélagsmiðlum. Hvaða texta myndir þú setja með henni?



3.

Í íslensku eru nokkrar algengar skammstafanir sem gott er að þekkja til. Um þær gildir sú meginregla að settur er punktur eftir fyrsta staf eða fyrstu stafina í hverju orði sem er skammstafað. Í skammstöfunum sem hér koma virðist það þó ekki alltaf vera raunin. Flettu upp í málfræðibók og lestu regluna um punktanothkun í skammstöfunum. Skoðuðu næst þessar skammstafanir og finndu út fyrir hvað þær standa.

a.m.k.	HÍ	o.fl.	u.p.b.
ath.	m.a.	o.p.h.	ASÍ
bls.	m.a.s.	sbr.	m.ö.o.
e.h.	m.t.t.	skv.	þ.e.a.s
kl.	nk.	t.a.m.	

4.

Veldu fimm skammstafanir úr verkefninu og búðu til setningar þar sem þú sýnir hvernig þær eru notaðar.

Skammstafanir

Hvað þýðir þ.e.a.s.? spyr drengurinn upp úr lestri. Þessir andskotar?

Vasabókarbrot Péturs Gunnarsonar

LOL – BRB – ROFL – WTF! – YOLO

Hvað þýða þessar skammstafanir? LOL þýðir t.d. „laughing out loud“ á ensku – en gætum við ekki alveg eins sagt HUH á íslensku? „Hlæ upphátt.“ Af hverju er okkur tamara að nota svona skammstafanir á ensku en íslensku? Er eitthvað í eðli þessara tveggja tungumála sem gerir það að verkum?

Vinnið saman í hópum. Finnið algengustu skammstafanir af þessu tagi á ensku og bóúið til góðar, íslenskar útgáfur af þeim (eins og HUH).

Skráið niður allar íslenskar skammstafanir sem þið þekkið. Ræðið um merkingu þeirra. Endið verkefnið á að búa til nýja, frumlega og fyndna merkingu fyrir skammstafanirnar.

SMS og skammstafanir

5.

Skrifaðu eftirfarandi texta í stuttum sms-skilaboðum:

Ég er nýkominn heim og er búinn að versla það allra helsta í matinn, ástin mín. Mamma og pabbi koma í mat eftir klukkutíma, gætirðu verið svo væn að koma við í blóma-búð að eigin vali og kaupa fallegan vönd? Og ef þú hefur tíma væri gott ef þú gætir skotist í sérverslun og keypt góðan mygluost, það var enginn almennilegur þannig í búðinni sem ég fór í.

Kveðja, Stjáni.

Heyrðu góði minn, ég skil ekki hvaða rugl er í gangi þarna hjá þér. Ég sagði aldrei að ég ætlaði með þér í bíó eða keilu eða neitt svo leiðis, ég sagðist bara ætla að hugsa málið og sjá til hvernig mér liði í dag og lofaði ekki neinu. Þú ert frekur eins og naut og leiðinlegur eins og hjartalínurit og ég nenni ekki að standa í þessu. Finndu þér einhverja aðra til að leika við.

6.

Skrifaðu þessi sms-skilaboð eins og amma eða afi myndu gera það.

thu ert aedi <3 hittumst @ sjoppa í kvöld omg ma er klikkuð ég fékk 10 þús kall í simareikning



Hvernig sms var hún að fá?

Við notum skammstafanir til að stytta mál okkar í ritmáli.

Til dæmis = t.d.

Klukkustund = klst.

Herra = Hr.

Síðastliðinn = sl.

Frú = Fr.

Og svo framvegis = o.s.frv.




Er rétt farið með skammstöfunina hér í glugganum?

Textar Textar Textar Textar



- a. Textar eru eins ólíkir og höfundar þeirra, en það er gagnlegt að muna að velta fyrir sér tilgangi texta: Að spyrja sig: „Á þessi texti að fræða, leiðbeina, skemmta.“ Yfirleitt hefur hann tilgang, oftast mjög skýran en stundum ansi óljósan. Þá getur einn og sami textinn haft fleiri en eitt markmið. Hvert er markmið þessa texta?




Með því að átta sig á þessu í upphafi lestrar skapast kjöraðstæður fyrir þig til að skilja vel og rækilega inntak textans.

- b. Fólk er alltaf að tjá sig, á hverjum degi og í ólíkum tilgangi, stundum til að miðla einföldum upplýsingum og stundum til að hafa áhrif og stundum jafnvel til að reyna að breyta öllum heiminum. Til þess þurfum við talmál, ritmál og líka afslappað tungumál þar sem við megum sletta. Þetta köllum við **málsnið** – okkar ólíku leiðir til að tjá okkur eftir tilefni, aðstæðum og tilgangi með tjáningunni. Eðli textans þarf að hæfa tilefninu og umhverfinu – eða hvernig heldurðu að það væri að setja saman húsgögn ef leiðbeiningarnar væru í ljóðaformi?

- c. Þú skrifar ólíka texta á hverjum degi. Stundum hratt, stundum hægt, stundum af mikilli íhugun, stundum hugsunarlítið. Allt eftir eðli málsins og dagsforminu. Texti sem þú hripar niður í flýti þegar þú skilur eftir skilaboð fyrir foreldra þína eða skrifar hvað vantar í búðinni er annars eðlis en texti sem þú pikkar á tölvu, prentar út og setur saman í ritgerð. Af hverju heldurðu að þessir textar séu svona ólíkir?

Fyrir það fyrsta er sá fyrri eingöngu ætlaður þér eða þínum nánustu sem þekkja þig og vita því vel hvaða hugsun bjó að baki skrifunum. Seinni textinn er ætlaður fleiri lesendum sem þekkja þig hugsanlega ekki eins vel og því er mikilvægara að hugleiða hvaða skilaboð textinn sendir út um þig sem skrifara og hvort einhver hætta sé á misskilningi. Undir slíkum kringumstæðum þarf að velja orð sín af kostgæfni og koma sér að kjarna málsins.





7.

Bréfaskrif

Þú ert að fara til útlanda og þig vantar gistingu í tvær nætur. Svo heppilega vill til að þú átt frændfólk á áfangastað sem gæti skotið yfir þig skjólshúsi. Skrifaðu tvö stutt bréf þar sem þú óskar eftir gistingu, eitt til fullorðinnar frænku sem þú hefur ekki séð eða heyrt í lengi og hitt til jafnaldra þíns sem þú ert í daglegum samskiptum við á samfélagsmiðlum. Er einhver munur á bréfunum? Er orðavalið eins í þeim báðum?

8.

Svaraðu eftirfarandi spurningum í samfelldu máli.


- Af hverju er texti út um allt?
- Kemur þú á staði þar sem ekki er nokkurn texta að finna?
Hvaða staðir eru það?
- Af hverju eru ekki textar þar?
- eru textar á stöðum þar sem þeir eru óþarfir?
Hvaða staðir eru það?
- Getum við bjargað okkur án texta?
- Hvers konar textar eru nauðsynlegir?
- Hverjir eru óþarfir eða ónauðsynlegir?



Til umhugsunar!

Allan daginn um allan bæinn lestu texta.

- Hvernig texta lestu á hefðbundnum degi?
- Hvernig texta lestu sem þú þarft aðeins að renna hratt yfir til að ná aðalatriðunum?
- Hvernig texta lestu sem krefst fullrar athygli þinnar?
- Hvernig texta lestu sem krefst þess að þú gefir þér góðan tíma til að lesa hann, allt frá einni klukkustund upp í margar á viku?
- Hvernig getur þú aukið lestrarhraða þinn?
- Hvernig getur þú aukið áhuga þinn á lestri?
- Hvernig texti eykur orðaforða þinn?
- Hvernig texti fær þig til að njóta lesturs?



9.

Hvaða textategundir eru ætlaðar til að
 – skemmta? – fræða? – leiðbeina?
 Teldu upp eins margar textategundir við
 hvern flokk og þú getur. Berðu þig saman
 við bekkjarfélaga, voru listarnir ykkar líkir?

10.

Hvernig texti er mest áberandi í þínu umhverfi –
 sem þú lestu daglega?
 Er það texti sem:
 – skemmtir? – fræðir? – leiðbeinir?
 Hugsaðu málið – finndu eins mörg dæmi um
 hverja textategund úr daglegu lífi og þú getur.

Iðkun er ákvörðun

Þetta hafa margar spakar manneskjur sagt. Iðkun er ákvörðun. Það þýðir að þú tekur meðvitaða ákvörðun um að stunda vissa iðju í lífinu. Það er nefnilega ekki nóg að segjast vera eitthvað – ef maður er ekki að stíga sjálf skrefin. Kannski áttu vinkonu sem segir við alla að hún hafi mikinn áhuga á fótbolta – en samt fer hún aldrei á leiki eða sparkar sjálf í tuðruna. Kannski áttu frænda sem segist vera mjög umhverfissinnaður og hafa mikinn áhuga á umhverfismálum – en samt flokkar hann ekki heimilissorpið og setur það í endurvinnslu.

Iðkun er ákvörðun sem maður fylgir eftir með markvissum skrefum og meðvitund um eigin gjörðir.

„Ég vil ná árangri. Til að gera það þarf ég að iðka íþróttina. Ég tek hér með ákvörðun um að iðka íþróttina mína fjórum sinnum í viku. Sama hvað tautar og raular mun ég setja æfingarnar í forgang.“

Sá eða sú sem skilur að læsi er samfélagslega mikilvægt tekur að sama skapi ákvörðun um að þjálfa sig í íslensku og notkun hennar og ákveður að þjálfa sig – til dæmis svona:


Ég næ árangri með því að þjálfa mig, helst á hverjum degi.



Ég þarf að kunna spretthlaup – að geta lesið styttri texta hratt og skimað í honum aðalatriðin.




Ég þarf að framkvæma styrktaræfingar – með því að auka við orðaforðann, auka málskilninginn, öðlast skilning á mismunandi orðræðu og bæta lestæknina.



Ég þarf að geta hlaupið langhlaup – að geta sýnt þrautseigju og komist í mark með því að klára ítarlega blaðagrein eða langa bók.



Ég þarf að byggja upp þol með því að lesa texta mjög reglulega.



Ég þarf að stunda teygjur og slökun – með því að læra að gleyma stað og stund, gleyma amstri hversdagsins í heimi bókarinnar og læra að njóta lestrarins.



Við lítum nefnilega stundum á íslenskuna eins og hún sé sjálfsagður hluti af okkur. Eins og hún sé bara eitthvað sem þurfi ekki að hlúa að. En það er því miður ekki rétt. Jafnvel þótt íslenskan búi í okkur og við kunnum betur á hana en okkur grunar getur hún samt rýrnað og tapað styrk sínum ef við tökum hana ekki alvarlega.

Það má líkja tungumálinu við upphandleggs-vöðvana. Við fæðumst með þá og ef við notum þá daglega haldast þeir í ágætu formi af sjálfu sér – en ef við gerum enn betur og ákveðum að styrkja þá með þjálfun getum við margfaldað styrk okkar. Með iðkun og þjálfun verðum við sterk; við sækjum styrkinn inn á við; við sækjum um styrk hjá okkur sjálfum og fáum styrkveitingu til að halda áfram og verða enn sterkari og þannig hættum við að vera óstyrk í samskiptum ... (geturðu haldið áfram með þennan orðaleik og fimmaurabrandara?)

Lestur snýst um að bera kennsl á stafi og hljóð og tengja allt saman í orð og setningar; merkingu.

Við erum alltaf að kóða og afkóða.

Eftir því sem við erum sleipari í þessari afkóðun verður auðveldara fyrir okkur að dýpka hana, læra ný orð og nýtt samhengi.

Það að vera góður lesandi felur í sér að geta haft mismunandi lestrartækni á valdi sínu. Að geta lesið hratt og örugglega þegar við á, bæði upphátt og í hljóði. Að geta sökkst sér í efnið og lesið af skilningi þegar það reynist nauðsynlegt. Að geta numið þær upplýsingar sem þarf úr textanum á sem auðveldastan máta, t.d. með því að skima yfir hann. Því meiri fjölbreytni í lestri sem við ráðum yfir því betri lesendur verðum við!

Af hverju vil ég

þjálfra lestur?

Já, af hverju viltu verða góður lesandi? Hér eru nokkrar tillögur að svörum – kannski finnst þér þau mismikilvæg en veltu þeim samt vandlega fyrir þér:

- ✓ ég vil geta fengið sannar og skýrar upplýsingar um heiminn í kringum mig
- ✓ ég vil vera nýtur samfélagsþegn; ég vil hafa áhrif á heiminn og geta stjórnað því hvaða áhrif heimurinn hefur á mig
- ✓ ég vil finna til öryggis í daglegum athöfnum þar sem ég nota tungumálið, hvort sem það eru leiðbeiningabæklingar, uppskriftir, ástarbréf eða umsóknareyðublöð
- ✓ ég vil geta skapað og notið listar og menningar, hvort sem það eru ljóð, myndlist eða kvikmyndir
- ✓ ég vil hafa sterka tilfinningu fyrir málinu; geta notað fjölbreytt blæbrigði þess og skilið þau líka
- ✓ ég vil hafa sjálfsvirðingu og ég skil að öryggi og leikni í tungumálinu er mikilvægur hluti af því
- ✓ ég vil geta menntað mig og aflað mér þekkingar



11.

Hvernig er mín forgangsröðun?

Raðaðu svörunum hér að ofan eftir mikilvægi og settu það svar sem þér finnst mikilvægast efst á listann. Berðu svo svörin saman við svör bekkjarfélaganna. Eruð þið sammála eða ósammála? Ræðið hvers vegna lestur er mikilvægur og bætið eigin svörum við listann.

Lestraraðferðir

12.

Hvernig lestu?

- Ég renni augunum yfir línurnar.
- Ég skapa myndir af orðunum í huganum.
- Ég les orðin upphátt „í huganum“.
- Ég stafa mig í gegnum hvert orð.
- Ég les þar til ég skil hvert orð.
- Ég giska á merkingu orðanna og samhengið í textanum.
- Lestu alltaf með sömu aðferð?

Hvernig texta dugar að renna hratt yfir? En hvenær er nauðsynlegt að lesa ítarlega?

„Stórglæsilegt Íslandsmet í yndislestri sett í gær!“



13.

Hér eru taldar upp nokkrar textagerðir.

- Skáldsaga
- Fræðigrein
- Ljóð
- Uppskriftabók
- Leiðbeiningar
- Ævintýri
- Símaskrá
- Orðabók
- Íslendingasaga
- Teiknimyndasaga
- Slúðurblað
- Námsbók
- Þjóðsögur
- Fréttaveita fésbókar
- Auglýsingasíður

Flokkaðu textagerðirnar eftir því hvaða aðferð væri best að nota eftir eðli textans.

- 1) Skimun
- 2) Punktalestur
- 3) Djúplestur
- 4) Yndislestur

Berðu þig saman við bekkjarfélagana.

Eru niðurstöður ykkar samhljóða eða munar einhverju? Af hverju telurðu að svo sé?

„Heiða Herkúlesardóttir
nýkrýndur Norðurlandameistari
í djúplestri og viðum skilningi!“



Við lifum ekki í tómarúmi –
við sem manneskjur erum
bókstaflega fjársjóðskistur þar
sem íslenskan er geymd og
færð inn í framtíðina. Vissirðu
að fjölmörg lítil tungumál eru
í útrýmingarhættu um allan
heim og að á síðustu örfáum
árum hafa mörg tungumál
horfið alveg? Þetta er ekki sagt
til að hræða þig en við sem
notum íslenskuna berum líka á
henni ábyrgð – það er okkar að
fóstra hana innra með okkur og
 tryggja að hún lifi áfram.

Ólíkar lestraraðferðir

Skimun er líklega sú tegund af lestri sem við notum mest dags daglega. Við hlaupum hratt yfir fyrirsagnir dagblaða og tímarita, stöðuuppfærslur á netinu, blogg færslur og fréttir, auglýsingar og ýmis konar smærri texta. Áður en við lesum mikilvægan texta sem þarfnast djúplestrar, t.d. kafla í námsbók eða blaðagrein, er gott að skima yfir efnið; lesa fyrirsagnir, millifyrirsagnir og myndatexta og fá tilfinningu fyrir efninu. Skimun gagnast líka þegar velja þarf texta til að vinna með, t.d. í ritgerðarskrifum.

Punktalestur er ákveðin tegund af skimun og er notaður til að safna helstu punktum meginmálsins. Þá rennir lesandi augunum yfir textann þar til hann finnur það sem leitað er að og les það vandlega til að vera viss um að hafa réttar upplýsingar. Punktalestur notum við líka við lestur á upptalningu, s.s. í bíóauglýsingum, leiðatöflu strætó og uppskriftabókum.

Djúplestur er nákvæmari en skimun og punktalestur og hann notum við þegar við þurfum að kunna efnið vel og jafnvel alveg utanbókar. Djúplestur er hægur og meðvitaður þar sem lesandinn á í stöðugu samtali við sjálfan sig og spyr sig reglulega:


„Skil ég það sem ég er að lesa?“

Mörgum finnst gott að dýpka lesturinn enn frekar með því að hafa blað og skriffæri við höndina og punkta jafnóðum niður aðalatriði, hugmyndir eða hugleiðingar, jafnvel ræða þær markvisst við bekkjarféлага, vini eða samstarfsféлага. Djúplestur er markviss og meðvitaður lestur þar sem lesandinn fylgist með eigin frammistöðu.

Yndislestur er einfaldlega lestur sem maður hefur sjálfur yndi af; eitthvað sem maður gerir til að hafa gaman. Þetta er mjög mikilvæg lestraraðferð, ekki síst ef þú vilt verða öflugri lesandi. Ástæðan er sú að þetta er afslappaður lestur sem virkjar flest skynfæri, heila, hjarta og ímyndunarafli. Þannig tengist tungumálið og notkun þess djúpt inn í þig og þína tilvist.

14.

Finndu öll sérnöfnin í textanum hér:



Í gegnum tíðina hafa menn tekið eftir því að orð úr mismunandi tungumálum líkjast hvert öðru og velt fyrir sér hvers vegna tungumál eru lík eða ólík. Í Evrópu, eftir kristnitöku, var því haldið fram að allir hefðu í upphafi talað hebresku. Það var tungumálið sem Gamla testamentið var skrifað á og því hlutu Adam og Eva að hafa talað hebresku í Paradís. Í Biblíunni, nánar tiltekið í 11. kafla 1. Mósebók, er svo útskýring á því hvers vegna til varð ógrynni ólíkra tungumála. Í frásögninni segir af mönnum sem ætluðu í sameiningu að byggja svo háan turn að hann næði til himins. Guði féll sú hugmynd ekki vel í geð

og þess vegna greip hann fram fyrir hendur mannanna með því að rugla tungumálum þeirra og koma í veg fyrir að þeir skildu hver annan. Þar með gáfust mennirnir upp á að byggja turninn og tvístruðust þeir um alla jörðina. Sagan af turninum mun eiga rætur að rekja til turns sem tilheyrði musterisbyggingum í borginni Babýlon við Efrat. Orðatiltækið babelsk ringulreið, eða kaos, er til í mörgum evrópskum tungumálum og gefur til kynna þær aðstæður sem sköpuðust eftir að Guð greip inn í og stöðvaði byggingu turnsins með því að rugla tungumálum mannanna.

Þurftir þú að lesa allan textann til að finna sérnöfnin? Hvaða lestraraðferð beittir þú?

15.

Skoðaðu textann og skrifaðu núna niður öll samsettu orðin í honum.


Dæmi um samsett orð: sérnöfn = sér + nöfn.

- Hversu mörg samsett orð fannstu?
- Hvaða lestraraðferð notaðir þú núna?
- Af hverju?

16.

Hver er kjarni málsins?

Lestu textann aftur og gerðu þrjár spurningar úr honum, eins og þú værir að semja prófspurningar.




Sökktu þér ofan í yndislestur!

Staldráðu við og hugsaðu um hvernig bók eða texta þú vildir helst lesa – núna. Hvað kemur upp í hugann? (Má vera hvað sem er). Rifjaðu upp síðustu skemmtilegu lestrarreynsluna þína með tveimur einföldum spurningum:

- Hvenær leið þér síðast vel við lestur?
- Hvað varstu að lesa?

Skrifaðu niður bókartitla eða sögu- tegundir sem vekja áhuga þinn. Spurðu vini þína um spennandi bækur. Prófaðu að opna nokkrar bækur á bókasafninu og lesa fyrstu blaðsíðuna – finndu út hvað höfðar til þín.



Margir hafa mikla unun af því að lesa og grípa auðveldlega í bók sem afþreyingu. En aðrir líta næstum aldrei í bók og fara þannig á mis við þau áhrif sem lesturinn getur haft á tilfinningar okkar og vitsmuni. Þeir sem stunda ekki yndislestur eru einfaldlega í verra lestrarformi og það getur verið erfitt að koma sér aftur í gang í lestri ef maður tapar niður æfingunni.

Það er samt aldrei of seint að snúa þessari þróun við. Ef þú vilt verða öflugri lesandi þarftu að gera það á eigin forsendum – af því að ÞÚ vilt það! Svo þarftu einfaldlega að staðfesta þann vilja með ákvörðun og aðgerðum. Taktu ákvörðun um að lesa eitthvað á hverjum degi, í a.m.k. fimmtán mínútur á dag í bók að eigin vali. Einsettu þér að lesa allt sem þú lest með vitund og athygli. Mundu líka að yndislestur einskorðast ekki við ljóð, smásögur eða skáldsögur. Ef þú hefur unun af fræðibókum, tímaritum eða teiknimyndasögum skaltu líta á það allt sem yndislestur.


Oft er næði og einbeiting mjög mikilvæg, þótt stundum geti maður lesið í miklum látum. Það getur farið eftir eðli textans og dagsformi þínu hvaða lestrarlag hentar þér best. Eins og með annað sem maður vill gera vel er mikilvægt að vanda til verka og ígrunda hvað maður er að gera, að hafa metnað til að leggja á sig smá vinnu til að verða betri og færari – því þegar upp verður staðið mun það skila sér á ótal vegu, s.s. í tímasparnaði, færni og fróðleik ... æfingin skapar meistarann!

Það allra mikilvægasta sem þú þarft að spyrja þig að núna er þetta:

Af hverju vil ég taka ákvörðun um að gerast góður lesandi? Og hvernig ætla ég að fara að því?

17.

Uppáhaldsbókin mín



Hver er uppáhaldsbókin þín?
Skrifaðu 100 orð um hana.

Um hvað er hún? Af hverju er hún í uppáhaldi hjá þér? Hvenær lastu hana fyrst? Hefurðu lesið hana oft eftir það? Til að koma þér á sporið geturðu byrjað verkefnið á því að segja lesandanum af hverju bókin fær þín bestu meðmæli: „Ég mæli með því að þú lesir þessa bók vegna þess að hún ... “

Að þessu loknu skaltu æfa þig heima í að flytja textann til þess að undirbúa þig fyrir kynningu á bókinni fyrir framan bekkinn.

18.

Ræðið í hópum um ykkar uppáhalds lestraraðstæður



Hvernig líður þér best við lestur? Hvar?
Hvernig er lýsingin? Tónlist eða ekki? Heyrnartól eða ekki? Að morgni, í hádeginu eða að kvöldi til? Í rúminu eða við eldhúsborðið? Í stofusófanum? Rétt fyrir svefninn? Í næði eða í kringum fólk?
Henta vissar aðstæður fyrir ákveðnar tegundir af lestri?

19.

Draumaskólinn




Lýstu draumaskólanum þínum! Hvernig eru skólastofurnar? Matsalurinn? Leiksvæðið?
Aðstaða fyrir unglinga? Hvaða námsgreinar eru kenndar? Hvernig læra nemendur? Æfðu flutninginn á erindinu heima. Gættu að réttri öndun (í gegnum nefið og ofan í maga) og skýrum framburði.



„Nýsköpun í tungumálinu hefur stóraukist á meðal unglinga – mesta aukning allra Norðurlandapjóða!“





Lestur er sköpun!

Þú þarft ekki að ákveða að þú sért skapari – þú ert það nú þegar, alla daga og nætur.

Við lesum sjálfkrafa, alltaf, alla ævi – lesum í orð, tákni, raddblæ, andlitsdrætti, þagnir, samhengi, vísanir og ótal margt fleira. Undir niðri skynjum við miklu meira en við gerum okkur grein fyrir. Við getum meira að segja lesið auðveldlega í orð þar sem stafirnir eru brenglaðir.

Svmkmaæt rnsanókn við Cmabrigde hkóásla þá stkpiir ekki mlái í hövaa röð stfiar í oðri eru, það enia sem stikipr mlái er að frtsyi og stíasði stinaurfn séu á rtéutm satð. Aillr hniir sfitarnir gtea vireð í aðljrgu rlgui en þú gtuer smat lseið það aðvuledlgea. Áæðsatn fiyrr þsesu er að mnnashgrniun les ekki hevrn satf friyr sig hleudr oirðð sem hiled.



20.

Bekkurinn rannsakar og gefur skýrslu

Skiptið bekknum niður í 3–4 manna hópa þannig að í hverjum hópi sé a.m.k. einn með myndavél, t.d. í snjallsíma. Hóparnir fara í gönguferð í nágrenni skólans í 20 mínútur og taka myndir af öllu merkilegu, skrytnu, áhugaverðu eða skemmtilegu sem fyrir augu ber. Þegar inn er komið halda nemendur í hverjum hópi kynningu á nokkrum myndum að eigin vali og útskýra í sameiningu af hverju þetta myndefni varð fyrir valinu.

Gastu ekki lesið textann nokkuð auðveldlega þótt stafirnir væru brenglaðir? Heilinn afruglaði textann fyrir þig og þú gast greint hvaða orð ættu að vera þarna svo að textinn rann nokkuð auðveldlega um huga þinn fyrir vikið. Svona ertu nú klár!

Mjög margt í kringum okkur staðfestir þessa tilhneigingu okkar til að skilja hlutina og setja þá í samhengi við eitthvað annað sem við þekkjum fyrir. Við erum alltaf að meta upplýsingar, greina þær og leita að lausn. Eins og þegar maðurinn prentaði þessa stafi á stuttermabol og gekk í honum heilan dag:

ÞÐ ÞRF KK LL STFN TL Ð SMJ LJÐ

Allir sem hann hitti þann daginn þráðu að vita hvað stafirnir þýddu og reyndu óumbeðnir að leysa þrautina. Stafirnir urðu að gátu vegna þess að eitthvað vantaði ... en hvað? Allir löðuðust að gátunni eins og flugur að mykjuskán. Allir vildu leysa gátuna (og sumir gátu það).

Getur þú það?

Í íslensku þarf bæði að nota sérhljóð og samhljóð til að mynda gjaldgeng orð – þótt til séu orð sem hafa einungis eitt hljóð.

21.

Í eftirfarandi stafarunu eru engin sérhljóð. Settu inn sérhljóð að eigin vali og myndaðu eins mörg orð og þú getur úr stafaruninni. Þú mátt rugla stöfunum eins og þú vilt en ekki má bæta við samhljóðum!

LSTR	GT	STRKTRSJÐR
VRKFN	VNGVLTR	SSS
STFRN	HJLBRTT	MLFRÐRGLR
NDLTSKRM	NN	

22.

Hér á eftir vantar hins vegar öll samhljóð. Settu inn viðeigandi samhljóð að eigin vali og myndaðu eins mörg orð og þú getur úr stafaruninni. Þú mátt rugla stöfunum eins og þú vilt en ekki má bæta sérhljóðum við!

E-U	AU-U	A-Ó	A-E-U
Ö-U	É-Ó	Á-A	

Hver stafur í orði gefur eitt stig – teldu hvað þú nærð mörgum stigum og berðu þig saman við bekkjarfélagana í lokin. Var auðveldara að búa til orð úr samhljóðunum eða sérhljóðunum?

Hvað þarf til að gáta sé gáta

– til að gáta gangi upp?

Ræðið um gátur, farið með

skemmtilegar gátur

sem þið munið eftir og

endið á að semja eigin gátur.

Að fylla í eyðurnar



Sumt sem við heyrum ýtir á takka í höfðinu og setur sjálfkrafa af stað eitthvað sem við viljum fylla inn í:

Sprækur eins og ...

Sénsinn ...

Gulur, rauður ...

Á morgun, segir sá ...

Úllen dúllen doff ...

Síðan þú fórst hef ég verið með magakveisu ...

Hvað er þetta svarta ...?

Hvað er þetta græna ...?

Geturðu komið með fleiri dæmi?

Að lokum – þetta um læsi

Hvað fannst mér skemmtilegast í þessum kafla?
En erfiðast?
Af hverju? Hvað vakti sérstakan áhuga minn?
Hvað vil ég skoða betur?

Það mikilvægasta sem þú getur tekið með þér úr þessum kafla er þetta: **Þú – ert – læs.** Nú þegar. Læsi er innbyggt í öll þín skynfæri og þú skilur miklu meira en þú heldur.

Markmiðið er að þú takir þennan hæfileika og brýnir hann enn frekar – að þú verðir smám saman enn betri lesandi á öllum sviðum.

Finndu hvar þinn áhugi liggur! Ekki bíða bara eftir að einhver annar segi þér hvað á að gera og hvernig!

Taktu stöðuna!

Ég... SKILABOÐ

stend klár á því hvað læsi er og hvaða þýðingu það hefur í lífinu.

veit til hvers skammstafanir eru notaðar og hvaða reglur gilda við notkun þeirra.

þekki muninn á skimun og punktalestri.

er með það á hreinu hvaða textategundir kalla á djúplestur.

Textaboð


Ég... SKILABOÐ

tek mér tíma fyrir yndislestur.

þekki muninn á texta sem fræðir og texta sem leiðbeinir.

get farið hratt og villulaust með staf-rófið.

Textaboð




Sorg eða frekja?

- ✓ Skrifaðu færslu á samfélagsmiðlum út frá sjónarhorni barnsins á þessari mynd.
- ✓ Hugsaðu þér að þessi ljósmynd sé notuð í frétt í dagblaði. Um hvað fjallar fréttin? Hver er fyrirsögnin?
- ✓ Myndið þriggja manna hópa og skrifið niður öll orð sem tengjast því að gráta. Hvað getið þið fundið mörg orð? Hvaða hópur finnur flest orð?

Mikill er máttur tungunnar

Markmiðið með þessum kafla er að hita heilann upp enn betur og skoða hvernig við notum tungumálið á ólíkan hátt.



Við höfum sem betur fer langflest aðgang að einhverju merkilegasta fyrirbæri sem fyrirfinnst í heiminum – tungumáli. Íslenska er okkar tungumál. Því miður er stundum látið eins og tungumál sé ekkert mál, í mesta lagi smámál. Stundum er látið eins og þekking okkar og skilningur á tungumálinu sé jafn sjálfsgæður og vatnið sem rennur í læknum. En þannig er það hreint ekki.

Staðreyndin er sú að þú hefur haft mjög mikið fyrir því, frá unga aldri, að læra tungumálið og öðlast á því nægan skilning til að geta beitt því.

Ótal fræðimenn hafa skrifað kenningar um það hvernig manneskjan lærir tungumál en enginn hefur enn komist að fullnægjandi og endanlegri niðurstöðu. Tungumálið er áfram viss ráðgáta.

Tungumálanám og -skilningur virðist því vera eitt af undrum lífsins. Fræðimenn sem hafa rannsakað ung börn hafa t.d. komist að því að þau þróa kunnáttu í móðurmálinu jafnt og þétt og byggja nýja kunnáttu á því sem þau heyra. Margt bendir til þess að einhvers konar tungumálakerfi sé innbyggt í okkur frá fæðingu. Við höfum ótrúlegan hæfileika til að skilja málfræði tungumálsins og hvernig það virkar. Þetta er líka gott að hafa í huga í málfræðináminu – þú átt málfræðina alveg jafnmikið og þú átt tungumálið.

Við notum tungumálið til að tjá allar okkar tilfinningar: Ást, gleði, reiði, sorg og allt þar á milli. Við lesum það, skrifum það, heyrum það og hugsum á því. Tungumálið er algerlega ómissandi á hverjum einasta degi. Ímyndaðu þér hvernig samskipti þú ættir við vini þína ef þú gætir ekki notað tungumálið. Það myndi flækja málin ansi mikið, ekki satt?

Þess vegna er góður skilningur á íslensku gríðarlega mikilvægur fyrir alla, sérstaklega þig – til að þú getir skilið allt sem þér er sagt og til að þú getir tjáð þínar eigin langanir, hugmyndir og skoðanir.

Tungumálið er lykillinn að því að vera virkur þátttakandi í mannlegu samfélagi og markmiðið með íslenskukennslu er að styrkja þig í notkun þess. Án tungumálsins erum við valdalítill og einangruð og eigum erfitt með að hafa áhrif á heiminn og láta drauma okkar rætast.

Í hvað notum við tungumálið?

Við notum það til að:

- ✓ tala saman
- ✓ hugsa
- ✓ skipuleggja
- ✓ fá hugmyndir
- ✓ búa til sögur
- ✓ rifja upp minningar
- ✓ sjá fyrir okkur framtíðina
- ✓ skrifa ljóð
- ✓ stofna fyrirtæki
- ✓ sækja um vinnu
- ✓ segja upp vinnu
- ✓ skrifa innkaupalista
- ✓ og ótal margt fleira

1.

Hvernig segirðu frá?



Finndu áhugaverða frétt og ímyndaðu þér að þú sendir hana í tölvupósti eða á samskiptasíðu til þriggja einstaklinga á ólíkum aldri, t.d. vinar þíns, mömmu og afa. Notarðu sama orðalag fyrir alla þessa einstaklinga? Hvað þarftu að hafa í huga til að skilaboðin sem fylgja með fréttinni passi hverjum og einum?

Draumur í dós!



Nú gefst þér og félögum þínum tækifæri til að setja á markað ykkar eigin drykk og líka eitthvað til að narta í með drykknum.

2.

Hvað þarf að hafa í huga þegar ný neysluvara er sett á markað?

- Hver er markhópur vörunnar?
Börn, unglingar,
fullorðnir, karlar,
konur?
Nammigrísir,
íþróttafólk,
koffínfíklar,
grænmetisætur?
- Hvert er nafn vörunnar?
Innihald?
Umbúðir?
- Hvernig ætlið þið að koma vörunni á framfæri?
Hvaða sölustaðir henta fyrir vöruna?
Þarf að búa til auglýsingar?
Slagorð? Hvar á að auglýsa,
í hvernig miðli? Dagblað,
tímarit, útvarp, sjónvarp,
samskiptasíður,
fréttasíður.



3.

Hver er uppáhaldskvikmyndin þín?



Settu þig í spor kvikmyndagagnrýnanda og fjallaðu um uppáhaldskvikmyndina þína. Þú getur skoðað kvikmyndagagnrýni í dagblöðum og á netinu til að fá hugmyndir um hvernig á að skrifa slíka gagnrýni. Það eru þó nokkur atriði sem þurfa alltaf að koma fram s.s.

- heiti myndar
- framleiðandi
- heiti leikstjóra
- heiti leikara í aðalhlutverki
- stutt frásögn um efni myndarinnar (stuttur útdráttur)
- mat á því hvernig sagan kemst til skila (hefur hún þau áhrif sem henni er ætlað, er hún trúverðug, eru persónur og sögu-svið trúverðugar)
- mat á frammistöðu aðalleikara
- mat á mynd- og hljóðgæðum
- önnur atriði sem þér finnst mikilvæg.

Flestir kvikmyndagagnrýnendur gefa myndum einkunnir, allt frá hausjúpu (mjög léleg) upp í fimm stjörnur. Eftir að þú hefur rýnt í þína uppáhaldskvikmynd er forvitnilegt að heyra hversu margar stjörnur þú vilt gefa henni.

Þú vilt vanda stafsetningu og skilja málfræði ... en af hverju?

Í fljótu bragði er hægt að segja að stafsetning snúist um góðan frágang en málfræðin snúist um að kortleggja grunnlögmál tungumálsins og skilja þau betur. En af hverju viltu t.d. læra stafsetningu og gæta þess að þú skrifir rétta íslensku og af hverju viltu læra á málfræðina og tala með réttum hætti?

Þú vilt það því að þú vilt að aðrir taki mark á þér. Tökum einfalt dæmi. Hér fyrir neðan er mjög ýktur texti sem er beinlínis morandi í stafsetningarvillum. Prófaðu að lesa hann og sjáðu hvernig þér líður:

*Kæjri mótagandi,
ég vill sækja umm vinu hjá ther í sumar,
hveddnig list þer a það? É vill bara fáa
sem mest af penigum og líka vill ég bara
vinna sem styðstan vinudag því éger
með leti skiluru. First þegar ég vann hjá
Hermani frænda mínum firir á síðsata
sumri fékk ég fult af launum og han
segur að hanngeti gefið þér meðmali með
mér ef að þú villt fá. Alt sem ég vil og
pabi og mamam líka er að ég geti kaupit
minns eigins nammi því að þau seija mér
að þau ekki vilja eiða svona miklu ening í
sikurdrass!!
EF þú átt vinnu mér hrindu þa í minn
sem er 987-6543 eðasendu sms eða
póst á tövlupóstin minn hvadefalltsemvid-
laesumvaeriskrifadsvona@islendingur.is
takk.*

Hvað gerist þegar viðtakandinn reynir að lesa þessa atvinnuumsókn? Hann verður fyrst og fremst mjög ruglaður í ríminu!

Viðtakandinn þarf bókstaflega að afrugla bréfið og þýða það yfir á skiljanlega íslensku til að vita hvað það er sem bréfitari vill og hvað hann stendur fyrir. Sem er alls ekki það sem hann vill gera – hann vill bara ráða manneskju í vinnu á einfaldan hátt, sem fyrst. Svona texti þreytir því lesandann mjög mikið og býður þar að auki upp á alls kyns misskilning.

4.

Hvað er athugasemjakerfið við þetta bréf?
Hvaða atriði þarfnast lagfæringar?

5.

Skoðaðu undirstrikuðu orðin vel. Hvernig á að skrifa þau? Hvaða stafsetningarreglur gilda við ritun þeirra? Það flýtir fyrir þér að greina orðflokk þeirra áður en þú leitar uppi reglurnar!

6.

Skrifaðu bréfið upp og gættu að stafsetningu og góðu málfari.

Mundu handbækur!

Enginn er fullkominn í íslensku.

Allir gera einhverjar stafsetningarvillur, stundum. Meira að segja við sem skrifum þessa bók. En það er á okkar eigin ábyrgð að gera eitthvað í því. Sá sem tekur eftir því að hann hefur tilhneigingu til að gera einhverja ákveðna villu – t.d. að skrifa orðið „tíska“ með ypsílóni – þarf að gera eitthvað í því; minna sig á það og vanda sig meira, t.d. með því að fletta upp í orðabók. Hann gerir það því hann vill auka færni sína.

Málfræði er heldur ekki eitthvað fyrirbæri sem kennarar fundu upp til að kvelja nemendur. Málfræði er eins og beinagrind tungumálsins, það sem heldur því uppi og lætur það virka. Hún auðveldar okkur að skilja að orð gegna mismunandi hlutverkum í málinu. Hver einasta tegund orða er ómissandi og það er mikilvægt fyrir þig að átta þig á því.

7.

Ísskápurinn er svo gott sem tómur og kexskúffan líka. Skrifaðu niður innkaupalista fyrir ferðina í matvöruverslunina.

8.

Ef þú mættir ekki nota nafnorð á innkaupalistanum, hvernig myndir þú skrá niður það sem þú ætlar að kaupa? Skrifaðu listann aftur upp og nú án nafnorða. Auðvelda nafnorðin þér að gera innkaupalista? Eru nafnorð nauðsynleg? Af hverju?

Ástkæra móðir! Yndislega, hlýja, alltumlykjandi, kæra, ljúfa, góða, elskandi, alltumvefjandi, elskulega ...

Það er hægt að orða hluti á afar ólíkan hátt, enda eru til ótal samheiti yfir langflest orð í íslensku. Sum eru hátíðleg og stíf, önnur flippuð og frjáls. Sum eru líka algerlega óskiljanleg!

9.

Hér er stuttur texti úr sögunni um Matthildi. Notaðu samheitaorðabók til að skipa út feit-lettruðu orðunum.

Það er nógu **slæmt** þegar foreldrar koma fram við **börn** sín eins og þau væru líkþorn eða dautt skinn, en það verður einhvern veginn enn verra þegar börnin, sem hlut eiga að máli, eru hreint **einstök** og með því á ég við að þau séu bæði **gáfuð** og **tilfinninganæm**. Matthildur var hvort tveggja, en umfram allt var hún fluggáfuð. **Hugur** hennar var svo **fimur** og hún var svo **fljót** að læra að þessi **eiginleiki** hennar hefði átt að vera augljós jafnvel **heimskustu** foreldrum. En herra og frú Ormar voru bæði svo hugsunarlaus og svo flækt í **ómerkilegt lífsmynstur** sitt að þau tóku ekki eftir neinu óvenjulegu í fari dóttur sinnar. Í **sannleika** sagt, þá efast ég um að þau tækju eftir því þótt hún skriði fótbotin inn á **heimilið**.

Málfræðimoli um nafnorð

Nafnorð eru nöfn eða heiti á lifandi verum (fiðrildi), fólki (Ásta), stöðum (Bakkagerði), dauðum hlutum (grjót), hugtökum (ást) og athöfnum (fjallganga). Hvernig sjáum við svart á hvítu hvaða virkni nafnorð hafa? Skoðaðu þetta:

Spurning: Viltu rétta mér þetta gula, hringlótta sem er í þessu hvíta, slétta, harða og djúpa sem er á þessu brúna, háa og langa sem þú stendur við?

Svar: Hvað ertu að meina? Þetta gula til að sparka í eða þetta gula til að kreista út í þetta glæra fljótandi eða þetta til að bíta í? Eða kannski þetta sem við notum til að þvo upp úr?

Væri ekki auðveldara að hafa nöfn á þessu gula, hvíta og brúna?

Viltu rétta mér **sítrónuna** sem er í **ávaxtaskálinni** á **eldhúsbekknunum**?

Sumir eiga í verulegum erfiðleikum með að stafsetja og lesa rétt og eru jafnvel haldnir lesblindu. Slíku er hægt að sýna fullan skilning. En langflestir geta samt tamið sér að tala og skrifa góða íslensku með þjálfun (þeir þurfa bara að ákveða að vilja það).

Það er til að mynda mikill munur á nafnorðinu „kryddbrauð“ og lýsingarorðinu „dúllulegur“. Þau gegna gjörólíkum hlutverkum innan tungumálsins en eru bæði algerlega ómissandi. Þegar fjallað er um málfræði í verkefnabókinni er mikilvægt að þú skiljir að **hver orðflokkur er eins og bráðnauðsynlegur vélarhluti og að án hans myndi vélin ekki virka.**

10.

Skoðaðu þennan texta:

Fiskar hafa mikla sköpunargáfu og finna sér oft starf sem tengist listum, gjarnan ljóðlist eða rómantískum bókmenntum, og margir Fiskar eru tónlistarmenn eða vinna við kvikmyndir. Fiskar hafa líka einlægan áhuga á náttúrunni og umhverfisvernd, trúarbrögðum og félagslega bágstöddu fólki, svo störf á þeim vettvangi gætu veitt þeim mikla ánægju. Draumlyndi Fisksins veldur því hins vegar að hann verður oft fyrir vonbrigðum í lífinu og hann mætti gjarnan tileinka sér raunsærri lífssýn á ýmsum sviðum.

Og svo þennan hér:

___ hafa mikla ___ og finna sér oft ___ sem tengist ___, gjarnan ___ eða rómantískum ___, og margir ___ eru ___ eða vinna við ___. ___ hafa líka einlægan ___ á ___ og ___, ___ og félagslega bágstöddu ___, svo ___ á þeim ___ gætu veitt þeim mikla ___. ___ veldur því hins vegar að hann verður oft fyrir ___ í ___ og hann mætti gjarnan tileinka sér raunsærri ___ á ýmsum ___.

Hvað breyttist? Hvaða áhrif hefur sú breyting? Er hægt að skilja seinni textann?

11.

Leiktu þér að því að setja inn orð í stað eyðanna í seinni texta 10. verkefnis en passaðu að hafa samhengi í textanum.

Hlutlæg orð tákna ápreifanlega hluti, lifandi eða dauða s.s. köttur, bók, vatn og steinn.


Huglæg orð tákna það sem ekki er ápreifanlegt s.s. ást, gleði, loft, draumur og lestur.

12.

Skoðaðu aftur textann í 10. verkefni og flokkaðu nafnorðin eftir því hvort þau eru hlutlæg eða huglæg. Voru einhver orð sem þú áttir erfitt með að greina á milli?

13.

Ertu fiskur, ljón eða sporðdreki? Semdu „stjörnuþá dagsins“ fyrir hvert stjörnumerki. Láttu stjörnuþánnar vera ýmist fyndnar eða dramatískar.



Það borgar sig að þekkja helstu málfræðireglur. Þær eru einfaldlega eins og beinagrindin í tungumálinu – undirstaðan sem heldur tungumálinu saman. Og það er afar gagnlegt að þekkja hvernig beinagrindin virkar, líka til að geta á auðveldari hátt lært önnur tungumál. Þetta hangir nefnilega allt saman!

Málfræðihugtök eru einfaldlega heiti yfir mynstur í tungumálinu. Hvert hugtak er hugsað sem hjálpartæki og til þess að það virki dugir ekki að vita hvað það heitir – þú þarft að skilja hvernig það hjálpar þér!

Fallbeyging er eitt megininkenni nafnorða. Nú þegar kanntu að fallbeygja flest íslensk orð og það lærðir þú án mikillar fyrirhafnar, eiginlega ómeðvitað. Það er kannski ekki lífshættulegt að fallbeygja eða stafsetja vitlaust, en það getur samt valdið töluverðum misskilningi. Hver er t.d. munurinn á því að koma með vin á skólaball eða með vini á skólaball? Hver er munurinn á þessu:

„Viltu fara með mér á skíði?“
„Viltu fara með mig á skíði?“

Finndu fleiri dæmi þar sem fallbeygingin er merkingarbær – þar sem hún hefur bein áhrif á merkingu setningarinnar.

Skoðaðu þessi orð:

nf.	hestur	prestur	nf.	hestar	prestar
þf.	hest	prest	þf.	hesta	presta
þgf.	hesti	presti	þgf.	hestum	prestum
ef.	hests	prests	ef.	hesta	presta

Tókstu eftir því að ákveðinn hluti orðanna breyttist ekki í fallbeygingunni?

Sá hluti er kallaður **stofn og finnst í þolfalli eintölu**. Það sem kemur á eftir stofninum í öðrum föllum kallast beygingarendingar. Ein tegund orðmyndunar kallast stofnsamsetning. Dæmi: Hest – hús. Bíl – skúr. Eld – hús. Sérðu af hverju?

Mörg orð fallbeygjast eins, þ.e. hafa sömu beygingarendingar (eins og hestur og prestur) og það er ein ástæða fyrir því að þú kannt þegar að fallbeygja flest orð. Þú flettir upp í orðasafni heilans og mátar orð sem þú ert óviss um og finnur annað orð sem fallbeygist eins.

14.

Reyndu að finna fleiri orð sem fallbeygjast eins og hestur.

Til að flækja málin aðeins þarftu að vita að þegar nafnorð endar á sérhljóða (a, u, i) í þolfalli eintölu, þá fellur sérhljóðinn niður í stofninum:

nf.	kona	hani
þf.	konu	hana
þgf.	konu	hana
ef.	konu	hana

Stofninn af kona er kon og stofninn af hani er han.


Kenniföll

Kennifall er eitt fjölmargra hugtaka úr málfræðinni sem gott er að þekkja. Orðhlutinn kenni- í orðinu kennifall þýðir að þekkja, þannig að kennifall hjálpar þér að þekkja orðið og hvernig það er fallbeygt.

Orðið kirkja á sér þrjú kenniföll:

	et.	ft.
nf. (Hér er)	kirkja	kirkjur
þf. (um)	kirkju	kirkjur
þgf. (frá)	kirkju	kirkjum
ef. (til)	kirkju	kirkna

Í orðabókum er orðið kirkja skráð svona: kirkja -u, -ur KVK.



kirkja -u, -ur KVK trú 1 guðshús (kristinna manna)
▷ vera við kirkju hlýða messu 2 trúarsamfélag
▷ kristin kirkja / kirkja Kristis / þjóðkirkja / kirkjudeild

Fyrir hvað standa -u og -ur? En KVK?
Áttar þú þig á hvernig kenniföll geta hjálpað þér við fallbeygingu orða sem þú ert ekki alveg viss hvernig á að fallbeygja?
Geturðu útskýrt af hverju kenniföll eru stundum nefnd orðabókarmynd nafnorða?

15.

Finndu kenniföll þessara orða: höfundur, hnifur, nál, rós, tré og land. Notaðu fyrst eigin kunnáttu og ályktunarhæfni en gríptu til orðabókarinnar ef þú ert óviss.

16.


Þetta þér í hug einhver nafnorð sem þú ert ekki alveg viss um hvernig á að fallbeygja? Finndu a.m.k. fimm orð, skrifaðu þau hjá þér, flettu þeim síðan upp og æfðu þig að fallbeygja þau í huganum.

Hvernig fallbeygjast orðin systir, móðir, bróðir, faðir, fé, fjörður, ær og kýr?

Beygingarflokkar þessara orða eru sjaldgæfir, þ.e. fá orð fylla flokk þeirra og því hafa margir tilhneigingu til að hoppa yfir í algengari beygingarflokk og beygja þau eftir algengara beygingarmynstri.

Flest nafnorð geta staðið í eintölu og fleirtölu, t.d. ein bók, margar bækur.

Sum orð eru þó eingöngu til í eintölu – og önnur aðeins í fleirtölu. Dæmi: Skæri, mjöl, buxur, naglaklippur, fólk.



17.

Skoðaðu nafnorðin í þessum texta vel. Hver þeirra eru aðeins til í eintölu? En í fleirtölu? Hver geta staðið í báðum tölum?

Til að auðvelda þér verkið skaltu nota orðabók.

Upp úr miðnætti lagðist ég á koddann en ákvað að vera kærulaus og hresslegur og slepti því alveg að fara úr buxunum. Ánægjan með daginn hríslaðist um allan skrokkinn því jólin voru á næsta leit; pabbi og ég höfðum svo sannarlega leikið góða feðga í dag og tekið hús á nágrönnunum með fullar hjólbörur af

bakkelsi og skrauti fyrir jólin, allir útataðir í mjólk, hveiti og sykri eftir að hafa bakað smákökur í mörgum sortum. Fjáröfluninni átti að ljúka á morgun og ferðalagið stóð fyrir dyrum, rétt svo handan við hornið! Spennungurinn hríslaðist úr hvirflinum, niður í herðar og út um tærnar í gegnum bakið – þetta yrði sko upplifun upp á verðlaunapening úr gulli ... eða silfri ... eða bronssi ... eða kopar ... eða bara ... eða bara einhverju alveg rosalega skínandi og merkilegu! Ég bara gat ekki beðið!

Skoðaðu þessar minnisvísur eftir Höskuld Práinsson.

Nokkur eintöluorð:

Kaffi, sykur, hveiti, mjólk, kopar, silfur, bræði, kæfa, lýsi, kæti, tólga, kerskni, ástúð, mæði.

Nokkur fleirtöluorð:

Mjaltir, snoðir, mæðgur, glöp, mægðir, feðgar, kenjar, börur, herðar, buxur, sköp, birgðir, tengdir, menjar.

Að lokum – þetta um máttinn í tungumálinu

Ef þú velkist í vafa um áhrif tungumálsins þarftu bara að hugsa um blótsyrði og af hverju okkur er meinilla við þau. Hugsaðu þér að þú sitjir í stól og einhver sem er bálreiður við þig standi yfir þér og kalli þig öllum illum nöfnum, húðskammi þig og geri lítið úr þér. Hvernig líður þér? Viltu fá þessi orð yfir þig? Nei, auðvitað ekki. En af hverju ekki?

Vegna þess að orðin hafa mikil áhrif, líkamleg og andleg. Hér er þetta niðursoðið, í stuttu máli, því kjarni málsins er, satt best að segja:

Ef þú hefur gott vald á íslensku áttu auðveldara með að tjá skoðanir þínar og langanir og vera virkur þátttakandi í samfélaginu. Mátturinn í tungumálinu er mikill – en þegar upp er staðið ert það samt þú og þinn hæfileiki til að skilja og greina sem skiptir öllu máli.

Hvað ef þú gætir ekki talað? Hvernig kemurðu skilaboðunum áleiðis? Aðstæður: Þú ert að labba með vini þínum í umferðinni og þarft að vara hann við yfirvofandi hættu. Hvernig gerirðu það?

Taktu stöðuna!

Ég... SKILABOÐ

get nefnt mörg dæmi um í hvað og til hvers ég nota tungumálið.

veit af hverju er mikilvægt að þjálfra læsi.

kann fimm stafsetningarreglur upp á há.

veit hvaða þýðingu nafnorð hafa í tungumálinu.

þekki muninn á huglægum og hlutlægum orðum.

○ Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ

veit af hverju fallbeyging skiptir máli.

kann að finna stofn nafnorða.

kann að nota orðabók til að skoða fallbeygingu orða.

veit til hvaða ráða ég get gripið ef ég er ekki viss hvernig á að fallbeygja nafnorð.

geri mér grein fyrir hvað getur gerst ef engar málfræðireglur væru til.

○ Textaboð Senda

Vasabókarbrot Péturs Gunnarssonar



Sjáðu fyrir þér þessa einföldu mynd sem Pétur Gunnarsson teiknar upp og skrifaðu ljóð út frá henni:

*„Mér finnst svo skrítið hvernig líkaminn getur hugsað“, segir barnið í morgunverðinum.
Á næsta andartaki hnerrar hann og prumpar í sömu hviðu. Viðtækið svo tært og hreint.
Engin aukahljóð, engar truflanir, enginn kvíði.*

Til aðstoðar:

- ✓ Byrjaðu á að velja titil á ljóðið. Hvernig viltu hafa titilinn? Fyndinn, dramatískan, hlutlausan?
- ✓ Hugsaðu um það hvað er merkilegast við þessa mynd eða þetta litla atvik.
- ✓ Settu þig í spor barnsins, pabbans eða jafnvel mömmu eða systkina sem líka sitja við morgunverðarborðið og lýstu því í nokkrum orðum hvað þau hugsa.

Hvað fannst mér skemmtilegast í þessum kafla? Hvernig get ég komið auga á vald mitt yfir tungumálinu? Og vald annarra yfir mér – með tungumálinu?

Finndu hvar þinn áhugi liggur! Það er nefnilega í þínum verkahring að prófa þig áfram í íslenskunni og þú getur gert það hvern einasta dag!

Fjölmiðlar eru læsilegir

Markmiðið með þessum kafla er að þjálf þig í lestri fyrirsagna og fréttar; að þú skiljir margræðni orða og hvaða vald þau geta haft yfir hegðun okkar – t.d. því hvaða fréttir við skoðum og hverjar við leiðum hjá okkur.



Þegar fréttir eru skrifaðar er gott að hafa í huga h-in fimm:

- ✓ Hvað gerðist?
- ✓ Hvar átti atvikið sér stað?
- ✓ Hvenær gerðist það?
- ✓ Hvernig atvikaðist það?
- ✓ Hvers vegna gerðist það?

Nýtt hraðamet í lestri!

Nútímamaðurinn er svo snöggur að lesa að hann fer alvarlega fram úr sér við lesturinn og setur ný heimsmet í því að draga ályktanir og það á methraða út frá takmörkuðum forsendum. Þetta veit fjölmiðlafólk og það veit líka að margir sem fletta blöðunum eða vafra á netinu skima einungis fyrirsagnirnar og lesa eða smella í mesta lagi á eina eða tvær fréttir. Þetta gefur fyrirsögnunum mjög mikið vald og vægi. Fyrirsögn sem er orðuð á spennandi og áhugaverðan hátt verður umsvifalaust mikið lesin á netinu, jafnvel þótt efni hennar sé í sjálfu sér ekki spennandi.

Hvernig á að skrifa frétt?

Hvað þarf að hafa í huga þegar skrifa á frétt? Ein leiðin til að læra formið er að fletta einfaldlega dagblaði eða netmiðli og skoða uppsetninguna. Á hverju er byrjað? Hvað kemur svo? Á hverju er endað? Þú þarft ekki að finna upp hjólið, sjáðu bara hvernig blaðamenn fara að!

1.

Fyrirsagnir og fréttaskrif: Fyrsti hluti

Hér eru þrjár raunverulegar fyrirsagnir úr íslenskum fjölmiðlum sem eru vægast sagt tvíræðar og sumar þeirra slaga upp í að vera þrí- eða fjórræðar. Þetta eru fyrirsagnir sem misskilja sjálfar sig eða byggja á röngum mis- skilningi eða skilmysingi ... og þær henta vel í leik fyrir lífsglaða unglinga.

Hafðu í huga að leysa þetta verkefni með einföldum hætti. Byrjaðu á því að skrifa frétt upp úr einni af þessum þremur fyrirsögnum – eins og þú skilur hana. Láttu leikinn ráða för og ímyndunaraflíð njóta sín!

Fyrirsagnir og fréttaskrif: Annar hluti

Á næstu blaðsíðum eru svo fréttirnar sjálfar. Heldurðu að fyrirsagnirnar hafi verið orðaðar viljandi á þennan tvíræða hátt? Kannski til að stuðla að auknum lestri?

Lestu fréttirnar til að sjá sannleikann á bak við þær og skrifaðu svo þrjár fyrirsagnir við þínar eigin fréttir sem þú skrifaðir í verkefninu hér að framan.

Fjórir látnir lausir að lokinni krufningu

Það sem er tvírætt er hægt að skilja á fleiri en einn veg; það er líklegt til að valda mis- skilningi. Í fyrirsögnum fréttu er oft leikinn þessi leikur – þær fjalla í raun um eitthvað allt annað en ætla mætti.

Til að skilja þetta enn betur geturðu skoðað orðið ótvírætt.

Látnir þvo strætisvagna á nóttunni

GEIMVERUR LOKA NÁTTÚRUPERLU

2.

Skrifaðu þrjár dæmigerðar fyrirsgnir fyrir þessa frétt.

Fjórir látnir lausir að lokinni krufningu

Rannsóknarlögregla ríkisins hafði í gær þrjá karla og konu í haldi vegna rannsóknar á hvernig andlát fertugs manns, sem fannst látinn í húsi í Austurbænum, hefði borið að höndum. Eftir bráðabirgðakrufningu, en niðurstöður hennar lágu fyrir á tólfta tímanum í gærkvöldi, þótti ljóst að dauði mannsins yrði ekki rakinn til lítilsháttar ytri áverka sem á honum fundust, og var fólkið þá í átið laust að lokinni skýrslutöku.

3.

Skrifaðu þrjár fyrirsgnir í gamansömum og stríðnum stíl fyrir þessa frétt.

Látnir þvo strætisvagna á nóttunni

– „Kemur varla til framkvæmda“ segir Gísli Kr. Lórenzon, aðstoðarslökkviliðsstjóri.

„Ég held að þessi hugmynd komi varla til framkvæmda. Ef við miðum við þann fjölda manna sem er á vakt í dag þá er þetta útilokað mál. Ég tek þó fram að við erum að sjálfsögðu tilbúnir til viðræðna við bæjarstjóra um hagræðingu, ef hann telur slíkt nauðsynlegt,“ sagði Gísli Kr. Lórenzon, aðstoðarslökkviliðsstjóri á Akureyri, þegar hann var inntur álitis á þeirri hugmynd Sigfúsar Jónssonar, bæjarstjóra, að láta slökkviliðsmenn þvo strætisvagna Akureyrar á næturnar.

Hugmynd Sigfúsar kom fram í útvarpsviðtali við hann fyrir skömmu, og telja menn að með þessu móti hafi átt að spara fé í bæjarrekstrinum. Að sögn Gísla eru þrír menn á hverri 12 tíma vakt á slökkvistöðinni. Komi slysaútkall fara tveir menn í að sinna því, en komi annað útkall á meðan fer þriðji maðurinn einn í það. Komi brunaútkall fara allir mennirnir út og stöðin er mannlauus á meðan, en lögreglan hlustar á öll samtöl í neyðarsímanum og bregst við ef á þarf að halda. Vegna frábærs samstarfs lögreglu og slökkviliðs hefur þetta fyrirkomulag gengið upp en dæmi eru til þess að lögreglan hafi

þurft að manna slökkvistöðina ef allir brunaverðir eru í útkalli.

„Ég tek það fram að bæjarstjóri hefur ekki rætt þessa hugmynd við okkur. Mennt verða að athuga að við erum reiðubúnir 24 tíma á sólarhring og komi eitthvað fyrir þá er ekki spurt að því hvaða dagur sé eða hvaða tími sólarhringsins. Seinni árin höfum við farið rúmlega þrisvar á dag í slysa- eða sjúkraflutninga og þessi útköll eru fyrirvaralaus. Út frá þessu held ég að það samrýmist ekki starfi sjúkraflutningsmanna að vera að þrifa strætisvagnana.“

4.

Skrifaðu þrjár fyrirsagnir í dramatískum stíl fyrir þessa frétt. Ræðið í hverju tvíráðnin felst í fyrirsögnum fréttana.



8 fréttir

Geimverur loka náttúruperlu

Aðgangur almennings að Dettifossi verður takmarkaður í tvo daga á meðan tókur á geimverumyndinni Prometheus, í leikstjórn Ridley Scott, fara fram síðar í mánuðinum. Tökur á myndinni hófust á mánudag við rætur Heklu.

Hundruð ferðamanna koma að fossinum dag hvern. Tvær leiðir eru þeim venjulega opnar, vesturleiðin sem heyrir undir Vatnajökulsþjóðgarð og austurleiðin sem heyrir undir Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun hefur gefið grænt ljós á tókur austan megin við fossinn og verður lokað fyrir aðgang þar. Umsókn um tókur vestan megin er enn á borði þjóðgarðsvarðar en verður afgreidd síðar í vikunni. Verði hún samþykkt verður aðgengi takmarkað og gömul leið opnuð.

„Takmarkanir munu ekki hafa nein afgerandi áhrif á ferðamennsku á svæðinu,“ segir Hjörleifur Finns-son þjóðgarðsvörður.

Tökuliðið hefur gengist undir skilyrði sem Umhverfisstofnun setur, meðal annars að skila þurfi svæðinu jafngóðu ef ekki betra en það var áður en tókur hófust.

Þór Kjartansson, starfsmaður íslenska fyrirtækisins True North sem vinnur að myndinni, segir að lítið sem ekkert verði raskað við náttúrunni við Dettifoss enda tókustaðurinn náttúruvætti. Hann segir fyrirtækið hafa átt gott samstarf við Umhverfisstofnun, starfsmenn þjóðgarðsins, sveitarfélög, sýslumenn og ferðaþjónustuaðila. Um 360 manns koma að verkefninu, þar af 160 Íslendingar.

5.



Að klippa og líma og snúa út úr

Fyrirsagnir eru frábærar til að sýna fram á mikilvægi orðflokka. Um árabíl stunduðu Íslendingar þá iðju að selja skreið til ýmissa landa, þ.á m. til nokkurra Afríkulanda (skreið er afhausaður, þurrkaður fiskur). Nígíriubúar elskuðu skreiðina okkar og við seldum mikið af henni þangað – og þess vegna var ekkert skrytið þótt þessi fyrirsögn birtist einn daginn í blöðunum:

Skreið til Nígíeríu

Þegar maður les þessa fyrirsögn túlkar maður orðið skreið annaðhvort sem sagnorð eða nafnorð. Takmarkað plássið sem fyrirsögnin hefur gerir að verkum að blaðamaðurinn þarf að sleppa þeim orðum út úr setningunni sem gætu hjálpað okkur að ákveða hvað er rétt og hvað ekki.

- Notið dagblöð eða netið til að finna fleiri skemmtilegar, kjánalegar, spennandi eða misvísandi fyrirsagnir.
- Notið fyrirsagnirnar til að skrifa eigin fréttir, sögur eða ljóð. Finnið á eigin skinni hversu lítið þarf til að kveikja á sköpunargáfunni. Hér er ein sígild til að koma ykkur á sporið:

Eistum sleppt úr haldi

Málfræðimoli um fornöfn

Fornöfn hafa fleiri en eitt hlutverk enda skiptast þau í sex flokka. Flest eru notuð til að koma í veg fyrir endurtekningar nafnorða. Önnur leggja áherslu á það sem um er rætt og enn annar flokkurinn vísar til eiganda þess sem um er rætt.

Hvernig sjáum við svart á hvítu hvaða virkni fornöfn hafa? Með því að koma auga á það hvernig þau hjálpa okkur að skilja, betur og betur. Sjáðu:

Til að koma í veg fyrir endurtekningar nafnorða:

Sveinbjörg: „Mamma! Veistu um takkaskóna sem Sveinbjörg á? Sveinbjörg finnur ekki skóna.“

Sveinbjörg: „Mamma! Veistu hvar takkaskórnir **mínir** eru? **Ég** finn **þá** ekki.“

Til nánari skilnings:

Jóhann: „Pabbi, komdu og sjáðu. Þarna er konan sem hjálpaði mér áðan.“

Pabbi: „**Hver þeirra?** Þarna eru **margar** konur.“

Jóhann: „**Þessi** í svörtu kápunni.“

Pabbi: „**Sú** sem situr í græna sófanum?“

Jóhann: „Nei, **hin** sem stendur við hliðina á **honum**.“

Fornöfn

6.

Hver er munurinn á þessum tveimur textum?
Hvorn textann finnst þér þægilegra að lesa?
Af hverju?

Með ekka eftir sigur á ólympíuleikum

„Í leikskóla sagði Jón Margeir alltaf: Jón Margeir dedur ekki, dedur ekki. Það þýddi Jón Margeir getur ekki. En Jón Margeir er búinn að sýna núna að Jón Margeir getur,“ segir Erla Margrét Sverrisdóttir, föðuramma hins rétt tæplega tvítuga Jóns Margeirs Sverrissonar, gulldrengs Íslands. „Jón Margeir uppskar eins og Jón Margeir sáði.“ [...]

„Erla Margrét, amma hátt á sjötugsaldri, hoppaði og öskraði. Erla Margrét hreinlega varð brjáluð. Augnablikið þegar Jón Margeir kom fyrstur að bakkanum, það brjótast allar tilfinningar út. Erla Margrét hefði ekki getað ímyndað Erlu Margréti þetta. Sigurinn er meiri-háttar,“ segir Erla Margrét. „Og tilfinningaflóran þegar pabbi Jóns Margeirs kemur með Jón Margeir labbandi út úr sundhöllinni. Erla Margrét var nú hætt að gráta, en að sjá Jón Margeir standa þarna. Erla Margrét var með ekka. Þá brustu Jón Margeir, amman, pabbinn, mamman, systirin og bróðirinn í grát. Gráturinn var hreinar gleðitilfinningar enda einstakur viðburður; „Once in a lifetime“.“

Með ekka eftir sigur á ólympíuleikum

„Í leikskóla sagði hann alltaf: Ég ded ekki, ded ekki. Það þýddi ég get ekki. En hann er búinn að sýna núna að hann getur,“ segir Erla Margrét Sverrisdóttir, föðuramma hins rétt tæplega tvítuga Jóns Margeirs Sverrissonar, gulldrengs Íslands. „Hann uppskar eins og hann sáði.“ [...]

„Ég, amma hátt á sjötugsaldri, hoppaði og öskraði. Ég hreinlega varð brjáluð. Þetta augnablik þegar hann kom fyrstur að bakkanum, það brjótast allar tilfinningar út. Ég hefði ekki getað ímyndað mér þetta. Þetta er meiri-háttar,“ segir hún. „Og tilfinningaflóran þegar pabbi hans kemur með hann labbandi út úr sundhöllinni. Ég var nú hætt að gráta, en að sjá hann standa þarna. Ég var með ekka. Það brustu allir í grát. Þetta voru hreinar gleðitilfinningar enda einstakur viðburður; „Once in a lifetime“.“



Fornöfn hafa ýmis mikilvæg hlutverk í tungumálinu og það helsta er að koma í veg fyrir sífelldar endurtekningar nafnorða – þau eru nokkurs konar fulltrúar nafnorða.

Fornöfn skiptast í sex flokka:

- persónufornöfn
- eignarfornöfn
- ábendingarfornöfn
- spurnarfornöfn
- afturbeygt fornafn
- óákveðin fornöfn



7.

Hvað segja heitin á fornafnaflokkunum þér um hlutverk þeirra? Þegar þú hefur velt þessu vel fyrir þér skaltu fletta upp í málfræðibók og finna út hvaða fornöfn tilheyra hvaða flokki. Hver eru persónufornöfnin? Hvenær notum við persónufornöfn? Hvað með hina flokkana?



8.

Hvað er að gerast á myndunum hér á síðunni? Gefðu krökkunum nöfn og segðu bekkjarfélagi þínum frá því sem er að gerast á myndunum. Þú mátt ekki nota fornöfn. Hvernig varð frásögnin þín? Var mikið um endurtekningar? Hafðir þú þolinmæði í að endurtaka nöfn allra, alltaf?



Fleiri fyrirsgnir

Fyrirsagnir í nútímafjölmiðlum eru margar mjög krassandi og hlaðnar merkingu. Þær eru oft til þess fallnar að vekja forvitni okkar og fá okkur til að lesa fréttina. Hér eru þrjár fyrirsgnir – líttu á þær.

Óútskýrt mannlát lætur hann ekki í friði

Þau allra óttalegustu

Þurfum líka aðeins að hefna okkar

9.

Skoðaðu hvaða hlutverk fornöfnin hafa í fyrirsögnunum. Til hvers eða hverra vísa þau?

Óútskýrt mannlát lætur hann ekki í friði

Hver er *hann* og hvaða mannlát hefur þessi áhrif á hann?

Þau allra óttalegustu

Hver eru *þau*? Hvers vegna eru *þau* óttalegust?

Þurfum líka aðeins að hefna okkar

Hverjir þurfa að hefna sín? Á hverjum? Af hverju?

Settu þig í spor blaðamanns og skrifaðu undirfyrirsögn við fyrirsgnirnar í verkefninu þar sem fram kemur hver persónan/persónurnar eru á bak við fornöfnin og örstutt um hvað fréttin fjallar.

10.

Hvaða orðflokk vantar í þessar fyrirsgnir?

Fékk hringingu af Litla-Hrauni

Vilja frekar sofa úti

Strauk frá Skagaströnd

11.

Og enn fleiri fyrirsgnir:

Fimm fullar hjólbörur af rottum

Tugir tonna á hverjum degi

Frambjóðandi á kaffipokum

Hvaða orðflokk vantar í þær? Af hverju ætli honum hafi verið sleppt? Hefur það áhrif að hann vantar? Endurskrifaðu fyrirsgnirnar og settu orðflokkinn sem vantar. Hverju breytir það?

„Ökumaður í gallabuxum missti stjórn á hjóli sínu“

Þetta er raunveruleg fyrirsögn. Heldurðu að blaðamaðurinn hafi skemmt sér vel við að skrifa hana? Eða var hann bara ekki vaknaður?

Hvaða áhrif hef ég?



Hvað segja auglýsingar í raun og veru?

Litir, tákni, leturgerðir, sjónarhorn, mynd, orðalag, grafísk hönnun – allt þetta og fleira til sendir okkur skilaboð um eitt eða annað. Það er alltaf verið að segja okkur eitthvað. Einfalt dæmi um þetta geturðu séð ef þú skoðar vöruauglýsingar frá matvöruverslunum. Allar selja þær okkur mat, en sumar leggja áherslu á verð á meðan aðrar leggja áherslu á gæði og vöruúrval. Þetta endurspeglast í auglýsingum þeirra, í litavali, uppsetningu, áferð og flæði –

geturðu séð hvernig? Og geturðu séð fyrir þér að víxla ólíkum búningum verslananna – myndi það ganga upp?

Það sama má segja um allt sem er sett í búning lita, grafískrar hönnunar og texta, t.d. plötuútslög, bókakápur og forsiður tímarita. Segja allar forsiður okkur sömu söguna? Er andinn yfir þeim svipaður? Hverjar eru áherslurnar og áferðin á hverju tímariti?

12.

Greining á forsiðum



Vinnið saman í hópum, skoðið ólíkar forsiður tímarita og ræðið eðli þeirra. Hvað segja þær? Er yfirbragð þeirra rólegt eða eru þær litríkar og mikil hreyfing? Er þær ætlaðar ákveðnum aldurshópum eða öðru kyninu umfram hitt?



Leikur með auglýsingar

Auglýsingar eru frábært hráefni til að leika sér með merkingu og tungumálið. Vinnið saman í pörum eða þriggja manna hópum og hafið nóg af dagblöðum, tímaritum, skærum og lími við höndina. Sleppið ímyndunaraflinu lausu og látið útkomuna verða óvænta og jafnvel ögrandi.

13.

Klippað slagorð úr auglýsingum og skeytið saman við aðrar auglýsingar. Búið þannig til nokkrar nýjar auglýsingar.

14.

Klippað fyrirsagnir úr fréttum og skeytið við aðrar fréttir.

15.

Í hvers konar auglýsingar henta þessar myndir? Fyrir hvaða vöru eða þjónustu gætu þær staðið?



16.

Að klippa og líma og snúa út úr (aftur)



Allt getur verið efniviður fyrir skapandi leik. Taktu forsíðu tímarits þar sem eru margar myndir og fyrirsagnir og klipptu þær á „vitlausan hátt“ þannig að fyrirsagnirnar tengist öðrum myndum en upprunalega var ætlað.

Prófaðu líka að færa forsíður á milli ólíkra blaða og sjáðu hvort tónninn passar.

17.



Að búa til sjónvarpsfrétt

Vinnið saman í pörum og veljið ykkur eina frétt úr dagblaði. Gerið hana að sjónvarpsfrétt þar sem annað ykkar er fréttamaður og hitt viðmælandi. Þið megið breyta og bæta við fréttina eftir þörfum.

18.

Nýjasta nýtt! Þessar vörutegundir voru að koma úr framleiðslu og það vantar slagorð fyrir þær. Semjið slagorð svo enginn geti staðist vöruna.

táfylusokkar
svitalykt á brúsa
fölsk fiðla
brúnir bananar
götótt regnföt

Hvenær á að skrifa y?

Það er oft snúið að átta sig á hvenær **á** skrifa **i** eða **y**, **í** eða **ý** og **ei** eða **ey**. Ein góð regla er að skoða skyldleika orða en mörg nafnorð, lýsingarorð og sagnorð eru náskyld. Skoðum þetta nánar.

Ef o, u eða ju er í stofni orðsins eða skyldum orðum á að skrifa y.

Dæmi: **sonur** – **synir**

grunnur – **grynnir**

bjuggum – **byggi**

Ef ú, jú eða jó er í stofni orðsins eða skyldum orðum á að skrifa ý.

Dæmi: **hús** – **hýsi**

ljúka – **lýkur**

sjóða – **sýður**

Ef au er í stofni orðsins eða skyldum orðum á að skrifa ey.

Dæmi: **skraut** – **skreyta**.

Það er ekki alltaf hægt að styðjast við þessar reglur og þá er gott að fletta upp í stafsetningarorðabók til að vera viss.

19.

Finndu orð skyld þessum og skrifaðu þau niður.

Gættu að y, ý og ey.

sund	frost	grjót
austur	brú	sjúkur
hryllingur	þjófur	draumur
loka		

20.

Það er þó nokkur fjöldi orða sem hljómar eins en eru skrifuð ýmist með y eða í, allt eftir merkingu þeirra.

Skoðaðu þessi orð:

girða – gyrða	kirkja-kyrkja
list-lyst	bíður-býður
fíll-fýll	skír-skýr
skíra-skýra	tína-týna
leiti-leyti	hilla-hylla

Búðu til setningar fyrir hvert orð og gættu að því að hafa rétta stafsetningu svo það skapist enginn misskilningur.

21.

Flettu upp á blaðsíðu 12 í dagblaði. Finndu öll orð sem byrja á bókstafnum H. Skrifaðu stutta sögu eða ljóð út frá þeim og reyndu að nota þau sem flest.

22.

Búðu til æfingarverkefni fyrir bekkjarfélagi þinn. Veldu eina efnisgrein úr bók á bókasafninu og skrifaðu hana í tölvu. Í stað þess að skrifa i og y skaltu hafa eyðu (dæmi: Búðu t __ l æf __ ngarverkefn __ f __ r __ r félagi þ __ nn.). Prentaðu svo textann út og láttu bekkjarfélagi þinn setja rétta stafi í eyðurnar. Hann gerir slíkt hið sama við þig. Að þessu loknu skuluð þið fara yfir allan textann saman og athuga hvaða villur fóru framhjá ykkur.

23.

Semdu ljóð eða örsögu þar sem þú notar a.m.k. sex af þessum orðum (eða orð skyld þeim): þýfi – lýsa – brýtur – hryllingur – syngja – lykill – dreyma – skreyta – heyra – hleyp.

Að lokum – þetta um fjölmiðla

„Spænskur prins skaut sig í fótinn.“ Er þetta alvöru fyrirsögn eða gott grín?

Blaðamenn hafa alltaf þurft að nota tungumálið til að vekja athygli á því sem þeir vilja að lesendur lesi. En samkeppnin um athygli hefur aldrei verið meiri, ekki síst á netinu. Við fáum svo mikið af skilaboðum á hverjum degi að við höfum ekki tíma til að lesa þau öll með ígrundun og almennilegri athygli. Þess vegna bregða blaðamenn á leik með fyrirsagnir. En munum líka að allir geta notað tungumálið til að sækja sér athygli eða leggja sérstaka áherslu á mál sitt. Líka þú.

Ég... SKILABOÐ

kann að nota *h-in* fimm sem notuð eru í ritun, t.d. af fréttamönnum.

skil hugtakið tvíræðni og get nefnt dæmi um það.

veit hvert hlutverk fornafna er í tungumálinu.

Textaboð

Ég... SKILABOÐ

get nefnt a.m.k. þrjá fornafnaflokka og fornöfnin sem tilheyra þeim.

áttu mig á hvernig hægt er að nota y-reglu út frá skyldleika orða og get nefnt dæmi.

Hvers konar fjölmiðla notar þú helst?

Hvað vekur helst áhuga þinn í fjölmiðlum?

Textaboð



Grasið grænna?

Ef þú leyfir huganum að reika geta ólíkar kveikjur beint honum í ýmsar áttir. Skoðaðu myndina hér til hliðar og notaðu hana í ólík verkefni:

- ✓ Skrifaðu frétt með spennandi fyrirsögn um þessa mynd.
- ✓ Finndu fleiri setningar í svipuðum dúr.
- ✓ Finndu skemmtileg og skrytín skilti í nánast umhverfi þínu eða notaðu netið til þess.



Skoðaðu hvers vegna þú notar ákveðna fjölmiðla umfram aðra. Hvað gerir þá áhugaverða fyrir þig?

Hvað fannst mér skemmtilegast í þessum kafla? Skil ég hlutverk fjölmiðla í samfélaginu?

„Ég skal sko segja þér ...“

Markmiðið með þessum kafla er að æfa langhlaup í lestri með því að lesa stærri bókarkafla og skilja hvaða tæknibrellur höfundar nota til að sveifla okkur fram og aftur þegar við lesum. Hér skoðar þú helst sögumanninn, sjónarhornið, flakk á milli sögusviða, tíma og persónur.

„Aðeins hitalaust barn við góða heilsu gæti borðað tvo diska af kornflögum, rúgbrauð með mysingi, eina sprungna pulsu frá í gær, banana, súrmjólk með sultu og fjögur hafrakex með osti, án þess að verða illt í maganum og þurfa að kasta upp.“

Elías eftir Auði Haralds og Valdísi Óskarsdóttur

Elías Guðmundsson er afar greindur, meinfyndinn og kaldhæðinn drengur sem býr á Ríghálsi í Reykjavík. Hann á fremur venjulega foreldra, að því undanskildu að þeir hafa af honum stöðugar og margvíslegar áhyggjur og hljóma þess vegna hálf hlægilegir.

Skilurðu orðaleikinn sem felst í orðinu Rígháls? Orðaleikur er auðvitað og augljóslega leikur með orð, útúrsnúningur sem fær okkur til að staldra við, undrast og jafnvel brosa eða hlæja. Hér leikur höfundur sér og gefur götunni heiti sem hefur aðra merkingu ef það væri í öðru samhengi, hann sem sagt leikur sér með margvíslega merkingu orðanna. Orð sem hafa margvíslega merkingu, sem ræðst eingöngu af samhenginu, kallast margræð orð. Geturðu fundið upp á fleiri fyndnum götunöfnum sem enda á -hálsi?



Í texta bókarinnar hljómar Elías eins og hann viti betur en foreldrarnir – hann kemur í raun fram við þau og talar við þau eins og kjánaleg börn. Þetta er eitt af því skemmtilegasta við stílinn í bókinni; hvað Elías virkar fullorðinslegur, jarðbundinn og raunsær í samanburði við foreldra sína.

Elías ræður öllu!

En eru foreldrarnir í raun og veru svona miklir kjánar? Það er ekki svo gott að segja. Þú þarft nefnilega að muna að sá sem segir söguna er Elías sjálfur.

Elías ræður!

Hann er **sögumaðurinn** og sögumaðurinn stjórnar öllu! Allar upplýsingar sem við fáum (t.d. um **atburðarás** og persónur) koma í gegnum hann og hans **sjónarhorn**. Þegar maður les bókmenntatexta skiptir öllu máli hver segir söguna og hvaða viðhorf hann hefur.

Orðið „bókmenntatexti“ hljómar svolítið uppskrúfað og hátíðlegt. Þú heldur kannski sjálfkrafa að þú gerir ekki mikið af því að lesa „bókmenntatexta“? Það er mikill misskilningur, því að orðið nær yfir allan skáldaðan texta. Líka Andrés Önd og Kaffein Ofurbrók. Bókmenntatexti er misalvarlegur – stundum ristir hann grunnt og er léttur og skemmtilegur en hann getur líka verið fullur af heimspekilegum vangaveltum.

Stundum er sögumaðurinn aðalpersónan sjálf en stundum er eins og sögumaðurinn standi utan við söguna og lýsi atburðunum eins og hann sér þá birtast. Sögumaðurinn getur einnig verið heiðarlegur eða rættinn, fyndinn eða dramatískur, skorinorður eða ruglingslegur, ljóðrænn eða beinskeyttur í tali og hugsun.

Hver segir söguna, hvaða viðhorf hefur hann og hvað vakir fyrir honum? Að skoða sögumanninn og forsendur hans skiptir öllu máli þegar maður les texta (líka í fréttum og auglýsingum) en ekki síst við lestur bókmenntatexta. Hafðu það sérstaklega í huga við lesturinn á fyrsta kafla bókarinnar um Elías.

Sögumaður er sú rödd sem segir söguna.

Atburðarás er það sem gerist í sögunni í réttri röð, eins og það kemur fyrir þar.

Sjónarhorn er í stuttu máli hvaðan sögumaðurinn sér söguna, hvar hann stendur og hvað hann veit um það sem gerist.

Elías – 1. kafli

Ég heiti Elías og ég hélt að ég væri venjulegur drengur. En svo, fyrir dálitlu síðan, sá ég að það gat bara ekki verið.

Hérna er sögumaðurinn strax búinn að kveikja forvitni okkar með tveimur stuttum línnum. Við viljum vita hvað varð þess valdandi að Elías skipti um skoðun og taldi sig ekki lengur venjulegan dreng. Hugur okkar fer aðeins á flug og við reynum ósjálfrátt að giska á hvað það gæti verið. Rithöfundar leika sér að forvitni okkar sem lesenda. Þeir vilja kalla fram þetta litla en mikilvæga orð í hausnum á okkur:

HA?

Um leið og við segjum HA? er forvitni okkar rækilega vakin og við viljum af öllu hjarta halda áfram að lesa, vita meira, vita hvað gerist, HA?!!! Hvað heldur þú? Hvað segir þín forvitni?

Það byrjaði þannig að pabbi leit upp einn morguninn og spurði:

„Er allt í lagi með þig?“

Mér fannst ég alveg vera í lagi, en til vonar og vara spurði ég:

„Er ég föstur?“

Þá spurði pabbi og var ægilega áhyggjufullur í röddinni:

„Líður þér illa?“

„Nei,“ svaraði ég. „Mér líður vel.“

Pabbi lagði næstum frá sér blaðið og spurði:

„Ertu viss?“

Auðvitað hættir maður að vera viss um að manni líði vel ef pabbi manns, sem er bæði stærri og veit meira, heldur að manni líði ekki vel. Maður heldur strax að hann viti eitthvað sem maður veit ekki sjálfur. Svo ég svaraði:

„Ég held það.“

Í því kom mamma inn í eldhúsið þar sem við sátum og pabbi sagði henni að ég væri ekki viss um að mér líði vel. Mamma settist, greip um höndina á mér og spurði:

„Hvar finnurðu til?“

Ég fann hvergi til áður en hún spurði. En auðvitað fer maður að leita inni í sér, því kannski finnur maður pínulítið til einhvers staðar og hefur ekki tekið eftir því, en það sést samt utan á manni. Þegar ég var búinn að leita dálítið sagði ég:

„Ég finn obbulítið til í hendinni af því að þú heldur svo fast um hana.“

Mamma lét höndina á mér detta á borðið og sagði:

„Ætli það sé ekki best að mæla þig.“

Margar barna- og unglingabækur fjalla um þetta: Að í raun og veru viti börn og unglingar betur en foreldrar sínir og séu þeim á margan hátt fremri. Kannski er Lína langsokkur frægasta dæmið um þetta? Manstu eftir fleirum?

Þá varð ég hræddur. Mamma mælir mig óskaplega sjaldan, bara ef hún þarf að ákveða hvort ég megi fara út daginn eftir eða ef næturlæknirinn vill vita hvað ég er með mikinn hita. Hún segir sjálf að hún mæli ekki börn að óþörfu. Það sé óþægilegt og hún geti alltaf séð hvort hitinn sé hættulega hár. Þá fær fólk nefnilega óráð.

Ég hef aldrei fengið óráð. En ég hef lesið um hvernig það er. Fólk sem er með það kastar sér um í rúminu, svitnar ofsalega, segir alls kyns vitleysu og kallar á fólk sem það hefur ekki séð í fimmtíu ár. Kannski hef ég ekki fengið óráð af því að ég er ekki nógu gamall til að hafa þekkt einhvern fyrir fimmtíu árum.

Og nú ætlaði mamma að mæla mig að óþörfu. Ég sagði henni að ég væri örugglega hitalaus. Aðeins hitalaust barn við góða heilsu gæti borðað tvo diska af kornflögum, rúgbrauð með mysingi, eina sprungna pulsu frá í gær, banana, súrmjólk með sultu og fjögur hafrakex með osti, án þess að verða illt í maganum og þurfa að kasta upp.

Elías er sögumaður sögunnar. Það þýðir alls ekki að hann sé að ljúga en tónninn í bókinni væri örugglega öðruvísi ef hún væri sögð frá sjónarhorni foreldranna. Tíu ára strákur hefur önnur viðhorf og aðra sýn en fertugir foreldrar. Gerðu þér í hugarlund hvernig þessum atburðum væri lýst ef foreldrarnir væru að skrifa söguna.

Mamma horfði rannsakandi á mig. Simbi snari beið eftir mér niðri, við vorum búnir að ákveða að fara í torfærukeppni á hjólunum og ég vildi ekki missa af því. Ég var alveg að fara að segja mömmu að áður en ég borðaði allt þetta hafði ég stolist til að borða átta loftkökur og þrjár kókoskökur. Og það hlyti að sanna að mér liði framúrskarandi vel. En þá andaði mamma eins og ryksugan þegar maður slekkur á henni og það þýðir að hún hefur gefist upp. Ég ætlaði að stökkva út. Þá byrjaði pabbi aftur.

„Hvert ætlarðu?“ spurði hann.

„Út í torfæru með Simba hérna fyrir ofan hálsana,“ svaraði ég.

Pabbi varð dimmur á svipinn og taldi upp öll beinin sem gætu brotnað í mér. Og svo, sagði hann, gæti ég legið ósjálfbjarga einhvers staðar í óbyggðum og engin leið að finna mig eftir að myrkur skylli á. Hann sagði þetta eins og myrkið væri risastórt lok sem BANG yrði skellt á heiminn og heimurinn yrði alveg að klessu undir því.

Simbi á óskaplega erfitt með að bíða. Hann gefst næstum strax upp og fer eitt-hvað, svo ég reyndi að róa pabba:

„Ef ég brotna þá skal ég strax kveikja á hjóllugtinni og gefa merki. Þið getið bara fylgst með því út um gluggann. Svo verður ekki dimmt af því að það er sumar, en ég get samt tekið með mér neyðarblys ef þið viljið. Ég get líka skrifað á miða: „Er brotinn og matarlaus og ligg þar sem er merkt X á kortinu, Elías.“ Og bundið miðann um hálsinn á Simba og sent hann heim.“

Pabbi varð skrýttinn í framan og mamma reyndi að vera alvarleg.

Kannastu við þetta hljóð sem ryksugan gefur frá sér þegar slökkt er á henni? Sérðu samlíkinguna í því? Taktu líka eftir því hvernig Elías sér fyrir sér að myrkrið skelli á. Oft sjá börn hlutina öðruvísi fyrir sér en full-orðnir og fullvíst er að pabbi Elíasar hafði ekki í huga risastórt lok þegar hann sagði þetta. En af hverju bregðast foreldrarnir svona við?

„Þetta er alveg rétt hjá pabba þínum,“ sagði hún, „þú getur beinbrotnað ef þú dettur á hjólinu.“

„Ég hef oft dottið án þess að brotna. Ég hef aldrei beinbrotnað á hjólinu,“ svaraði ég og sá strax eftir því. Ef maður segir eitt-hvað svona þá kallar pabbi það „að ögra örlögum“ og mamma byrjar strax að berja undir borðið og segja „7 – 9 – 13“. Það er galdrapulan hennar og hún á að koma í veg fyrir óhöpp. Það getur vel verið að hún komi í veg fyrir einhver óhöpp og það er þá eins gott því mamma er alltaf að lenda í einhverju og hún hefði ekki undan ef þulan bjargaði ekki helmingnum.

Svo ég flýtti mér að bæta við: „Ég skal fara mjög varlega og koma heim í hádegismat á réttum tíma.“

Yfirleitt verða þau svo fegin ef ég segist ætla að koma heim á ákveðnum tíma að þau gleyma öllu öðru. En í þetta sinn héldu þau bara áfram að horfa á mig eins og horft er á fátveikt fólk í sjónvarpinu sem maður veit af músíkinni að er alveg að fara að deyja. Mér leið ekkert vel að láta horfa

þannig á mig. Ég fann beinlínis hvernig beinin í mér molnuðu niður og liðuðust í sundur.

Svo ég gekk afar varfærnislega aftur á bak út úr eldhúsinu og gætti þess að reka mig ekki í dyrastafinn svo handleggurinn brotnaði ekki og sagði glaðlega:

„Simbi bíður, maður á aldrei að láta fólk bíða eftir sér.“ Þetta hafa þau sjálf sagt og ég var að leyfa þeim að sjá að ég hefði lært þetta. Samt urðu þau ekkert ánægð, heldur andvörpuðu og horfðu hrygg hvort á annað.

Af hverju fer mamma Elíasar að berja undir borðið og segja „7 – 9 – 13“? Hvernig á slík galdrapula að koma í veg fyrir óhöpp? Þekkirðu fleiri dæmi um svona hjátrú? Og hvernig tónlist er leikin undir í bíómyndum þegar fársjúkt fólk er að fara að deyja?

Ég lokaði hurðinni hljóðlega á eftir mér. En um leið og ég var búinn að því þá fann ég hvernig ég var aleinn á stigapallinum, fullur af beinum sem gátu brotnað hvenær sem var. Þess vegna hélt ég með báðum höndum í stigahandið og gekk lafhægt niður. Simbi sá mig koma lekandi svona niður stigann og spurði strax:

„Er eitthvað að þér, Elías?“

Og ég svaraði lágt svo það kæmu ekki sprungur í kjálkana:

„Ég er víst svo óskaplega brothættur.“ Þá fór Simbi líka að horfa annarlega á mig. Það lá við að ég félli saman. Kannski var ég að verða ónýtur.

„Er ég föstur, Simbi?“ spurði ég.
„Hefurðu verið að borða eitthvað?“
spurði Simbi.

„Já, fullt,“ svaraði ég.

„Heldurðu að það hafi verið eittrað?“
spurði Simbi.

„Nei, það held ég ekki,“ sagði ég,
„en ég held að það geti verið eitthvað að
mér sem ég veit ekki um. Simbi, hvað
myndirðu gera ef ég brotnaði hér fyrir ofan
hálsana?“

„Brotnaðir hvernig?“ spurði hann. Alveg
eins og hann hefði verið á námskeiði í
spelkum.

„Svona brotnaði allur, öll beinin í mola?“

Simbi hugsaði sig dálítið um. Hann er
með stór kringlótt augu, þau allrakring-
lóttustu sem eru til, og þess vegna getur
Simbi orðið meira hissa en allir aðrir. Nú
voru augun í honum eins og súperboltar
og svo sagði hann:

„Þá yrðirðu bara að kássu. Ég myndi
setja þig í poka og fara með þig heim.“

Eitt augnablik sá ég pabba og mömmu í
dyrunum og Simba standa á stigapallinum
með plastpoka úr Hagkaupi. Simbi yrði
soldið vandræðalegur og svo myndi hann
segja: „Ég er að skila Elíasi,“ og rétta þeim
pokann.

**Taktu eftir því hversu mynd-
rænn sögumaðurinn er í lýsingum
sínunum og hvernig hann virðist
lauma spaugilegri hlið málsins að
í gegnum hugsanir Elíasar.**

Þá jafnaði ég mig. Það hlaut að vera alger
ógjörningur fyrir barn að brotna svo mikið

við að detta af hjóli í mold og mjúkan mosa
að það væri ekki hægt að raða barninu
saman aftur.

Svo við Simbi fórum upp fyrir blokkirnar
og ég vann átján ferðir og Simbi eina og
ég steingleymdi að fara varlega. Þegar við
fórum heim að borða fannst mér ég vera
heilsuhraustur drengur í blóma lífsins.

En. Um leið og ég opnaði dyrnar heima
kom mamma æðandi og hrópaði: „Mikið er
ég fegin að sjá þig,“ alveg eins og hún hefði
aldrei búist við að hitta mig aftur. Og pabbi
kom fram og spurði: „Er allt í lagi með þig?“

**Taktu eftir því hvað gerist þegar
skipt er á milli sögusviða. Fyrst
var sagan í eldhúsinu heima hjá
Elíasi. Svo fóru Elías og Simbi út
að hjóla, áður en snúið var aftur
í eldhúsið.**

**Í textanum er nánast hlaupið
yfir sjálfa hjólaferðina með
stuttri málsgrein. Samt er
myndin af þeim Elíasi og Simba
að hjóla ljóslifandi í höfðinu á
þér. Tekurðu eftir því? Sérðu
þá ekki fyrir þér?**

**Þetta eru töfrarnir í lestrinum
– við sem lesendur fyllum inn í
eyðurnar, alveg sjálfkrafa, jafnvel
aðeins út frá örfáum orðum.
Með þessu undarlega fyrirbæri
sem nefnist ímyndunarafli.**

„Já,“ sagði ég. „Það er allt í lagi með mig.
Sjón: Góð. Heyrn: Eftir atvikum. Lyst: Góð.
Allt gott að fréttu af Elíasi.“

Sögusvið er sá
staður þar sem
sagan gerist
hverju sinni –
ekki ólíkt
leiksviði í leikriti.

Og svo fór ég fram á það og þvoði mér um hendurnar og skoðaði mig í speglinum. Ég sá engin sjúkdómseinkenni.

Þau létu ekki svona þegar ég brákaði ristina. Pabbi hélt að hann gæti sveiflað þvottavélinni, en hann gat það ekki og setti vélina ofan á fótinn á mér. Þá sagði hann:

„Hvað var fóturinn á þér að gera þarna?“

Og á meðan ég lá kom hann heim úr vinnunni og sagði kampakátur:

„Ertu ekki sprækur eins og áll, Elías öryrki?“

Pabbi er svo fyndinn. Huhh.

Hefurðu tekið eftir því að húmor fullorðinna og barna er ekki alltaf sá sami? Hann er því ekki eingöngu bundinn við persónur heldur getur aldur líka haft áhrif á hann. Rifjaðu upp dæmi þar sem þú upplifðir að þinn húmor var ekki sá sami og þess sem þú talaðir við eða hlustaðir á. Var sú persóna ólík þér að einhverju leyti öðru en því? Var hún kannski eldri eða yngri en þú? Af öðru kyni? Öðru þjóðerni? Hver telur þú að hafi verið aðalorsökin fyrir ólíkum húmor ykkar?

Við matarborðið mændi mamma á eftir matnum upp í mig. Það var ekki mjög óvenjulegt. Mamma er nefnilega tannsmíður og vinnur við að smíða plast-, gler- og gulltennur í fólk. Stundum, þegar hún er hress, þá viðurkennir hún að hún sé léttsturluð yfir hvernig fólk skemmir vísitandi í sér tennurnar. En það er bara stundum.

Yfirleitt horfir hún á eftir matnum upp í mig og tautar:

„Elías minn, það eru sýrur í fiski sem éta sundur glerunginn á einu tönnunum þínum.“ Eða:

„Það er sykur í mysingnum og svo gerjast rúgurinn í brauðinu og þá koma göt á tennurnar þínar, Elías.“

Og þegar við förum til Hildu frænku og Möggu móðu í kaffi og Hilda dregur fram loftkökurnar sem hún hefur bakað handa mér þá teygist mamma í áttina að loftkökunum, titrar öll í framan og umlar:

„Eintómur sykur, Elías minn ...“

Öðru hvoru tekur mamma Hildu á eintal og biður hana að hætta að baka loftkökur handa mér. Hilda hlustar ekki á hana. Einu sinni sagði mamma þegar við vorum komin heim:

„Hún Hilda er að grafa undan tönnunum í Elíasi,“ og þá var ég orðinn þreyttur á þessu og sagði:

„Ætli hún sé ekki frekar að reyna að grafa þær upp með rótum.“

En þennan dag horfði mamma enn fastar en venjulega á eftir matnum og mér sýndist hún kippast til í hvert skipti sem ég beit saman tönnunum og tuggði. Svo ég bauðst til að stappa matinn og búa til svona rör úr tungunni og sjúga matinn upp í mig. Þá gæti ég kyngt honum án þess að tryggja og þannig snerti maturinn ekki tennurnar og þær skemmdust ekki.

Mamma hrökk við og sagði: „Ó, Elías minn, það er ekki það, það er bara ...“

„Bara hvað?“ spurði ég og hélt að ég fengi að vita hvað væri að mér.

„Bara ...“ sagði hún aftur og fór að

halda í höndina á mér. Og sat og hélt og horfði á mig eins og í sorglegri mynd. Það fór hrollur um mig af hræðslu.

„Er ég að deyja?“ spurði ég.

Þau urðu voða asnaleg í framan.

„Nei, það held ég ekki,“ sagði pabbi. Ég róaðist pínulítið, en þá bætti hann við: „En við getum ekki lofað neinu.“

Mér brá svo að ég klauf fiskibolluna með gafflinum.

„Það fer allt eftir þér, Elías minn,“ hélt pabbi áfram. „Ef þú ferð varlega í umferðinni og ert ekki að klifra í mannlausum byggingum ...“

„... og manst að bursta í þér tennurnar,“ skaut mamma inn í.

„... og gerir ekkert sem getur stofnað lífi þínu í hættu þá ættirðu að geta orðið fjörgamall.“

Ég horfði dálítið á þau og sagði svo í þykjustunni alvarlega:

„Sem sagt, ef það kemur ægilegur jarðskjálfti þá fer ég bara fram á það og bursta í mér tennurnar og þá kemur ekkert fyrir mig?“

Pabbi ýtti með fætinum í mömmu undir borðinu. Ég stóð upp og setti diskinn minn yfir að vaskinum.

„Svo kemur það í blöðunum: „Ungur drengur bjargast í náttúruhamförum vegna góðrar tannhirðu.“ Sennilega verður svo búið til veggspjald með mynd af Elíasi með tannburstann og skip að sökkva og fjöll að hrynja og allt í klessu, nema Elías. Ég er farinn að bera út blöðin með Simba.“

„Þú bu ...“ sagði mamma og pabbi fór að hlæja.

Ég fór og burstaði tennur.



Ungur drengur bjargast í náttúruhamförum vegna góðrar tannhirðu

1.

Verkefni um Elías, vini hans og vandamenn



- Hvers konar sögumaður er Elías? Hvað veistu um hann eftir þennan kafla?
- Hvenær heldur þú að þessi saga eigi að gerast? Af hverju heldurðu það? Af hverju er Simbi kallaður Simbi snari og Magga kölluð Magga móða?
- Af hverju brást pabbi Elíasar öðruvísi við þegar hann brákaði á honum ristina? Finnst þér stundum eins og aðrar reglur gildi fyrir börn og fyrir fullorðna? Nefndu nokkur dæmi.

Málfræðimoli um lýsingarorð

Lýsingarorð lýsa verum (**litskrúðugt** fiðrildi), hlutum (**stórt** grjót), hugtökum (**eilíf** ást) og athöfnum (**löng** og **erfið** fjallganga). Heimurinn er stútfullur af alls kyns fyrirbærum og rétt eins og fornöfn eru lýsingarorð notuð til að einfalda okkur hlutina og aðgreina einn hlut frá öðrum. Lýsingarorð eru auðvitað líka notuð til að raða hlutum og fyrirbærum í eins konar stigveldi út frá okkar eigin smekk, viðhorfum eða tilfinningu – það er t.d. mikill munur á því að vera góður, betri og bestur, er það ekki?

Flókið samtal:

Dísa: „Pabbi! Veistu um bolinn minn?“

Pabbi: „Hvaða bol?“

Dísa: „Þennan sem nær fram á úlnliðinn.“

Pabbi: „Já, líttu á þvottasnúrurnar. Hann hangir þar.“

Dísa: „Nei, pabbi, þetta er ekki hann. Sá sem ég er að leita að er öðruvísi, hann liggur að maganum og bakinu og nær fram á úlnliðinn og upp að hálsi. Liturinn er líka öðruvísi.“

Pabbi: „Nú, athugaðu hvort hann er í þurrkaranum.“

Einfalt samtal:

Dísa: „Pabbi! Veistu um **svarta, langerma, þrönga** bolinn minn?“

Pabbi: „Nei, ég veit það ekki! Ertu búin að leita þar sem þú lagðir hann frá þér síðast?“

Lýsingarorð

Elías Guðmundsson er afar greindur, meinfyndinn og kaldhæðinn drengur sem býr á Ríghálsi í Reykjavík. Hann á fremur venjulega foreldra, að því undanskildu að þau hafa af honum stöðugar og margvíslegar áhyggjur og hljóma þess vegna hálf hlægilegir.

Í texta bókarinnar hljómar Elías eins og hann viti betur en foreldrar sínir – hann kemur í raun fram við þau og talar við þau eins og kjánaleg börn. Þetta er eitt af því skemmtilegasta við stílinn í bókinni; hvað Elías virkar fullorðinslegur, jarðbundinn og raunsær í samanburði við foreldra sína.

Undirstrikuðu orðin hér í kaflanum þekkir þú. Þetta eru **lýsingarorð** og þau eru bráðnauðsynleg í tungumálinu. Bæði eru þau mikilvæg til að lýsa útliti hluta, vera og fyrirbæra og eins þegar verið er að glæða hið sama lífi. Lýsingarorðin hér að ofan segja okkur t.d. ekkert um útlit Elíasar og foreldra hans, en þau segja okkur samt heilmikið um hvernig persónur þau eru.

2.

Flettu undirstrikuðu orðunum í textanum upp í orðabók og skráðu merkingu þeirra.

Skilur þú betur lýsinguna á Elíasi þegar þú hefur flett upp merkingu orðanna?

3.

Það er verið að reisa nýtt hverfi og götunafnanefnd vantar tillögur að nýjum götuheitum. Sendu inn eins margar hugmyndir og þú getur!

4.

Hægt er að lýsa fólki á margan hátt, s.s. með því að fjalla um útlit þess, skapgerð, hæfileika og fas. Flokkaðu orðin hér fyrir neðan í viðeigandi flokka: útlit, skapgerð, hæfileikar og fas:

dökkhærð	herðabreiður	hæglátur
sorgmæddur	sparsamur	lágvaxin
prúður	skynsöm	félagslyndur
lagviss	illgjarn	skuggalegur
glæðvær	grobbin	innskeifur
handstór	tileygð	viljasterk
dreyminn	fótafímur	hraðlæs
örg	kjarkmikil	samvinnuþýð
útsjónarsöm	listræn	trúgjörn
áræðin	tillitssamur	snöggur

Kíktu á
malid.is!

Eitt af því sem gerir tungumálið lifandi og skemmtilegt eru ýmsir orðaleikir. Sumir þeirra eru okkur svo eðlilegir og sjálfsgaðir að við tökum ekki einu sinni eftir því að við notum þá.

Samlíkingar – þegar við líkjum einum hlut við annan – er einn þessara orðaleikja sem við notum daglega og án nokkurrar fyrirhafnar:

**Pétur langaði ekki að stinga sér út í ískalda sundlaugina.
Stefanía er ljúf sem lamb.**

5.

Búðu til eins mörg líkingarorð og þú getur úr þessum orðum: heit, svartur, fól, himinn, grjót, snjór, rauður, hlý.

Gildishlaðin orð

Gildishlaðin orð geta haft mismunandi merkingu eftir því hver notar þau og um hvað – þau eru háð persónulegum skoðunum.

„Ég heiti Elías og ég hélt að ég væri venjulegur drengur.“

Elías hélt að hann væri venjulegur drengur. En hvað er að vera venjulegur? Það sem einum þykir venjulegt gæti öðrum þótt mjög óvenjulegt.



Kaggi eða drusla?



Sætur eða ljótur?

Gildishlaðin orð geta verið ýmist jákvæð eða neikvæð og geta haft mikil áhrif.

Er alltaf við hæfi að nota gildishlaðin orð? Við hvaða aðstæður þykir sjálfsgagt að nota gildishlaðin orð? Hvenær ekki? Hvernig þætti þér að sjá þessi skilaboð á skólanum þínum?

TIL UNGLINGA Í ÞESSUM SKÓLA (UNGLINGA Á ÖLLUM ALDRI!)

Við erum orðin langþreytt á umgengni á göngum skólans og erum hjartanlega sammála um að aðeins sérlega illa uppalið hyski kunni engan veginn að þurrka af skítugum skónum sínum þegar inn í hús er komið. Við krefjumst þess að þessi ólíðandi hegðun hætti **STRAX!**

6.

„Ó, þetta unga fólk!“ Hvaða gildishlöðnu orð dettur þér í hug sem notuð eru um unglinga? Finndu bæði jákvæð og neikvæð orð. Skoðaðu líka gildishlaðin orð yfir stelpur og stráka. Hverju lýsa þau helst? Útliti, skapgerð, hæfileikum?

7.

Endurskrifaðu textann í fréttinni hér fyrir neðan og í stað gildishlöðnu orðanna skaltu setja eins hlutlaus orð og þú getur. Hvaða áhrif hefur það á textann?

Patrekur: Svektur yfir tapi en töluvert ánægður



Patrekur Jónhannesson þjálfari Vals

„Ég var brjáláður eftir leikinn við HK en strákarnir mínir fá hrós fyrir vilja og baráttu í þessum leik,“ sagði Patrekur Jónhannesson, þjálfari Vals, eftir 25:22 tap fyrir FH að Hlíðarenda í kvöld þegar 2. umferð efstu deildar karla í handbolta fór fram en Valsmenn fóru á kostum fyrir hlé.

„Eins og alltaf þegar maður nær ekki að vinna er maður ferlega svektur en ég er töluvert ánægður með mitt lið, miðað við HK-leikinn í fyrstu umferð því liðsheildin var frábær og við spiluðum frábæran handbolta í fyrri hálfleik með fjölbreyttum sóknarleik þar sem boltinn gekk mjög vel“.

„Ég sá hvað mínum mönnum leið vel inni á vellinum en í seinni hálfleik fer FH að verjast með Daniel frábæran í markinu enda kæmi mér ekki óvart ef hann færi að komast í landsliðið og spila þar einhverja rullu. Við áttum í vandræðum með hann og þegar við klikkuðum á víti var eins og menn misstu haus. Það er svo sem eðlilegt eftir að missa fimm menn úr byrjunarliðinu í fyrra og hafa tvisvar verið einu sæti frá falli að það komi dýfur en liðsheildin er góð og hægt að byggja á henni.“

8.

Orðin hér hafa ýmist jákvæða eða neikvæða merkingu. Finndu andheiti þeirra.

hávær	iðinn	vantrúuð
sjónvarp	glaður	dimm
hávaxin	andstæðingur	töffari
níska		

Mundu eftir orðabók!

9.

Sum orðanna hér að neðan eru jákvæð, önnur neikvæð og enn önnur jafnvel mitt á milli. Flokkaðu þau saman eftir merkingu (þrjú orð saman) og raðaðu þeim frá því jákvæða til hins neikvæða eftir því sem hægt er.

Dæmi: Kaggi – bíll – drusla. Fótur – löpp – býfa.

sparsamur	gin
hungraður	vol
hjallur	stara
fés	forvitinn
latur	fróðleiksfús
fákur	rýr
hús	nískupúki
svangur	horuð
kjaftur	andlit
hægur	hrín
gæðingur	kofi
horfa	ásjóna
munnur	grátur
soltinn	hnýsinn
nirfill	góna
grönn	framtakslaus
bikkja	

Orð hafa ólíkt vægi í hugum okkar, alveg eins og öll hugtök eða yfirflokkar gera. Takið sem dæmi orðið *fugl*. Hvaða fuglategund dettur þér fyrst í hug? Er hún sú sem þér finnst vera hvað dæmigerðastur fyrir fugla? En hvaða fugl er minnst dæmigerður? Þegar málið er skoðað kemur í ljós að sumir fuglar eru jafnari en aðrir!

10.

Vinnið saman í pörum og finnið eins mörg samheiti yfir orðin og þið getið. Raðið þeim svo í röð, frá hinu jákvæðasta til hins neikvæðasta.

stelpa	strákur
hundur	skóli
læra	tónlist
ganga	tala

kaggi
kerra
drusla
jálkur
snáði
telpa
þéttur
gaur
gaula
tuðra
skvísa
rakki
freta
hallærislegur
skemmtileg



Bein lýsing / óbein lýsing

Þegar verið er að lýsa fólki er það ýmist gert með beinum eða óbeinum hætti, allt eftir hvað hentar hverju sinni.

Bein lýsing: Þá er persónu lýst beint, s.s. útliti, innræti og hegðun. Beinni lýsingu er oft tekið sem staðreynd. **Óbein lýsing:** Persónu er lýst út frá framkomu, hegðun, orðum og gerðum og lesandi (eða áhorfandi) fær sjálfur að gera sér hugmyndir um hvernig persónan er út frá þeim upplýsingum.

Bein lýsing: Ólöf er ljóshærð, há og einstaklega stríðin en afar ljúf.

Óbein lýsing: Hárið á henni upplitaðist yfir sumartímann, svo mjög að það varð næstum glært. Buxnaskálmarnar náðu niður á miðja kálfa og Ólöf þurfti að beygja sig þegar hún kyssti afa sinn á vangann. En hún hafði ekki þroskast upp úr hrekkjunum. Aldrei mátti hún neitt aumt sjá og var ævinlega fyrst til að rétta hjálparhönd, sér í lagi þeim sem minna máttu sín.

Helstu einkenni lýsingarorða eru að þau fallbeygjast, geta staðið í öllum kynjum og stigbreytast.

Nokkur lýsingarorð stigbreytast ekki. Þau enda öll á -a eða -i.

Dæmi: andvaka – hugsni – sammála – miðaldra.

	Regluleg stigbreyting	Óregluleg stigbreyting
frumstig	fallegur ljúf	vont mikill
miðstig	fallegri ljúfari	verra meiri
efsta stig	fallegastur ljúfust	verst mestur

11.

Skrifaðu jákvæða lýsingu á einum bekkjarfélagi. Lýstu einkennum, hæfileikum og styrkleikum hans en slepptu útlitslýsingu. Notaðu bæði beina og óbeina lýsingu. Byrjaðu á orðunum: „Bekkjafélagi minn er ...“ svo ekki komi fram hvort hann er strákur eða stelpa. Þegar þú hefur lesið lýsinguna fyrir bekkinn kemur í ljós hversu góð lýsingin þín er. Þekkjja bekkjarsystkinin þann sem þú lýstir?

12.

Stigbreyttu orðin *greind*, *venjulegur*, *gott*, *skrýtin*, *gamall* og *margvíslegar*. Taktu eftir því hvernig merking orðanna breytist eftir því í hvaða stigi þau eru.

13.

Lýst eftir Elíasi



Foreldrar Elíasar höfðu af því miklar áhyggjur að hann myndi ekki skila sér heill heim. Segjum sem svo að áhyggjur þeirra hafi ekki verið að ástæðulausu og nú er langt liðið á kvöld og Elías enn ekki kominn heim.

- Settu þig í spor foreldra hans og skrifaðu niður lýsingu á Elíasi sem á að birta í kvöldfréttum sjónvarpsins og á fréttasíðum netsins. Hafðu í huga að ókunnugir þurfa að þekkja Elías af lýsingunni. Hvað þarf að koma fram?
- Þú getur nýtt þér gátlista fyrir ritun á bls. 175.

Elías er aðalpersóna í sögunni Elías (annað væri auðvitað mjög óeðlilegt). Aðalpersónan er sú persóna sem hefur stærsta hlutverkið í sögunni; sú sem atburðir hennar snúast um. Algengt er að aðalpersónan sé ein en svo geta verið margar aukapersónur sem hafa mismikið vægi eða hlutverk. Stundum eiga þessar aukapersónur að miðla ákveðinni lífssýn eða lífsspeki; að vera einskona fulltrúar ólíkra sjónarmiða.

Afar misjafnt er hversu miklar upplýsingar höfundar gefa um útlit og innræti persónanna í sögunum. Stundum er þeim vel lýst með góðri upptalningu í upphafi (bein lýsing) en stundum eru lesendur sjálfir látnir finna út hvers konar persónur þetta eru með lestrinum á sögunni (óbein lýsing).

14.

Lýsingar, beinar og óbeinar



Í kaflanum um Elías er engin bein lýsing á persónum í upphafi en við vitum þó ýmislegt um hann og aðrar aukapersónur. Hugleiddu hvað þú veist um persónurnar eftir fyrsta kaflann. Mundu að tilsvör og hegðun gefur oft margt til kynna um skapgerð og persónuleika.

15.

Skrifaðu fréttina!



Skrifaðu 70–100 orða myndna frétt með fyrisögninni: „Ungur drengur bjargast í náttúruhamförum vegna góðrar tannhirðu.“ Mundu gátlista fyrir ritun á bls. 175.

Þegar fréttir eru skrifaðar

er gott að hafa í huga

h-in fimm:

Hvað gerðist?

Hvar átti atvikið sér stað?

Hvenær gerðist það?


Hvernig atvikaðist það?

Hvers vegna gerðist það?

16.

Að kryfja lýsingarorð

Endurskrifaðu þessa lýsingu á stjörnumerki þannig að í stað allra lýsingarorða komi beinar lýsingar.
Dæmi: Í staðinn fyrir að segja „þeir eru nægjusamir“ er hægt að segja „þeir láta sér nægja það sem nauðsynlegt er í lífinu“. Hvernig breytist textinn?



Fiskarnir 19. febrúar – 20. mars

Fiskar eru oftast miklir dansmenn og hafa yndi af allri tónlist. Þeir eru víðsýnir og nægjusamir og láta vel að stjórn, nema þegar þeir eru beittir þrýstingi. Fiskarnir eru einkar uppteknir af þjáningum annarra, og reyndar líka sínum eigin, og margir í þessu merki finna hjá sér þörf fyrir píslarvætti. Fiskar eru rómantískir og dreymnir og hafa djúpa ást á lífinu en láta sig oft reka með straumnum og eru litlir baráttumenn, enda eiga þeir bággt með að vinna markvisst. Þeir hafa næma eðlisávísun og eru mjög hjartahlýir og hjálpsamir, enda eru þeir oft vinamargir, en stundvísí er ekki þeirra sterkasta hlið.

17.

Búðu til stjörnumerki

- Búðu til nýtt stjörnumerki til munnlegs flutnings fyrir bekkinn.
- Hvað á það að heita? Hvaða tímabil ársins tilheyrir þessu stjörnumerki?
- Hvað einkennir manneskjur sem eru fæddar í þessu stjörnumerki?
- Láttu gamminn geisa í þessu verkefni og láttu fyndnina ráða för!
- Taktu sérstaklega eftir því hvernig þú notar nafnorðin í þessari lýsingu.



Málfræðimoli um atviksorð

Atviksorð eru lýsandi orð og þar með skyld lýsingarorðum. En að öðru leyti eru þessir tveir orðflokkar mjög ólíkir – atviksorð eru óbeygjanleg (þau fallbeygjast ekki, tíðbeygjast ekki og aðeins nokkur þeirra stigbreytast).

Atviksorð hafa þannig svipaða virkni og lýsingarorð – en þau eru t.d. notuð til að auðvelda okkur að lýsa því sem við gerum og hvar við erum.

Atviksorð lýsa t.d.:

- **hvernig** við gerum eitthvað (**vel, illa**)
- **hvert** við förum (**inn, upp, þangað**)
- **hvar** við erum (**hér, úti, þar, heima**),
- **hvenær** við gerum eitthvað (**oft, aldrei, núna**)

Atviksorð eru notuð til áherslu (**frekar, mjög, sérlega**)

Virkar þetta?

Gunnar: „Þú stóðst þig!“

Dagný: „Ha?! Stóð mig?“

Gunnar: „Já, þú stóðst þig!!!“

En þetta?

Gunnar: „Þú stóðst þig **mjög vel!**“

Dagný: „Ha? Stóð ég mig **vel?**“

Gunnar: „Já, þú stóðst þig **frábærlega!**“

Hvað eru þau að tala um?

Andrés: „Er pabbi?“

Sóley: „!“

Andrés: „Kemur hann?“

Sóley: „.“

En hér?

Andrés: „**Hvar** er pabbi?“

Sóley: „**Heima!**“

Andrés: „**Hvenær** kemur hann?“

Sóley: „**Ekki strax.**“

Atviksorð

18.

Hvað getur þú fundið mörg orð sem hægt er að nota í staðinn fyrir *mjög*? Dæmi: Þetta er *mjög* skemmtilegt! Þetta er ... skemmtilegt! Berðu þig saman við bekkjarfélagi. Fjölgar ekki orðunum þegar þið leggið fleiri saman í púkk?

Orðin sem þú fannst í staðinn fyrir *mjög* eru svokölluð **atviksorð**.

Atviksorð eru **lýsandi orð** eins og lýsingarorð en munurinn er sá að lýsingarorð lýsa nafnorðum og öðrum fallorðum, en **atviksorð lýsa sagnorðum og lýsingarorðum**.

Atviksorð lýsa hvar, hvenær, hvernig og hve oft eitthvað er gert eða gerist og eins eru þau notuð **til áherslu**.

Hvar ertu núna? Ég er hérna, þarna, inni, úti, heima, erlendis, uppi, niðri ...

Hvenær kemur þú? Ég kem núna, bráðum, seinna ...

Hvernig lestu? Ég les vel, illa, sæmilega, hægt, svona ...

Hve oft ferðu í bíó? Ég fer sjaldan, stundum, oft, aldrei ...

Hvernig er myndin? Hún er mjög, afar, sjúklega, ýkt, geðveikislega, ógeðslega ... góð.

Stundum er erfitt að greina á milli lýsingarorða og atviksorða, enda eru þetta orðflokkar sem báðir eru lýsandi. Sama orðið getur tilheyrt báðum orðflokkum, allt eftir því hverju er verið að lýsa!

Prófum að greina á milli og skilja örlítið betur:

- Barnið syngur **hátt**. Hér er verið að lýsa því hvernig barnið syngur (sagnorðið að syngja).
- Húsið er **hátt**. Hér er verið að segja að húsið sé hátt (hús er nafnorð eins og þú veist).

Eitt og sama orðið – **hátt** – getur annars vegar verið atviksorð og hins vegar lýsingarorð. Hérna skiptir öllu máli hverju er verið að lýsa og út frá því ræðst orðflokkurinn.

Einföld leið til að greina hvort orð er atviksorð eða lýsingarorð er að breyta úr eintölu í fleirtölu (eða öfugt):

- Barnið syngur hátt og börnin syngja hátt.
- Húsið er hátt og húsin eru há.

Ef orðið breytist þá er það lýsingarorð en ekki atviksorð.

19.

Hvað getur þú fundið mörg orð sem lýsa því hvernig, hvar og hvenær þú hlustar á tónlist? Notaðu atviksorðin á síðunni til vinstri til að koma þér í gang.

Berðu þig saman við bekkjarfélagi.


Tókst ykkur jafnvel upp?

20.

„Hann er með stór kringlótt augu, þau allrakringlóttustu sem eru til, og þess vegna getur Simbi orðið meira hissa en allir aðrir.“



Hvernig myndir þú lýsa svipbrigðum barnanna á myndunum hér á opnunni? Hvaða orð eiga við þau? Lýstu þeim eins ítarlega og þú getur. Því næst skaltu skoða hvaða orð þú notaðir, voru það lýsingarorð, atviksorð eða enn annar orðflokkur?



Viðurnefni

Simbi snari, Magga móða og Elías öryrki.

Hver er munurinn á viðurnefni, gælunafni og uppnefni? Þekkir þú viðurnefni? Er einhver í fjölskyldunni þinni með viðurnefni – kannski þú?

Viðurnefni er stutt lýsing eða vísbending um hæfileika, útlit eða skapgerð:

**Ljúfa-Lilja
Skúli skytta
Hörður bassi
Tinna tungulipra
Gamla-Sigga
Jón sprettur**

21.

Ákveðnar reglur gilda um ritun viðurnefna. Skoðu dæmin um viðurnefni hér að ofan. Áttar þú þig á reglunni? Skrifðu hana upp eins og þú værir að gera leiðbeiningar fyrir kennslubók.

22.


Að skapa persónur



Nú skuluð þið spreyta ykkur á persónusköpun. Hér eru myndir af nokkrum manneskjum. Hverjar eru þær? Takið ykkur tíma til að ræða og velta fyrir ykkur hverjar og hvernig þær eru og úr hvaða umhverfi þær koma. Hverju þurfið þið að segja frá til að lýsa þeim eins vel og hægt er?

nafn
aldur
heimili
fjölskylda
starf
áhugamál
draumar
hæfileikar
skapgerð

.....
.....



23.

Semjið Stóru reglubókina!



Finnst ykkur stundum eins og aðrar reglur gildi fyrir börn en fyrir fullorðna? En hvað með að fullorðnir hafi áhyggjur af hversdagslegum hlutum, einhverju sem þið eruð von að gera á hverjum degi, líkt og Elías að hjóla úti?

Ræðið og komið ykkur saman um tíu strangar reglur sem þið vilduð sjá í *Foreldrahandbókinni – leiðarvísi um uppeldi unglinga*, eins konar boðorðin tíu fyrir foreldra.

Að lokum – þetta um bókmenntabrögð

Maður ætti aldrei að láta segja sér nokkurn skapaðan hlut án þess að velta honum fyrir sér. Bókmenntatexti er stórmerkilegt fyrirbæri vegna þess að hann hefur gjarnan það hlutverk að plata lesandann og leika sér að honum. Lesandinn veit, þegar hann tekur upp skáldsögu eða smásögu, að hann er að fara að lesa plat; kannski gerir hann í huganum samning um að láta plata sig og ganga inn í ímyndaðan heim höfundarins.

Lestur á bókmenntatexta, hvort sem er ljóði, smásögu eða skáldsögu, liggur í mörgum lögum þar sem sumt í honum er augljóst en annað falið. Þótt bókmenntatextinn í þessum kafla um Elías sé brotinn upp og bent á alls kyns bellibrögð höfundar er ekki þar með sagt að þú eigir alltaf að lesa eins og rannsóknarvél þegar þú lest þér til ánægju. En það er þroskandi og eflandi að æfa sig í því að koma auga á það hversu mikið getur leynst í þessu einfalda en margslungna fyrirbæri – tungumálinu.

Hvað fannst mér skemmtilegast í þessum kafla? Hvernig lesandi er ég? Þarf ég að bæta mig að einhverju leyti í sambandi við lestur?

Finndu hvar þinn áhugi liggur! Heimurinn er fullur af ólíkum bókum og fjölbreyttum sögum og persónum. Finndu þínar og skráðu þær í stílabókina!

Bakfall



Myndið hópa og vinnið eftirfarandi verkefni um þessa mynd:

- ✓ Ímyndið ykkur að þessi mynd sé af Elíasi. Búið til sögu í kringum myndina og segið bekknum þessa sögu í sameiningu. Notið leikræna tjáningu til að auka áhrif sögunnar.
- ✓ Hvað er fyrir utan rammann? Lýsið sögusviðinu sem ekki sést á myndinni. Ef myndin yrði stækkuð á alla kanta hvað sæist þá sem ekki sést núna? Notið ímyndunaraflíð vel!



Ég...

SKILABOÐ

get beitt þremur ólíkum aðferðum við að lýsa persónu.

veit hvað samlíkingar eru og kann nokkrar.

þekki muninn á beinum og óbeinum persónulýsingum og get beitt þeim í tali og ritun.



Textaboð

Senda

Ég...

SKILABOÐ

veit hvað átt er við með gildishlöðnum orðum.

kann að stigbreyta mörg lýsingarorð og skil merkingarmun miðstigs og efsta stigs.

átta mig á hlutverki atviksorða í tungumálinu.

veit hvenær á að nota stóran staf í viðurnefnum.



Textaboð

Senda

Prautir úti í mýri, álög inni í stýri (ha?)

Markmiðið með kaflanum er að skilja hvernig ævintýri er byggt upp og hversu rótgróið það er í menningu okkar.

„Það er af Helgu að segja, að hún var alltaf látin vera sama olnbogabarnið, og auk þess voru systur hennar að gabba hana og stríða henni á því, að ekki ætti hún neinn kistilinn og aldrei mundi nokkur ærlegur maður verða svo heimskur að biðja hennar.“

Ævintýraminni er það sem mörg ævintýri eiga sameiginlegt og hægt er að finna í langflestum þeirra.

Áður en þú dýfir þér í mýrina þar sem ævintýrið liggur í dvala ættirðu að staldra við svo þú áttir þig á að þú skilur þetta allt nú þegar. Þú veist um hvað ævintýri snúast og hvernig þau eru uppbyggð, alveg eins og þú veist hvernig dæmigert dægurlag hljómar.

Ævintýri er einfaldlega ákveðið form af sögu. Það er yfirleitt dregið upp á mjög skýran hátt, upphafið er skýrt, atburðarásin er skýr, markmiðið er skýrt, boðskapurinn er skýr og endalokin eru mjög skýr, svo skýr að það er til sérstakur endir:

Köttur úti í mýri, setti upp á sig stýri, úti er ævintýri.

Eins og slaufa utan um fallegan pakka.

Og af því að við þekkjum reglurnar í ævintýrunum svo vel er algengt að önnur listaverk, t.d. sögur og kvikmyndir, byggja á þeim. Reglurnar kallast **ævintýraminni**. Byrjum þessa vinnu á því, í sameiningu, að rifja reglurnar upp og skrásetja þær með bekknum.



Hvað vitið þið um ævintýri?

Hvaða ævintýri þekkið þið, bæði íslensk og erlend? Hvernig er dæmigert ævintýri? Hvaða sögupersónur eru nauðsynlegar? Hvernig mega sögupersónurnar vera? Hvernig eiga þær að vera? Hvaða reglur gilda um þær? Hvernig eiga tengslin á milli sögupersóna að vera? Í hvaða tíð á frásögnin að vera? Hvað einkennir atburðarásina umfram annað? Hvað þarf atburðarásin að innihalda?

Ævintýri er því í raun ekkert annað en safn af staðalmyndum – og staðalmyndir eru eins konar **fordómar** okkar eða fastar hugmyndir um það hvernig hlutirnir eiga að vera.

Hér á eftir er eitt af þekktustu íslensku ævintýrunum. Hafðu í huga við lesturinn hvað er dæmigert og hvað ekki; hvað þú kannast við og hvað kemur á óvart; á hvað þetta ævintýri minnir þig. Mundu einnig að allar sögur eiga sér skýrt upphaf, miðju og endi (inngang, meginmál og lokaorð), þótt sum þessara atriða komi ekki fram í sjálfri frásögninni heldur t.d. í forsögunni sem er ósögð.

**For-dómar merkir
í raun að dæma fyrir fram
og gefa sér að eitthvað
sé svona eða hinsegin,
án mikilla upplýsinga.**

Ævintýri – Sagan af Helgu Karlsdóttur

Einu sinni var karl og kerling í koti. Þau áttu þrjár dætur, sem hétu Ása, Signý og Helga. Tvær hinar eldri voru hinar mestu státsmeyjar og bárust mikið á. Þjuggust þær á hverjum degi við tignum og ríkum biðlum, en sammála voru þær um það, að óhætt væri að hryggbrjóta nokkra þá fyrstu sér til gamans, – nógir mundu samt bjóðast, þegar þær að kæmi. Helga var þeirra yngst og var höfð út undan, var látin vinna verstu stritverkin á heimilinu og klæðast slitnum görmum af systurum sínum. En engum þeim, sem sá þær systur, blandaðist hugur um það, að Helga var þeirra fegurst og gervilegust. Það datt þeim systurum hennar síst í hug, og sjálf vissi hún það ekki heldur.

Þrítala:
Í ævintýrum kemur talan þrjú mjög oft fyrir með ólíkum hætti. Þetta þekkjum við líka úr mörgum gátum og bröndurum.

Hvaða önnur ævintýri minnir þessi lýsing á? Taktu eftir því að allir virðast vita að Helga er fallegust, nema hún sjálf og systur hennar. Er lýsingin á Helgu og systurum hennar óvenjuleg eða dæmigerð?

Eftir þessa fyrstu lýsingu hefur farið fram helsta kynning á bakgrunni ævintýrisins og inngangi þess þar með lokið. Í næstu setningu verða ákveðin skil með fyrstu orðunum – þá beygir frásögnin í einhverja ákveðna átt. Og forvitni okkar vaknar ...

Einn morgun var Ása að sækja sér þvottavatn í brunninn. Þá sá hún allt í einu undurfagra kvenmannsásjónu speglast í vatninu. Horfði hún hugfangin á hana um stund og mælti við sjálfa sig: „Þess vildi ég óska, að ég væri svona fríð.“

Þá leit hún upp aftur og sá hjá sér standa konu eina fagra og tígulega. „Vildir þú vera svona fríð?“ spurði konan.

„Já,“ svaraði Ása, „ég vildi allt til þess vinna.“

„Þá skaltu koma með mér,“ sagði konan, „en þú verður þá líka að gera allt, sem ég bið þig.“ Ása játaði því, og þá leiddi konan hana með sér út í skóg. Gengu þær nokkra stund, þangað til þær komu að háum hól. Dyr voru á hólnum, og gengu þær rakleitt inn í hann. Voru þar húsakynni harla fögur og rúmgóð. Konan veitti Ásu bæði mat og drykk, en leiddi hana síðan að vefstól, sem stóð þar með marglitum vef. Bað konan hana að vefa áfram og fella fyrir sig vefinn. Lofaði Ása því og tók þegar til starfa. En af því að hún kunni ekkert til vefnaðar, tókst svo illa til, að hún ónýtti vefinn.

Í öllum ævintýrum þurfa aðalpersónur að leysa verkefni til að öðlast einhvers konar verðlaun, fjársjóð eða upphæfð og virðingu – oftast eru verkefnin þrjú talsins og því eigum við hugtak sem heitir þrítala.

Þá mælti konan: „Þetta fórst þér illa, en það gerir minnst til, ef þér ferst annað verk betur, sem meira varðar. Nú langar mig til að biðja þig að mjólka kýrnar mínar, og þótt einhverjar skepnur komi og vilji sleikja froðuna ofan af fötunni hjá þér, þá máttu ekki amast við því, – og mundu það lengst allra orða.“

Ása staðlofaði því, fór með fötu út í fjósið og fór að mjólka kýrnar. Þegar hún hafði lokið því verki og setti fötuna frá sér, kom þar að afar stór og ljótur fressköttur og fór að sleikja froðuna af mjólkinni. Þá komu líka margar rottur og mýs og sýndu sig í því sama. Þá varð Ása fokreið og barði þetta hyski með svuntu sinni, svo að það þaut dauðhrætt sitt í hverja áttina.

Ása getur ekki hlýtt þessum einföldu tilmælum konunnar. Hún er hamslaus; verður fokreið og ræðst á skepnurnar. Samt veit hún að verkefnin sem hún hefur verið beðin um að leysa eiga að færa henni mikla fegurð. Hvað segir þetta ykkur um skapgerð Ásu? Hvernig persóna er Ása?

Færði hún síðan konunni mjólkurfötuna og sagði henni, hvernig farið hefði. „Þá efndir þú loforðið miður en skyldi,“ sagði konan alvarlega. „Það er vandséð, hvort þú getur orðið fríðari en þú ert nú. En hvort sem það verður eða ekki, þá skaltu fá kistil þenna að verðlaunum. Máttu ekki opna hann fyrr en á brúðkaupsdegi þínum.“ Síðan rétti konan Ásu grænan kistil, en hún varð himinglöð, þakkaði konunni fyrir og

skundaði heim til sín. Sagði hún foreldrum sínum og systur frá því, sem fyrir hana hafði borið, sýndi þeim kistilinn og kvaðst vera viss um, að í honum væri dýrindis kyrtill og aðrar gersemar, sem færu henni svo vel, að hún yrði fegursta brúður, sem sést hefði á landi hér.

Ása og Signý virðast búa yfir öllum verstu mannkostum sem hugsast getur. Ása kemur heim með kistilinn og er full af óskhyggju, viss um að allt gott muni koma upp úr kistlinum. Samt leysti hún ekki verkefnin. Í næstu setningu sérðu að Signý er drifin áfram af öfund og hún fer sömu leið og Ása.

Signý öfundaði systur sína mjög og einsetti sér að ná fundi konunnar tígulegu, ef unnt væri. Fór hún einn morgun út að brunninum til þess að sækja þvottavatn og sá þá í vatninu hina sömu yndisfögru kvenmanns-ásjónu, sem Ása hafði séð. Er ekki að orðlengja það, að það fór allt á sömu leið um hana eins og Ásu, að hún fór með konunni í hólinn, ónýtti vefinn, mjólkaði kýrnar og rak kvikindin í burtu, þegar þau ætluðu að sleikja froðuna ofan af fötunni. Konan hafði hin sömu orð og áður um verk hennar, gaf henni kistil bláan og sagði henni, að hún mætti ekki opna hann fyrr en á brúðkaupsdegi sínum. Signý kvaddi konuna og kom heim hin kátasta. Voru þær eldri systurnar tvær í sjöunda himni yfir kistlum sínum og létu þau tíðindi berast, að í þeim mundu vera hinir dýrustu gripir, gull og gersemar.

Fréttist þetta víða, og urðu margir til að leita ráðahags við þær, en þær voru vandlátar í vali og hryggbrutu marga. Að síðustu tóku þær tveimur ríkismannasonum, og stóðu nú ósköp til fyrir þeim.

Eftir að hafa eignast fallegu kistlana sína verða þær systur mjög hrokafullar og hryggbrjóta marga menn – enda kemur fram í upphafi ævintýrisins að þeim þyki það skemmtileg íþrótt ...

Það er af Helgu að segja, að hún var alltaf látin vera sama olnbogabarnið, og auk þess voru systur hennar að gabba hana og stríða henni á því, að ekki ætti hún neinn kistilinn og aldrei mundi nokkur ærlegur maður verða svo heimskur að biðja hennar. Helga bar þetta með mestu þolinmæði og ansaði því engu orði. Svo var það einn dag, að hún var að sækja vatn í brunninn. Þegar hún laut niður eftir brunnfötunni, sá hún allt í einu í vatninu hina sömu ásjónu og systur hennar höfðu séð áður. Helga horfði með aðdáun á hana drygklanga stund, en þá var sagt að baki hennar: „Langar þig ekki til að vera svona fríð?“

Helga leit við og sá þá, að hjá henni stóð hin tígulega kona, sem farið hafði með systur hennar í hólinn. „Því ekki það?“ svaraði Helga. „En mér er nú varla ætlað svo gott,“ bætti hún við og leit niður fyrir sig.

Helga vill í sjálfu sér verða fríð, en það er henni ekki eins mikið hjartans mál og systrum hennar

(þær segjast vilja allt til þess vinna). Helga er því sáttari í eigin skinni og hógvær gagnvart væntingum til lífsins. Eða kannski trúir hún því einfaldlega ekki að henni geti áskotnast eitthvað svona gott? Kannski hefur hún alla ævi fengið önnur skilaboð og því þurft að gera sér að góðu það sem hún hefur? Hvað heldur þú?

Konan bauð henni að fara með sér til híbýla sinna, og þá Helga boðið. Gengu þær nú, þar til þær komu í hólinn, og þótti Helgu þar fagurt um að litast. Konan bað hana að ljúka við vefinn og fella hann af. Tók Helga þegar til starfa, gekk verkið greiðlega og vel, svo að hún hafði lokið því á stuttri stundu.

„Vel fórst þér verkið,“ mælti konan vinsamlega, „og mun svo fleira eftir fara, ef ég get rétt til. Nú langar mig til að biðja þig að mjólka kýrnar mínar, og ef einhver kvikindi koma, sem vilja lepja froðuna af fötunni, þá þætti mér vænt um, að þú amaðist ekki við því.“ Helga lofaði því og fór svo í fjósið. Þegar hún hafði lokið við að mjólka kýrnar og sett fötuna á fjósstéttina, kom stór og úfinn fressköttur og margar mýs og rottur. Settist þetta hyski að fötunni og fór að lepja froðuna, en Helga lét sér það vel líka, strauk kettinum og lék við mýsnar og rotturnar. létu kvikindin vel að henni og hlupu ánægð í burtu, þegar þau höfðu lapið nægju sína. Síðan skilaði Helga konunni fötunni og sagði henni, hversu farið hafði.

„Vel gerðir þú,“ sagði konan, „og ekki skulu verk þín vera vanlaunuð af minni

hendi, ef ég má mín nokkurs.“ Þá leiddi hún Helgu inn í skrautlegt herbergi. Var þar fyrir maður tígulegur og mörg yndisleg börn. „Þarna sérðu manninn minn og börnin mín,“ mælti konan. „Þú ein hefur borið gæfu til að frelsa þau úr hryllilegum álögum, sem á þeim hvíldu. Fyrir stuttri stundu voru þau köttur, mýs og rottur, sem leituðu að fótunni hjá þér til að sleikja froðu.“

Í mjög mörgum ævintýrum eru fallegar og saklausar manneskjur fastar í álögum vondra afla. Hér er það sama uppi á teningnum ...

„Svo stóð á, að maðurinn minn varð fyrir reiði álfakóngsins, sem í refsingarskyni breytti honum í fresskött, en börnunum okkar í mýs og rottur. Áttu þau ekki að komast úr þeim álögum, fyrr en óspjölluð, mennsk mæri léti vel að þeim. Sú refsing átti að nægja mér sjálfri að þurfa að horfa upp á eyndarástand manns míns og barna, en auk þess var mér fenginn vefur, sem ég aldrei átti að geta lokið við og felld af, fyrr en hin sama mennska mæri rétti mér góðfúslega hjálparhönd við verkið. Nú hefur þú frelsað okkur öll úr böli og bágindum, og muntu verða hin mesta fríðleiks- og gæfukona. Vil ég gefa þér kistil þenna, en ekki máttu opna hann fyrr en á brúðkaupsdegi þínum.“ Þá rétti konan Helgu kistil rauðan og bað hana vel njóta.

Helga hlýðir konunni, hún er handlagin og leysir verkin vel og hún er góð við alls kyns dýr,

jafnvel rottur. Hún sýnir að hún hefur hreint hjarta – og þannig leysir hún úr þeim álögum sem liggja á bak við. Helga leysir vanda konunnar án þess að reyna það – hún gerir það einfaldlega með því að vera hún sjálf. Og það eru töfrar ævintýrisins.



Síðan kvaddi Helga álfahjónin og börn þeirra með þökkum og fór heim í kotið til karls og kerlingar. Sýndi hún þeim kistilinn, en lést ekki halda, að í honum væru neinar dýrar gersemar. Systur hennar þóttust líka fullvissar um, að í sínum kistlum væri miklu meira fé fólgið. Leið nú að því, að eldri systurnar giftu sig.

Jafnvel eftir að hafa leyst öll verkefni er Helga áfram hógvæ. Þetta sérðu t.d. á því að hún lætur ekki mikið með sinn kistil; hún hreykir sér ekki eða telur sig merkilegri manneskju fyrir vikið. Manstu hvernig þær

Ása og Signý hegðuðu sér? Það er greinilegur munur á þeim og Helgu.

Einn dag bar þar að garði ungan mann og snyrtilegan. Leitaði hann ráðahags við Helgu, og af því að henni geðjaðist vel að manningum, tók hún bónorði hans, þótt hann væri fátækur og lítill ættar. Göbbuðu systur hennar hana fyrir lítilfjörlegan unnusta, en Helga lét, sem hún heyrði það ekki. Var nú ákveðinn brúðkaupsdagur þeirra systra þriggja, og var mörgum boðið. Hlökkðu eldri systurnar ákaflega mikið til að skryðast hinum dýru kyrtlum, sem þær þóttust vissar um, að væru í kistlum sínum, en Helga lét sér hægt um.

Taktu sérstaklega eftir því hvers vegna Helga tekur bónorði mannsins.

Opnuðu þær systur allar kistla sína í sama mund, og skein eftirvæntingin og forvitnin af hverju andliti. Upp úr kistlum eldri systranna spruttu eiturnöður, sem stukku upp í andlit þeirra og bitu þær í nefin, svo að þær hljóðuðu upp. Blésu nef þeirra og andlit upp, og urðu þær á stuttri stund svo ferlegar ásýndum, að festarmenn þeirra fylltust ótta og viðbjóði, stukku burtu án þess að kveðja og létu ekki sjá sig frammar. En í kistli Helgu var hinn dýrasti kyrtill, alsettur gimsteinum og perlum, svo að ljómaði af skrautinu. Auk þess var í honum allmikið fé í gulli og silfri. Þegar Helga klæddist kyrtlinum, var hún svo fögur ásýndum, að allir féllu í stafi, og þóttust

aldrei slíka brúði séð hafa. Var slegið upp hinni veglegustu veislu, og að því búnu fór hún heim með manni sínum.

Hér er frásögninni greinilega formlega lokið og það sem eftir kemur eru lokaorðin. Þar fáum við að vita hvað varð um þær systur. Taktu eftir litunum á kistlunum. Af hverju eru þeir svona á litinn? Ber liturinn sérstaka merkingu?

– Unnust þau vel og lengi, urðu hinar mestu gæfumanneskjur og þjóðfræg fyrir rausn og góðgerðasemi. En það er af þeim systur, Ásu og Signýju, að segja, að þær voru jafnófríðar alla ævi, svo að enginn lifandi maður vildi líta við þeim. Tóku þær sér það mjög nærri, og versnaði skap þeirra því meir, sem þær eltust. Lentu þær í mesta basli og bágindum og hefðu vafalaust lognast út af vegna skorts og vanþrifa, ef Helga systir þeirra hefði ekki jafnan bætt úr brýnustu þörfum þeirra.

Lýkur svo sögu þessari.

Taktu eftir því að launin fyrir verkin vara alla ævi hjá þeim systur. Ása og Signý stóðu sig illa og gjalda fyrir það með því að enda einar, fátækar og afskræmdar. Helga stóð sig hinsvegar með þryði og á gott líf, hún er sú sem bjargar því sem bjargað verður.

- Er þetta dæmigert ævintýri eða sker það sig úr á einhvern máta? Skoðaðu hvernig ævintýrið skiptist í upphaf, miðju og endi.
- Hvaða boðskapur liggur undir í frásögninni? Hvaða lærdóm er höfundur að biðja lesendur um að draga? Hvaða hegðun er æskileg og hver er óæskileg?



1.

Ævintýri í sögurömmum

Hér er tilvalið að rekja atburðarás ævintýrisins á einfaldan máta. Hversu einfaldan? Svo einfaldan að ævintýrið komist inn í sex söguramma í myndasöguformi? Hvað gerðist fyrst? Hvað svo?

2.

Skrifaðu eigin ævintýri

Skrifaðu örævintýri (100 orð) sem byggir á mjög dæmigerðum efnisatriðum:

- prins, riddari, prinsessa, þrjár þrautir, dreki, hálf konungsríkið

3.

Kvikmynd

Vinnið í þriggja manna hópum og stillið efni ævintýrisins upp í stuttmynd, kvikmynd eða sjónvarpsþáttaröð. Byrjið á að velta fyrir ykkur titli og færið svo út kvíarnar:

- Hvaða íslensku leikarar verða fyrir valinu í hlutverk sögupersónanna? En erlendir leikarar?
- Veljið sviðsetningu og tímabil.
- Hvaða íslenska popplag gæti verið upphafslag sjónvarpsþáttanna sem byggir á þessu ævintýri?

4.

Upp með ævintýrið!

Vinnið saman í hópum og setjið á svið ævintýri að eigin vali, sígilt eða frumsamið. Áður en æfingar byrja þarf að gera handrit úr ævintýrinu, því næst þarf að velja í hlutverkin og loks æfa verkið og setja það á svið.

Atriði til að hafa í huga:

- hvað einkennir málsnið í ævintýrum? Er orðalag hefðbundið, er orðaröð venjuleg?
- hvernig eru sagnorð notuð í ævintýrum (nútið, þátíð)?

5.

Sagnaminni

Minnti þetta ævintýri þig á önnur ævintýri, sögur eða kvikmyndir? Hugsaðu t.d. um kvikmyndir sem þú hefur séð nýlega. Rifjaðu upp nokkrar sem byggja á svipuðum hugmyndum (barátta góðs og ills, verkefni, þrautir, heiður, veraldlegt ríkidæmi, félagslegt ríkidæmi eða andlegt ríkidæmi). Ræðið í litlum hópum.

6.

Ef ævintýrið um Ásu, Signýju og Helgu gerðist á Akureyri eftir hundrað ár, hvaða þrjár þrautir myndi álfkonan leggja fyrir þær systur?

7.

Systurnar Ása og Signý geta ekki farið út fyrir hússins dyr eftir að eiturnöðurnar bitu þær í nefið og afskræmdu andlit þeirra. Þær þrá ekkert heitar en að öðlast sitt fyrra líf aftur. Í reiði sinni ákveða þær að senda kvörtunarbréf til álfkonunnar. Hvernig skyldi það vera? Skrifðu bréfið í þeirra nafni.

Að skrifa formlegt bréf

Staður (í þgf.), dagsetning

Ávarp

Stutt kynning á erindi.

Meginmál – erindið útskýrt vel og vandlega.

Bréflök – orðum aftur beint að viðtakanda, hugsanlegar lausnir kynntar.

Kveðja

Undirskrift

Vísun er þegar höfundur notar þekkt atriði eða setningar úr öðrum verkum eða samfélagslegar staðreyndir og ætlast til að lesandinn þekki þær og skilji. Sá sem segir: „Já sæll! Eigum við að ræða það eitthvað“ er t.d. dæmis að vísa í sjónvarpsþættina *Næturvaktina*.

En hvert er sá að vísa sem segir: „Ég geri ekki neitt fyrir neinn sem gerir ekki neitt fyrir neinn?“

Hvað með: „Emil ... stráskratti!“

Eða þá sem segir: „Ég er svo þreytt að ég gæti sofið í heila öld!“

Málfræðimoli um sagnorð

Sagnorð eða sagnir segja frá því sem gerist eða gerðist. Þær eru kjarni hversrar setningar og hafa oft úrslitaáhrif um merkingu og skilning okkar á henni.

Sagnorð eru auðvitað algerlega ómissandi hluti af tungumálinu – en það gildir svo sem um alla aðra orðflokka!

Sumar setningar geta meira að segja aðeins innihaldið eitt orð, eitt sagnorð: „Komdu!“ „Farðu!“

Anna: „Hva! Af hverju ertu að **stara** á mig?“

Bára: „Ég er bara ... ég rétt **leit** á þig og ...“

Anna: „Já – hvað ertu að **glápa** á mig? Af hverju stendurðu þarna og **gónir** á mig eins og ég veit ekki hvað? Það er dónaskapur að **mæla** fólk út!

Mæna á það! Hvað er að þér?“

Bára: „Ég var bara að **horfa** á nýju gleraugun þín, finnst þau svo flott.“



Sagnorð

„Einu sinni var karl og kerling í koti.
Þau áttu þrjár dætur, sem hétu Ása,
Signý og Helga.“

Tókstu eftir því að ævintýrið um Ásu, Signýju og Helgu er **skrifað í þátíð? Helsta einkenni sagnorða er einmitt tíðbeyging** – þau beygjast í nútíð og þátíð.

Nú þegar kanntu muninn á nútíð og þátíð; á því sem gerist í dag og því sem gerðist í gær. Hins vegar er gott að rifja upp hvernig skrifa á sagnorð í þátíð en sum þeirra geta verið ansi snúin og okkur hættir til að víxla eða fella niður stafi. Einföld regla er að finna **stofn sagnorða** en hann finnur þú með því að finna nafnháttinn og draga frá honum endinguna.

Nafnháttur er orðabókarmynd sagnarinnar. Fyrir framan sögn í nafnhætti má oft setja nafnháttarmerkið að.

Dæmi: að lesa.

Algengar endingar eru -a og -ja:

Nafnháttur	stofn	Nafnháttur	stofn
að sofa	sof	að byggja	bygg
að rigna	rign	að tyggja	tygg

Við segjum: Það „**rindi**“ í gær. En af hverju skrifum við þá: Það „**rigndi**“ í gær?
Stofn sagnorða hjálpar þér:

- að raða stöfum í rétta röð þegar framburðurinn er ruglandi:
Við segjum í raun: Skipstjórinn **sildi** skipinu í strand.
En sögnin er **að sigla**.
Þess vegna er stofninn **sigl**.
Og því skrifum við **sigldi** og **sigldum**.
- að skrifa réttan fjölda stafa þegar framburðurinn gefur ekki skýrar vísbendingar:
Sögnin er **að skemma**.
Þess vegna er stofninn **skemm**.
Og þess vegna skrifum við **skemmdi** og **skemmdum**.
- að búa til samsett orð og nýyrði
Skoðaðu orðið **skemmtidagskrá**.
Það er sett saman úr sögninni **að skemmta** og **dagskrá**.
Þess vegna er stofninn **skemmt**.
Og þess vegna skrifum við **skemmtidagskrá**.

8.

Nú skaltu breyta textanum hér fyrir neðan í þátíð. Gættu þín vel, það eru nokkur varasöm sagnorð í honum. Mundu að hugsa þig alltaf um áður en þú skrifar sagnorðin og byrja á að finna stofninn. Finndu líka hvernig blæbrigði textans breytast þegar tíðin breytist.

Embla er ekki almennilega með hugann við skákina, enda teflir hún í fjórða skipti við afa sinn þennan sama dag. Afi hefur þann háttinn á að hann kennir henni fyrst mannganginn og tengir svo saman ýmsar fléttur, skákbyrjanir og bolabrögð sem hann beitir svo á Emblu, án nokkurrar miskunnar. Enda er afi skákmeistari af lífi og sál; ekki einhver sem hengir haus og yggilir brúnum þegar í harðbakkann slær og andstæðingurinn leikur hyggilega.

Embla lygnir aftur augunum og lætur hugann reika að skólanum og önninni framundan. Hún hugsar um það hvernig allt hangir á sömu spýtunni; hvernig námsframvindan byggir á því að hún vinni jafnt og þétt án þess að gefast upp.

Orðamyndun

Mörg sagnorð og nafnorð eru náskyld enda búin til hvert úr öðru – á báða bóga.

Sjáðu þessi dæmi hér:

Að lesa (so.) → lestur og læsi (no.)

Ijós (no.) → lýsa (so.)

Að spila (so.) → spil (no.)

sorg (no.) → syrgja (so.)

9.

Finndu eða búðu til sagnorð eða lýsingarorð sem eru skyld nafnorðunum hér og semdu nýja merkingu fyrir þau.

Dæmi:

kaffi – að kaffa yfir sig (að drekka of mikið kaffi)

– að vera mjög kaffaður (að hafa drukkið mjög mikið af kaffi)

hor – að vera mjög horaður (að vera kvefaður)

– að horast (að kvefast)

fjall slím mjólk ást foss valhopp



Viðtöl

Stór þáttur í starfi blaðamanna er að taka viðtöl við fólk. Áður en þeir hitta viðmælanda sinn þurfa þeir að undirbúa sig. Það gera þeir með því að safna að sér upplýsingum um það sem á að ræða og semja spurningar.

Við gerð spurninga er gott að hafa í huga:

- Opnar spurningar – það þýðir að ekki er hægt að svara með já eða nei.
- Spurnarorðin – hvað, hvar, hvernig, hvers vegna, hvenær.
- Spurningarnar þurfa að mynda samhengi.

Þegar viðtalið hefur farið fram skrifa blaðamennirnir það upp. Þeir semja kynningu á viðmælanda í upphafi (það er einhver ástæða fyrir að viðkomandi er fenginn í viðtal og það þarf að segja frá henni) og eftir hana kemur viðtalið sjálft. Oftast er það í samfelldu máli og spurningarnar eru gjarnan auðkenndar með feitiletrun eða skáletrun. (Ef viðtalið er handskrifað er t.d. hægt að strika undir spurningarnar með penna til aðgreiningar frá svari viðmælanda).

10.

Taktu viðtal við Rauðhettu, Bósa ljósár eða Adam og Evu (eða þau bæði). Hafðu vinnubrögð blaðamanna á bak við eyrað!

11.

Skrifaðu upp öll sagnorðin úr viðtalinu í 10. verkefni. Greindu þau í persónu og tölu.

Meira um sagnorð

Sagnorð geta verið persónuleg og ópersónuleg.

Hefurðu heyrt um þágufallssýki? Hvernig lýsir hún sér? Er hún ólæknandi? Er hægt að fá lyf við henni?

Persónulegar sagnir breytast eftir því til hvaða persónu þær vísa.

	et.	et.
1.p	Ég hlakka til.	Við hlökkum til.
2.p	Þú hlakkar til.	Þið hlakkið til.
3.p	Hún hlakkar til.	Þær hlakka til.

Ópersónulegar sagnir breytast ekki þótt breytt sé um persónu og þær eru alltaf sagðar standa í 3. persónu eintölu.

1.p	Mig langar. Okkur langar.	Mér þykir. Okkur þykir.
2.p	Þig langar. Ykkur langar.	Þér þykir. Ykkur þykir.
3.p	Hann langar. Þá langar.	Honum þykir. Þeim þykir.

Sterkar sagnir eru flóknari og sjaldgæfari en **veikar sagnir**. Ung börn læra mjög fljótt regluna um beygingu veikra sagna (en vita auðvitað ekki hvað hún heitir) og yfirfæra hana á sterkar sagnir.

Lagið um það sem er bannað

Lag og texti: Sveinbjörn I. Baldvinsson

Það má ekki pissa bak við hurð
og ekki henda grjóti oní skurð
ekki fara í bæinn
og kaupa popp og tyggjó
og ekki nota skrufjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða út í sjó
og ekki fylla húfuna af snjó
ekki tína blómin
sem eru út í beði
og ekki segja ráddi heldur réði.

Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið
það er alltaf að skamma mann
þó maður geri ekki neitt
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall
ekki skjóta pabba
með byssunni frá ömmu
og ekki tína orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla inn í búð
og ekki gefa litla bróðir snúð
og ekki fara að hlæja
þó einhver sé að detta
ekki gera hitt og ekki þetta.

Þetta fullorðna fólk er svo skrýtið
það er alltaf að skamma mann
þó maður geri ekki neitt
það er alltaf að skamma mann.

12.

Af hverju má ekki segja ráddi, súpti eða leikti?

Við beygjum sagnorð ýmist veikt eða sterkt. Sagnirnar að ráða, súpa og leika eru sterkar sagnir – sem stundum eru beygðar eins og þær séu veikar.

Flettu reglunni um beygingu (kennimyndir) sagnorða upp í málfræðibók og skrifaðu hana í stílabókina þína. Hvernig þekkirðu veikar sagnir? En sterkar?

Beyging sagnorða finnst í 2. kennimynd.

Ég borð-aði í gær = veik Ég las í gær = sterk

13.

Skrifaðu nú kennimyndir tíu sagnorða úr Laginu um það sem er bannað og greindu beygingu þeirra.

14.

Sagnorðið að brenna er til bæði í veikri og sterkri beygingu. Beygðu það í kennimyndum. Hver er merkingarmunur á sögninni eftir beygingu?

15.

Vinnið saman í pörum eða þriggja manna hópum og semjið nýjan texta við þetta lag.

Haldið ykkur við það sem er bannað.

Það er gott að klappa taktinn (telja atkvæðin) til að útkoman verði góð. Gefið ykkur að lokum tíma til að æfa flutning á laginu fyrir bekkinn.



Greinarmerki

Þessi smáatriði sem við köllum greinarmerki eru eins og umferðarljós og vegir í tungumálinu – þau hjálpa okkur við að lesa, greina á milli orða og merkingar í setningum. Stundum skiptir öllu máli hvar greinarmerki eru í setningu, eins og t.d. í þessu dæmi hér. Sjáðu hvernig merkingin gjörbreytist eftir því hvar komman er staðsett:

Jón var ekki vitund betri, en Gunnar kunni þó að skammast sín.

Jón var ekki vitund betri en Gunnar, kunni þó að skammast sín.

Ég skal ávarpa ráðherra, sérstaklega ef þú biður mig um það.

Ég skal ávarpa ráðherra sérstaklega, ef þú biður mig um það.

16.

Er hægt að nota greinarmerki til að skilja þessar setningar á ólíkan hátt?

Drepið hann ekki bíða þangað til ég kem.

Hundar bitu karla og konur hlupu burt og geltu.

17.

Hér fyrir neðan er texti þar sem öll greinarmerki hafa verið fjarlægð. Lestu hann upphátt og finndu hvernig heilinn á erfitt með að ná almennilega merkingunni í honum. Skrifðu hann svo upp og bættu greinarmerkjum inn í hann á stöðum sem virka eðlilegir. Mundu að huga að öllum tegundum greinarmerkja – ekki bara punktum og kómmum.

afi og amma voru allt í einu tvö yfir kistunni þau horfðu niður áður en afi hallaði sér og lagði nokkra kossa á ennið amma var stjörf eins og ég í sætinu því einhver hafði fjarlægt fínofna klútinn ennið hlaut að vera kalt eins og rúða ég sá fyrir mér barnabarnakórinn á jóladegi fyrir mörgum árum örugglega áratug og afa við píanóið að spila nú skal segja og leiðbeina okkur í söngnum með svipbrigðum við danni vandræðalegir með hendur í vösum í aftari röðinni tveir elstir og brostum rjóðir af feimni múturnar farnar að gera vart við sig og engin hljóð jólaleg úr okkar börkum ég leit aftur upp á litríka glerveginn út undan mér mjög óljóst sá ég svartklæddar verur teikna kross í loftið yfir kistunni hverja á fætur annarri.

?

:

!

.

,

“ ”

18.

Skoðaðu greinarmerkin hér:

Einn morgun var Ása að sækja sér þvottavatn í brunninn. Þá sá hún allt í einu undurfagra kvenmannsásjónu speglast í vatninu. Horfði hún hugfangin á hana um stund og mælti við sjálfa sig: „Þess vildi ég óska, að ég væri svona fríð.“ Þá leit hún upp aftur og sá hjá sér standa konu eina fagra og tígulega. „Vildir þú vera svona fríð?“ spurði konan. „Já,“ svaraði Ása, „ég vildi allt til þess vinna.“ „Þá skaltu koma með mér,“ sagði konan, „en þú verður þá líka að gera allt, sem ég bið þig.“ Ása játaði því, og þá leiddi konan hana með sér út í skóg.

Hvaða reglur gilda um þessi greinarmerki eins og þau eru notuð í textanum?

- Punktur
- ? Spurningamerki
- „...“ Gæsalappir
- : Tvípunktur
- , Komma

Reglur um greinarmerkjasetningu finnur þú t.d. á netinu og í *Skrifinni* bls. 57–63.

Bein og óbein ræða

Það kallast **bein ræða þegar orðrétt er haft eftir fólki**: „Vildir þú vera svona fríð?“ spurði konan. **Bein ræða er auðkennd með gæsalöppum**.

Í óbeinni ræðu eru orð höfð óbeint eftir fólki: Konan spurði hvort hún vildi vera svona fríð.

Taktu eftir að spurningamerki er sleppt þegar spurning er höfð óbeint eftir.

19.

Breyttu setningunum hér úr beinni ræðu í óbeina ræðu.

„Það er gott veður úti,“ sagði Ragnar.
Þú sagðir: „Mig langar í fótbolta.“
Sara hrópaði hátt: „Þetta er skemmtilegt!“
Hann sagði: „Ég nenni ekki að leika.“
„Hvar er hjálmurinn þinn?“ spurði lögregluþjóninn.

20.

Breyttu setningunum hér úr óbeinni ræðu í beina ræðu.

Jón sagði að kakan væri góð.
Ég spurði hvort þú værir hress.
Þau sögðu að við mættum koma.
Edda sagði að bækurnar væru spennandi.

Sakamálaþraut sem byggir á ævintýraforminu

Flest erum við að einhverju leyti veik fyrir gátum. Við fyllum í krossgátur, leggjum orðagátur fyrir hvert annað, reiknum stærðfræði- og verkfræðiþrautir. Eins og fram hefur komið erum við eins konar gangandi skilningsvélur sem erum alltaf að leita að þrautum og lausnum – alltaf að reikna út

umhverfi okkar og sjá sambengið, bæði í orðum, tölum, táknum og myndum.

Hér er til gamans stutt sakamálaþraut. Og ef þú passar þig ekki gætirðu rekist á **vísanir** í ævintýrið sem þú varst að enda við að lesa.



Farið hefur fé betra – sakamálaþraut

Herkúles Hvalfjörð strauk á sér vel snyrt skeggið, hugsandi á svip.

Þetta var allt hið undarlegasta mál.

Jón Sæmundsson, dómari, hafði verið myrtur. Eiginlega fannst Herkúlesi svo sem ekkert skrítið við það, þar sem dómariinn hafði verið afskaplega illa liðinn. Eiginlega hinn versti maður á allan hátt, hugsaði Herkúles með sér. Það var öllu fremur undarlegt að hann skyldi ekki hafa verið myrtur fyrr. En það sem Herkúlesi fannst furðulegt við þetta mál var það hvernig Jón Sæmundsson hafði verið myrtur.

Hér er forvitni okkar vakin svo um munar! Hver er að segja þessa sögu? Og hvernig var Jón Sæmundsson myrtur? Og hver skírir barnið sitt Herkúles Hvalfjörð?

Jón hafði menntast í Bretlandi og verið félagi í fremur fámennum karlaklúbbi í Reykjavík, sem var svona snobklúbbur að enskum sið, þar sem menn sátu í hægindastólum, drukku viskí, reyktu góða vindla og lásu dagblöðin. Þannig hafði Jón einmitt fundist myrtur. Með hálf

viskíglas við hlið sér, vindilstubb og dagblað yfir höfðinu og bringunni. Aðrir klúbbfélagar og þjónarnir höfðu talið að hann hefði einfaldlega sofnað út frá blaðinu eins og hann gerði svo oft.

Loksins hafði þó einn þjónninn tekið eftir því að á dagblaði Jóns var gat, líkt og eftir byssukúlu.

Jón Sæmundsson hafði verið skotinn.

En Jón Sæmundsson hafði ekki aðeins verið skotinn. Það hafði einnig verið eittrað fyrir honum. Ekki bara einu sinni, heldur tvisvar.

Banvænt eitur hafði fundist í viskíglasinu og önnur tegund af sterku, hægvirku eitri í matnum hans. Hafði morðinginn ætlað að hafa vaðið fyrir neðan sig og sjá til þess að Jón geispaði alveg örugglega golunni?

Hér notar höfundurinn rólega uppbyggingu til að leiða lesendur áfram. Fyrst er gefið í skyn að Jón hafi sofnað, næst kemur fram að hann hafi verið skotinn, því næst að það hafi verið eittrað fyrir honum ... og svo að það hafi ekki gerst einu sinni heldur tvisvar!

Hugsaðu þér ef höfundur hefði einfaldlega skrifað: Jón Sæmundsson hafði verið skotinn og eittrað fyrir honum með tvenns konar eitri. Það er miklu óskýrari frásögn og ekki nándar nærri jafn spennandi! Þarna kemur aftur fram þrítalan sem er svo einkennandi fyrir ævintýrafrásagnir.

Herkúles rifjaði upp það sem hann vissi um Jón og það sem hann hafði heyrt. Jón var frægur fyrir að vera með ólíkindum strangur dómari. Þeir voru sannarlega margir glæpamennirnir sem viljað höfðu hann feigan. Herkúles mundi til dæmis eftir Gísla Hrútfjörð, sem ekið hafði undir áhrifum áfengis á ljósastaur og fengið þunga fjársekt og langa fangavist að auki, þó að um fyrsta brot væri að ræða. Hann hafði í örvæntingu sinni stytt sér aldur. Svo var það Hallveig Fróðadóttir, sem hnuplað hafði trefli úr vefnaðarvörubúðinni við Skarphéðinsgötu og fengið ámóta dóm. Síðan hafði enginn viljað ráða hana í vinnu. Já, að ógleymdum Ólafi Eitilharðssyni, sem hafði ekið yfir á rauðu ljósi og fengið svo þungan dóm að hann truflaðist á geðsmunum og dvaldist nú á sjúkrahúsi.

Allir í þessari sögu virðast heita undarlegum og ýktum nöfnum. Hvaða áhrif hefur það á lestur okkar? Eykur það á trúverðugleikann eða hefur jafnvel þveröfug áhrif? Skoðið vandlega hvort það búi einhver sterk skírskotun að baki þessu nafnavali, þ.e. hvort nöfnin merki eitthvað ákveðið eða eigi að vísa í aðrar þekktar persónur.

Herkúles Hvalfjörð hristi höfuðið. Meiri karlinn, þessi Jón. Hann gat ekki varist þeirri tilhugsun að farið hefði fé betra.

Í einkalífinu hafði dómari verið álíka harður nagli. Sagt var að hann hefði eignast son fyrir löngu en aldrei gengist við honum af því að móðirin vildi ekki láta hann heita í höfuðið á einhverjum fornum réttlætisguði. Móðurina og soninn hafði hann nánast aldrei séð, hvað þá að hann hefði gaukað að þeim einhverjum peningum. Síðar hafði Jón kvænst, mikilli ágætiskonu, en skilið við hana vegna þess að hún neitaði að strauja sokkana hans. Hann hafði búið svo um hnútana að við skilnaðinn stóð konan uppi slypp og snauð. Hún hafði andast nokkru síðar. Skömmu fyrir skilnaðinn höfðu þau eignast barn, sem Jón hafði ekki viljað hafa neitt með að gera upp frá því. Það fauk í Herkúles þegar hann rifjaði þetta upp, því að Signý, kona Jóns, hafði verið ræstitæknir á lögreglustöðinni um skeið og verið hvers manns hugljúfi.

Hér var úr vöndu að ráða. Herkúles skoðaði listann, með nöfnum allra þeirra sem staddir voru í klúbbnum þetta kvöld, einu sinni enn. Þarna voru læknar, lögfræðingar, prestar og aðrir merkismenn, auk nokkurra þjóna og kvennanna í eldhúsinu.

Skyndilega flaug honum dálítið í hug.

„Hrærekur,“ sagði hann við einn aðstoðarmanna sinna. „Hóaðu fyrir mig í Ásu Helgadóttur, Pál Gíslason, Eggert Hansson, Helgu Helgadóttur og Seif Jónsson.“

Hrærekur hlýddi þegar í stað fyrir mælum yfirboðara síns. Þegar þetta fólk var saman komið fyrir framan skrifborð Herkúlesar á lögreglustöðinni stóð lögreglufulltrúinn upp og mælti, þungur á brún:

„Þið eruð hér með handtekin, grunuð um morðið á Jóni Sæmundssyni.“

Fólkið horfði furðu lostið hvort á annað. Herkúles sá þegar í stað að þau voru öll sek.

Hvaða fólk var þetta og hvernig tengdist það dauða Jóns Sæmundssonar dómara?

Vísbendingar

- Ása, Signý og Helga. Skyldu þær ekki tengjast?
- Gísli stytta sér aldur. Eignaðist hann afkomendur?
- Eggert var Hansson. Hver var faðir hans?
- Hefnd. Skyldi hún ráða ferðinni hér?

21.

Nöfn, óvenjuleg og skemmtileg



Í sakamálaþrautinni eru mörg nöfn. Sum þeirra teljast nokkuð sérkennileg á meðan önnur þykja fremur hefðbundin. Hvað veldur því? Kíktu í nafnabækur eða mannanafnaskrá á netinu og skoðuðu mannanöfn. Finndu 3 kvenmanns- og 3 karlmannsnöfn sem þú hefur ekki heyrt áður. Hvaða nöfn eru algengust í dag?

Sum mannanöfn geta verið nokkuð erfið í fallbeygingu, sér í lagi þegar um tvö nöfn er að ræða.

Stundum sleppir fólk því að fallbeygja nöfn.

En reglan er sú að ef fólk ber tvö nöfn og notar bæði – á alltaf að fallbeygja þau bæði.

Dæmi:

Hannes Óttar – Ég er að fara til

Hannesar Óttars.

Sara Diljá – Ég fer til Söru Diljár.

Jón Þór – Ég kem frá Jóni Þór.

Dagný Ósk – Þetta er gjöf til

Dagnýjar Óskar.

Farið hefur fé betra

22.

Finndu fimm nöfn á forna réttlætisguðinn í sakamálabrautinni. Láttu hann heita tveimur nöfnum. Geturðu fallbeygt þau öll?

23.

Nöfnin í bekknum

- Farið í rannsóknarvinnu um nöfn allra í bekknum, merkingu þeirra og forsögu. Hvaðan kemur nafn hvers og eins?
- Er það út í loftið? Er það tengt hefðum í fjölskyldunni? Er sérstök saga á bak við það, hvers vegna varð þetta nafn fyrir valinu? Hvað merkir nafnið mitt? Hvernig fallbeygist það? Hefur merkingin áhrif á mig? Hvaðan koma nöfnin í fjölskyldu minni almennt?

24.

Skrifaðu nútímasögu um þrjár systur sem búa á Öskufirði.

Hvar og hvernig er Öskufjörður?

Hvernig persónur eru systurnar?

Í hvaða ævintýri lenda þær?

Rifjaðu upp beinar og óbeinar lýsingar á bls. 71.

25.

Skoðaðu þessi orð:

leikskólakennari	hjúkrunarfræðingur
flugstjóri	leigubílstjóri
kennari	ráðherra

Af hverju breyttist starfsheitið hjúkrunarkona í hjúkrunarfræðingur? Skúringakona í ræstitæknir? Fóstra í leikskólakennari?

Hvernig förum við að þegar málfræðilegt kyn orðsins passar ekki við líkamlegt kyn? Til dæmis þegar Vigdís Finnbogadóttir varð forseti? Hvernig finnst þér hljóma að segja: „Frú Vigdís er svo virðulegur forseti“? En hvað með: „Björn Jónsson er vinsæl fyrirsæta“?

26.

Hvaða orð finnst þér geta gengið fyrir konur sem gegna þessum embættum? Eru til góð og gild íslensk orð sem hægt er að nota eða þarftu að búa til nýyrði fyrir einhver þeirra? Framkvæmdastjóri – forseti – ráðherra – forstjóri – lögmaður – ritari – læknir.

Sögusvið

Allar sögur gerast á einhverjum stað sem kallast **sögusvið**. Það er eðlilega misjafnt hvar og hvernig það er og fer eftir því um hvað sagan fjallar.

Sögusvið nær yfir allt umhverfi sögunnar, svo sem lýsingar á náttúru og mannvirkjum (t.d. húsum), ytri tíma (tíminn sem sagan gerist á, t.d. í seinni heimstyrjöldinni, árið 2000 eða í framtíðinni), árstíð, veður, birtu, liti, lykt, hljóð, tísku og allt sem hefur áhrif á umhverfið.

27.

Hvað leynist við enda stígsins?
Skapaðu þinn eigin ævintýraheim!



28.

Búðu til sögusvið fyrir þessar lýsingar:

- Hann stóð hríðskjálfandi og tárin runnu niður vanga hans. Hvaðan kom þessi lykt?
- Þau gengu hönd í hönd. Hann studdi hendinni á stafinn, hún hélt í hundaólina og sussaði á seppa. Þau áttu langa leið fyrir höndum.
- Hávaðinn og birtan var yfirþyrmandi. Hvernig ætti hún að finna hann hér?
- Það brakaði og brast í öllu húsinu.

29.

Hér eru nokkrar myndir sem sýna möguleg sögusvið. Hvernig sögur gætu átt sér stað á þeim?





Að lokum – þetta um ævintýri

Ævintýraminni er eins og kökuform – en auðvitað skiptir öllu máli hvað fer í deigið!

Að þekkja ævintýri getur kennt okkur mjög margt um lestur og upplifun á öðrum verkum, bæði í bókmenntum, frásögnum og kvikmyndum. Hugsaðu t.d. um það hversu margir brandarar innihalda þrefalda endurtekningu á vissum upplýsingum eða atburðarás. Áttarðu þig á því hvernig það skapar stígandi í frásögninni og byggir upp eftirvæntinguna?

Hvað fannst mér skemmtilegast í þessum kafla? Hvað lærði ég nýtt í þessum kafla? Hvað kunni ég þegar?

Ég... SKILABOD

get nefnt nokkur dæmi um einkenni ævintýra.

veit hvað á að hafa í huga þegar skrifa á formlegt bréf.

kann að finna stofn sagnorða og get nefnt a.m.k. tvö dæmi um hvernig hann nýtist við stafsetningu.

skil hvað átt er við með skyldleika sagnorða og nafnorða og kann að nota hann við orðaleik.

Textaboð

Ég... SKILABOD

er með á hreinu hvernig nota á gæsappir í beinni ræðu.

er klár á muninum á opnum og lokuðum spurningum.


kann að skapa ólík söguvið.

Hver heldur þú að séu algengustu greinarmerkin?

Er þetta opin spurning? Rökstyddu svar þitt.

Textaboð

Ringulreið



Ef þú leyfir þér geturðu notað ólíkar kveikjur í margar áttir. Skoðu myndina hér fyrir neðan og notaðu hana í ólík verkefni:

- ✓ Tveir nemendur horfa á myndina og ræða saman um hvað gæti hafa gerst.
- ✓ Tveir nemendur vinna saman og semja viðtal þar sem annar er fréttamaður og hinn er sjónarvottur eða fórnarlamb og flytja fyrir bekkinn.
- ✓ Skrifaðu lýsingu á götumynd og mannlífi 5 mínútum áður en ósköpin dundu yfir.
- ✓ Semdu ræðu sem borgarstjórinn á staðnum ætlar að flytja í kvöldfréttunum þennan dag.
- ✓ Hvaða tilfinningar vekur þessi mynd hjá þér? Semdu um það ljóð.



Finndu hvar þinn áhugi liggur!
Hafðu augun opin fyrir ævintýraminni
í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.
Það gæti komið þér á óvart hvað
þau liggja víða.

Fræðilegur lestur en ekki hræðilegur

Markmiðið með þessum kafla er að brjóta lestur á fræðigrein upp í forlestur, lestur og eftirlestur og gera hann þannig bæði gagnlegri og skemmtilegri.

Fyrir framan þig liggur á sem er bæði djúp og breið og fyrir þér liggur að rannsaka hana, bæði á eigin forsendum og í samvinnu við bekkinn. Áin er fræðigrein. Og þú ætlar að lesa hana á dýptina með þremur ólíkum aðferðum, lesa hana meðvitað og út frá áætlun.



Að lesa til að læra

Nám er ferli sem á sér stað innra með þér en til að allar upplýsingarnar sem þér berast verði einhvers virði þarftu að meðtaka þær á virkan hátt.

Eins og kom fram í fyrstu köflum bókarinnar lestu ólíkan texta á ólíkan hátt – og líka að þú miðlar á ólíkum forsendum. Athygli og meðvitundin eru lykilatriðin. Það er stórkostlegur munur á því að skima texta, lesa til að ná aðalatriðunum, lesa á dýptina eða lesa sér til ánægju.

Þú getur alltaf orðið betri lesandi – en hvort það gerist er undir þér komið og líka hversu hratt það gerist. Þú þarft líka að aðlaga þig að nýjum og breyttum tímum. Manstu hvernig þú last í sex ára bekk þegar þú varst að byrja að læra að lesa? Þú smjattaðir á hverjum einasta bókstaf og last hvert einasta orð skýrt og greinilega. Þú þurftir að gera það til að ná inntakinu – til að skilja. Ímyndaðu þér að þannig læsirðu ennþá. Hversu lengi værirðu að lesa eina blaðagrein? Eina skáldsögu? Hversu langan tíma tæki háskólanám með slíkum lestri?

Það gengi aldrei upp. Eftir því sem árin líða þróumst við sem lesendur – bæði vegna þess að við getum það og líka vegna þess að við verðum að gera það. Nýir tímar koma líka með nýja tækni sem kallar á okkur að breyta lestrartækninni. Sms-skilaboð kalla á ákveðinn lestur og það gera líka tölvupóstur, blogg, samfélagsmiðlar, netsíður, snjallsímar og lófátölvur með gagnvirkum texta, tónhlöður, rafbækur,

rafblöð, skjáauglýsingar og svo mætti lengi telja. Að lesa þessar ólíku birtingarmyndir tungumálsins kallar á ólíka lestrartækni.

Að lesa með áætlun

Samfélagið gerir sem sagt ráð fyrir því að þú kunnir að lesa á fjölbreyttan hátt. Í þessum kafla æfir þú lestur á fræðigrein. Eins og allt annað í þessari bók er fræðigreinin afar skemmtileg! Í staðinn fyrir að þú hendist bara í að lesa (og vonir það besta) skaltu setja þig í stellingar og æfa nýja nálgun. Hún er sú að brjóta lesturinn upp í **forlestur, lestur og eftirlestur**.

Áin sem rennur er djúp og breið – í forlestrinum kannið þið aðstæður og metið verkefnið framundan, í lestrinum stingið þið ykkur á bólakaf í ána og rannskið hvern krók og kima hennar með tólum og tækjum og í eftirlestrinum leggið þið allar ykkar niðurstöður á árbakkann áður en þið segið þetta gott í dag og farið að grilla.

Orðið „nám“ er sama orð og við notum um námur og námugróft og landnám; að nema land þýðir að taka það, eigna sér það og setjast þar að.

Lykilorð gefa
til kynna aðal-
atriði
í texta.

➔ **Forlestur – skoðuðu fyrirsögn greinarinnar, myndir, myndatexta og millifyrirsagnir og undirbúðu lesturinn vel:**

- Hvað veistu um efnið nú þegar?
- Hvað finnst þér spennandi við efnið? En óspennandi?
- Hvað viltu læra meira um efnið?
- Um hvað heldur þú að textinn fjalli? Spjallaðu um það við bekkjarfélaga.
- Skimaðu textann og skráðu niður helstu lykilorð – gerðu jafnvel einfalt hugarkort með bekkjarfélaga. Ekki gagnrýna eigin hugmyndir eða tengingar á þessu stigi málsins – hér gildir að láta allar hugmyndir flakka, líka þær sem gætu hugsanlega, mögulega kannski hljómað kjánalega eða heimskulega ... svoleiðis síast út seinna meir.

➔ **Lestur – fylgstu með eigin frammistöðu, ekki lesa bara greinina og segja: Ég er búin(n)! Á meðan þú lest: Skil ég efni greinarinnar? Að lestri loknum: Þarf ég að lesa greinina aftur? Lesa upphátt? Punkta niður? Fletta upp orðum sem ég skil ekki?**

- Gerðu hlé á lestrinum til að ræða við félag og bera saman bækur.
- Hvaða spurningar vakna?
- Skiljum við efni greinarinnar á sama hátt?
- Hvað er mikilvægt í textanum og hvað skiptir minna máli? Af hverju?
- Lestu hluta af textanum í huganum og endursegðu bekkjarfélaga efni hans.

➔ **Eftirlestur – njóttu stuðnings frá bekkjarfélögum að lestri loknum. Að ræða málin og bera saman bækur sínar er ómetanlegt verkfæri:**

- Spyrjið hvert annað út úr efni greinarinnar.
- Gerið hugarkort í sameiningu eftir lesturinn.
- Skiptið hugarkortagerðinni á milli ykkar, notið helstu lykilorð og skiptist svo á að leiðbeina og útskýra ykkar kort fyrir hinum.
- Ræðið samantekt í lokin: Hvað erum við búin að læra um efnið? Er einhverjum spurningum ósvarað? Hvaða nýju spurningar hafa vaknað? Viljum við vinna frekar með þær?

Þegar þú hefst handa við sjálfan lesturinn (eftir forlesturinn) skaltu muna að hlusta á þig eftir hverja málsgrein og spyrja þig:

- Skil ég efni greinarinnar?
- Datt ég úr sambandi á einhverjum tímapunkti?
- Af hverju?

Og ef það gerist er um að gera að snúa örlítið til baka og finna þann stað þar sem athyglin byrjaði að flökta. Ef þú tekur þessa æfingu alvarlega (með bros á vör) muntu læra ótalmargt nýtt um þig og lestrartækni þína!

Gangi þér vel!

Veldu aðra hvora greinina á blaðsíðum 108–110 og æfðu þig í að nota þessa lestraráætlun.

Til að kanna hvernig efni greinarinnar komst til skila eru hér ýmis verkefni sem tengjast henni. Mundu að æfingin skapar meistarann – svona meðvitaður lestur er ekki nauðsynlegur þegar þú ert að lesa bók þér til skemmtunar en hann er mjög gagnlegur þegar þú aflar þér þekkingar!

1.

Þú ert kennarinn og það er próf framundan!

Nú setur þú þig í spor kennarans. Semdu fimm spurningar um efni greinarinnar sem þú valdir sem reyna á skilninginn og taka á aðalatriðum textans. Settu spurningarnar upp eins og verkefnablað fyrir nemendur og hafðu:

- tvær til þrjár spurningar með fjórum svarmöguleikum (t.d. krossspurningar)
- tvær spurningar með já/nei eða rétt/rangt svarmöguleika
- eina opna spurningu (þar sem þarf að skrifa svarið við)
- eina opna spurningu með tengimöguleikum (þar sem viðeigandi þættir eru tengdir saman með striki á milli)
- eina erfiða spurningu sem reynir mjög á athyglisgáfu bekkjarfélaga þinna

Mundu að láta þessar upplýsingar koma fram á verkefnablaðinu:

- heiti greinarinnar
- úr hvaða bók eða tímariti greinin er tekin

Skilaðu eintaki af spurningunum og öðru eintaki með svörunum við þeim og fáðu kennarann til að leggja þínar spurningar fyrir bekkinn.



BLINDIR OG HEYRNARLAUSIR ERU MEÐ OFURSKYNFÆRI

Þeir sem hvorki heyra né sjá vinna að sumu leyti bug á fötlun sinni með því að skerpa önnur skynfæri. Þetta hefur að minnsta kosti verið sagt í áraradír. Í raun réttir eru þetta ekki orðin tóm, því nýjustu rannsóknir renna stoðum undir tilgátuna.

Margir hafa þá hugmynd að blindir og heyrnarlausir búi yfir getu til að skerpa þau skynfæri sem ekkert amar að. Þessi tilgáta hefur á hinn bóginn ekki verið sönnuð fyrr en fyrir skemmstu. Í ljós kom að blindir eru fljótari að skynja með snertiskyninu en þeir sem hafa fulla sjón. Þeir eiga jafnframt auðveldara með að staðsetja hljóð í rými og fyrir vikið geta blindir skilið mjög hratt tal sem við hin fáum engan botn í. Heyrnarlausir koma svo aftur á móti auðveldlega auga á hluti í útjaðri sjónsviðsins en þeir sem eru með fulla heyrn og þeir skynja hreyfingar að sama skapi betur.

Vísindamennirnir hafa ekki einungis fært sönnur á að blindir og heyrnarlausir nýti önnur skynfæri betur, heldur hefur þeim einnig tekist að skýra fyrirbærið að nokkru leyti. Með heilasneiðmyndum hefur nefnilega tekist að sýna að önnur skynfæri taka við hlutverki sjónstöðva heilans

hjá þeim sem eru blindir. Hjá þeim myndast einfaldlega nýjar tengingar í heila og ýmislegt virðist benda til þess að áþekkar tengingar verði hjá heyrnarlausum.

Fullorðið fólk, sem fætt er heyrnarlaust, á auðveldara með að sjá hluti í útjaðri sjónsviðsins en þeir sem hafa fulla heyrn.


Margir blindir eru færir um að lesa á ógnarhraða. Fingurnir færast á fleygiferð yfir upphækkuðu punktana, sem mynda bókstafina í blindralettri, og blindraleturslesendur geta lesið yfir tíu tákn á sekúndu. Þessi staðreynd leiddi til þess að bandarískir vísindamenn ákváðu á síðasta ári að kanna hvort blindir byggju yfir betra snertiskyni en þeir sem hafa sjón og í ljós kom að sú var raunin, einkum meðal þeirra sem voru fæddir blindir. Þeir skynjuðu fyrr áhrif á húðina með fingurbroddi vísifingurs, hugsanlega sökum þess

að þeir taka í notkun heilsvæði sem sjáandi nota í tengslum við sjónskynið.

Eldri rannsóknir höfðu nefnilega leitt í ljós að hlutar af aftasta hluta heilabarkarins, þar sem að öllu jöfnu er unnið úr sjónskynjunum, eru virkjaðir þegar blindir lesa blindraletur. Þeir sem fæddir eru blindir eiga jafnframt auðvelt með að ákvarða hljóðtíðni og að átta sig á hvaðan hljóð berst. Þetta mætti einnig orða á þann veg að þeir ættu auðveldara með að lesa úr hljóðaumhverfi sínu en þeir sem hafa sjón. Í kanadískri rannsókn, sem gerð var með hjálp heilasneiðmynda fyrir skemmstu, kom í ljós að skýringin kann að vera sú að hlutar heilans sem sjáandi fólk notar til að vinna úr sjónhrifum og sem ljá þeim tilfinningu fyrir rými, eru virkjaðir hjá blindum þegar þeir lesa úr hljóðskynjunum. Nokkurn veginn alveg það sama kom í ljós í bandarískri rannsókn sem gerð var og fyrir vikið mætti eiginlega segja að blindir sjái með eyrunum.

Blindir nota sjónstöðvarnar til að heyra með

Hópi bandarískra, belgískra og franska vísindamanna, með Laurent A. Renier frá Georgetown University Medical Center í broddi fylkingar, tókst fyrir skemmstu að sýna fram á að þeir sem fæddir eru blindir nýta sjónstöðvarnar til að ákvarða hvaðan tiltekið hljóð berst og hver tíðni hljóðsins er. Sjónstöðvar er að finna í heilaberkinum aftan í heilanum en hjá blindum eru stöðvarnar „ónýttar“ hvað þetta hlutverk varðar og eru þess í stað notaðar til að vinna úr áhrifum hljóðs.



Húðin á vísifingri er ofurnæm fyrir snertingu. Þessi eiginleiki kemur sér vel þegar lesið er blindraletur.



Blindir skynja hraða orðræðu

Þýskir vísindamenn hafa rannsakað hvort þeir sem fæddir eru blindir eigi hægar með að skilja mælt mál þegar fjöldi atkvæða á tilteknum afmörkuðum tíma er aukinn. Þegar við tölum hratt getur hraðinn orðið sex atkvæði á sekúndu. Heilinn á í basli með að fylgjast með ef hraðinn eykst umfram þetta og þegar orðræðan nemur tíu atkvæðum á sekúndu er engin leið fyrir okkur að skilja það sem sagt er. Þegar atkvæðafjöldinn verður meiri en tíu á sekúndu hættum við að skynja atkvæðin sem slík og heyrum einungis hávaða í stað máls.

Þetta átti við um þá sem hafa fulla sjón en sumir blindir geta skilið mælt mál, jafnvel þótt hraðinn á innspiluðu tali sé aukinn upp í 25 atkvæði á sekúndu, sem er miklu meiri hraði en nokkur er fær um að tala á. Í þessu sambandi kom í ljós, enn og aftur, að blindir beita heilastöðvum til að skilja orðaflauminn, sem að öllu jöfnu eru notaðar fyrir sjónskyn hjá þeim sem hafa sjón. Í bandarískri rannsókn, sem birt var í febrúar í ár, tókst að sýna fram á að vinstri hluti heilastöðvanna sem nefnist hnakkabörkur, sem að öllu jöfnu hýsir sjónstöðvarnar, er virkjaður hjá blindum þegar þeir reyna að skilja setningar. Þetta þýðir með öðrum orðum að sjónstöðvarnar, sem að öllu jöfnu ættu að vera ónotaðar hjá blindum, eru teknar í notkun í tengslum við úrvinnslu tungumáls, sem viðbót við þær heilastöðvar sem venjulega eru notaðar í þessa vinnslu. Taugatengingunum milli ólíkra hluta heilans er þannig hagað að engin heilastarfsemi fer til spillis.

Öllu eru þó takmörk sett, því á síðasta ári tókst kanadískum vísinda-

mönnum að hrekja þá tilgátu að blindir hafi þróaðra lyktarskyn en aðrir. Flestir þeir sem blindir eru hafa í rauninni þróað lyktarskynið þannig að þeir geti ratað eftir því, en lyktarskyn er engan veginn betra hjá blindum en þeim sem hafa fulla sjón.

Á því leikur enginn vafi að blindir eru með heyrnar- og snertiskyn sem skarar fram úr sambærilegum skynfærum fólks með sjón. Þá hafa breskir vísindamenn einnig komist að raun um að þeir sem fæddir eru heyrnarlausir þróa á sama hátt með sér sjón sem er betri en þeirra sem hafa heyrn, að því leyti er varðar getu til að skynja hluti í útjaðri sjónsviðsins, því sem kallast jaðarsjón. Þá hafa tilraunir með ketti sem fæðast heyrnarlausir einnig sýnt fram á að heyrnarstöðvar heilans eru teknar í notkun svo um munar, í því skyni að bæta jaðarsjón kattanna. Leiða má getum að því að sama máli gegni um sjón mannanna.

Þessi endurskipulagning heilans er gerleg sökum þess að við erum öll með ógrynni af tengingum milli heilastöðvanna sem sinna ólíkum skynfærum. Við höfum enn fremur brýna þörf fyrir að samhæfa skynáhrifin til að fá sem flestar upplýsingar frá þeim. Þegar við heyrum einhvern tala, þá gagnar það skilningi okkar að geta fylgst með vörum viðkomandi meðan á því stendur. Þeir sem fæddir eru blindir eða heyrnarlausir myndu hins vegar nota og styrkja heilatengingarnar til að bæta upp fyrir það skynfæri sem þá skortir með því að nýta heilasvæðin í öðrum tilgangi en ætlunin var með þeim. Á þann hátt fá blindir og heyrnarlausir að njóta ótrúlega öflugra sveigjanleika heilans.


Gagnlegar upplýsingar

Blindir fá aðstoð við að sjá með tungunni

Blindir geta nú fengið sjónrænar upplýsingar um umhverfi sitt gegnum rafræna örvun tungunnar, en þessi tiltekna tækni nefnist BrainPort-tækni. Plötu með rafeindum er komið fyrir á tungunni og með notkun örtölvu er myndum úr upptökuvél, sem fest er við sólgleraugu, breytt í vægan rafstraum í rafeindunum. Þannig geta þeir blindu skynjað mynd á tungunni og gert sér grein fyrir lögun hennar og hreyfingum.

Heilasneiðmyndir hafa leitt í ljós að blindir nota sjónstöðvar heilans þegar þeir verða fyrir örvun á tungunni.

Breski hermaðurinn Craig Lundberg notar BrainPort. Hann missti sjónina í Írak árið 2007.



Heimild: Lifandi vísindi 10/2011

AÐ BAKI ARFSÖGNINNI

JÓHANNA AF ÖRK

Á aðeins 19 ára ævi sinni náði Jeanne d'Arc að endurverkja baráttuhug Frakka með nokkrum sigrum á bandalagsherjum Englendinga og Búrgúnda.

Bóndadóttir stjórnaði franska hernum

Á bernskuárunum í Domrémy í Austur-Frakklandi var hin unga Jeanne eins og hver önnur bóndadóttir. En sumardag einn 1424, þegar hún var 12 ára, heyrði hún skyndilega himneskar raddir, sem sögðu henni að frelsa land sitt. Raddirnar birtust henni hvað eftir annað og þegar þær höfðu í langan tíma krafist þess að hún skyldi hrekja Englendinga á brott, ákvað hún að fara á fund ríkisarfans, Karls 7. Þá var allt landið norðan Louire-fljóts á valdi Englendinga og bandamanna þeirra, hinna frönsku Búrgúnda. Þótt ríkisarfinn væri vantrúadur lét hann stúlkunni í té dálítinn herafli, sem í maí 1429 réðist inn í Orléans. Fáum dögum síðar höfðu Englendingar verið hraktir á flóttu og borgin



Í maí reið Jeanne d'Arc inn í Orléans eftir hinn fyrsta af fleiri merkilegum hernaðarsigrum.

var frelsuð. Með sigrunum óx baráttuvilji í franska hernum og þegar Mærin af Orléans, eins og hún var nú kölluð, vann annan sigur á Englendingum við Patay var bóndadóttirin kölluð frelsari Frakklands.

En skömmu síðar tók að halla undan fæti. Ráðgerð frelsun Parísar í september 1429 mistókst algerlega og í maí 1430 var Jeanne d'Arc tekin til fanga. Hún var dregin fyrir kirkjulegan dómstól og ákærð fyrir að vera í bandalagi með djöflinum. Þann 30. maí 1431 var þessi nú 19 ára stúlka brennd á báli sem galdrakona. 25 árum síðar var dauðadómnum snúið við og Jeanne d'Arc er nú meðal dýrlinga kaþólsku kirkjunnar.

Það ríkir ekki mikill vafi á staðreyndum varðandi ævi Jeanne d'Arc, en sagnfræðingar eru hins vegar ekki á einu máli um eiginleika hennar sem herstjórnanda. Hefð hefur myndast fyrir því að telja hana fyrst og fremst hafa vakið baráttuvilja hermannanna. En t.d. hernaðarsagnfræðingurinn Stephen W. Richey telur að hún hafi búið yfir talsverðri stjórnlist og náð að snúa taflinu með eigin uppfinningum.

Réttarhöldin yfir bóndadótturinni eru vel skjalfest, en allmörg atriði má á hinn bóginn afskrifa sem uppspuna. Það gildir t.d. um þá sögn að þurft hafi að brenna hana þrisvar áður en hjartað brann loks til ösku.



Jeanne d'Arc reyndist egypsk múmía

Árið 1867 fann lyfsali í París krukku með brunnum beinaleifum uppi í hillu. Á miðann var skráð að í krukku væru leifar af báli Jeanne d'Arc 1431. Árið 2006 rannsakaði réttarlæknirinn Philippe Charlier þessar leifar og komst að þeirri niðurstöðu að um líkamsleifar Egypta væri að ræða og lík hans hefði verið smurt á 3.–6. öld f. Kr. Múmiur voru eftirsóttar á þessum tíma og líklegast þykir að lyfsalinn hafi meðhöndlað beinaleifar múmíu og breytt þeim í leifar þessarar frönsku hetju.

Franski réttarlæknirinn Philippe Charlier afhjúpaði svikin.

Heimild: Lífandi visindi 2/2012

Lykilorð er orð sem felur í sér mikla merkingu fyrir textann í heild og er stundum kallað aðalatriði. Það getur verið hugtak, nafn, ártal, kenning o.fl.

2.


Æfðu þig í því að finna **lykilorð**. Lestu textann *Hvað er táknmál?* hratt yfir og skráðu niður 1–3 lykilorð. Lestu hann svo aftur yfir. Finnurðu ný lykilorð? Skilurðu textann betur með hjálp lykilorðanna?

Hvað er táknmál? Er til alþjóðlegt mál fyrir heyrnarlausa?


Svar

Flestir sem eru heyrnarlausir tala táknmál og líta á það sem sitt móðurmál. Táknmál er myndað með hreyfingum handa, höfuðs og líkama, með svipbrigðum, munn- og augnhreyfingum. Í táknmáli fær augnsambandið aukið mikilvægi því að í samskiptum á táknmáli verður alltaf að halda augnsambandi við viðmælandann. Svipbrigði fá aukna og ákveðna merkingu eða málfræðilegt hlutverk og staða líkamans hefur áhrif á blæbrigði og merkingu. Munnhreyfingarnar og svipbrigðin eru í mörgum tilvikum framandi meðal þeirra sem ekki þekkja til. Þessir hlutar táknmálsins eru þó jafnmikilvægir og hreyfingar handanna og órjúfanlegur hluti málsins.

Vísindavefurinn.is



ÍSLENSKT FINGRASTAFRÓF



3.

Lestu vel þennan texta úr bókinni *Árið 1918*. Hver eru lykilatriðin í honum? Endurskrifaðu hann með eigin orðum og greindu aðeins frá því sem þú telur skipta mestu máli.

Líf í sveit

Árið 1918 voru torfbæirnir algengasti húsa-kosturinn í sveitum landsins. Þeir voru af ýmsum gerðum, allt frá reisulegum burst-abæjum til lágreistra kota. Í smæstu og hrör-legustu torfbæjunum var varla hægt að standa uppréttur og vistarverurnar voru dimmar, kaldar, rakar og þröngar. Stundum voru jafn-vel kýr hafðar á neðri hæð bæja þar sem fólk bjó í risinu. Timburhús, gjarnan klædd báru-járni, komu í stað torfbæjanna hjá efnameiri bændum. Tíðasti og alvarlegasti galli nýju timburhúsanna var hversu köld þau voru. Þau voru oft illa einangruð og upphitun af skornum skammti.

Lífið til sveita einkenndist, líkt og á fyrri öld-um, af striti og streði. Mest var vinnan á með-an heyskapur stóð yfir en þá gat vinnutíminn farið allt upp í 16 tíma á sólarhring. Í skamm-deginu hafði fólk einnig nóg að gera. Unnið var við umhirðu á búfénaði, ullarvinnu, saumaskap og matargerð. Margt vinnufólk átti í raun engar eigur en vann fyrir mat, húsa-skjóli og lágum launum. Tómstundir voru af skornum skammti en ungmennafélagshreyf-ingin hvatti unga fólk til að taka höndum saman og rækta heilbrigða sál í hraustum líkama.

4.

Hér er texti úr bókinni *Mannslíkaminn*. Hvernig skýringarmynd myndi henta vel með honum? Lestu textann vel og teiknaðu síðan skýringar-mynd við hann eða notaðu netið til að finna mynd við hæfi.

Taugafrumur geta flutt taugaboð

Taugakerfi okkar er gert úr aragrúa *taugafrumna*. Í sameiningu mynda þær flókið net sem getur sent boð um líkamann og tekið á móti boðum.

Hver taugafruma er gerð úr frumuból og grönnum *taugaþráðum*. Frumurnar geta flutt veik rafboð sem kallast *taugaboð*. Taugaboðin berast til frumubolsins með stuttum tauga-þráðum sem kallast *griplur*. Boðin berast svo áfram til annarra tauga-frumna eftir löngum taugaþræði sem kallast *sími*. Síminn greinist í endann og þar verða margir *símaendar*. Sum-ir símar eru bara fáeinir millimetrar á lengd, en aðrir geta verið meira en metri á lengd.

Boðin berast hraðast eftir gildum taugasímum sem hafa um sig hlífð-arlág úr fitu. Þar geta boðin farið meira en 100 metra á sekúndu, yfir 360 kílómetra á klukkustund.

5.

Gerðu þér glósur úr þessum texta úr stærðfræðibókinni *Átta-tíu 1*. Þú getur notað lykilorð, hugtakakort, myndir eða hverja þá aðferð sem þér finnst best.

Við leit að frumtölum má stytta sér leið með því að notfæra sér þekkingu sína á ferningstölum og ferningsrót. Hér gefst þér tækifæri til að skoða þessi hugtök nánar. Ferningstölur standa fyrir fjölda sem raða má í ferning.

Ferningstala er tala sem hafin hefur verið í annað veldi. Þegar fundin er ferningsrót tölu er fundin sú tala sem margfölduð hefur verið með sjálfri sér til að fá ferningstöluna.

Ferningsrótin af 49 er 7 af því að $7 \cdot 7$ eru jafnt og 49. Fjöldanum 49 má raða upp í ferning með hliðarlengdina 7.

6.

Útdráttur úr fræðigreini



Notaðu hugarkortið úr æfingunni á blaðsíðu 106 og þekkingu þína eftir lestur greinarinnar til að skrifa útdrátt úr henni. Útdráttur felur í sér helstu aðalatriðin en lengd hans getur verið u.þ.b. þriðjungur af upphaflega textanum. Mundu að nota þín eigin orð af fremsta megni og hafa upphaf, miðju og endi.

7.

Skiljum við á ólíkan hátt?



Vinnið saman í pörum. Lesið stuttan fræðitexta hvort í sínu lagi og punktið niður fimm lykilorð eða aðalatriði – um hvað fjallar þessi grein? Berið saman niðurstöðurnar að því loknu. Eru báðir nemendur með sömu punktana eða er niðurstaðan ólík? Af hverju? Rökstyðjið eigið val og endið verkefnið á því að sameina þessa punkta í þá fimm sem þið getið verið sammála um.

8.

Skrifaðu notkunarleiðbeiningar fyrir sjálfa(n) þig. Hafðu hómorinn að leiðarljósi. Hvaða notkunarreglur þarf fólk að hafa í huga í umgengni við þig ef þú átt að virka vel? Hvernig notkun á þér getur látið þig „bila“?

9.

Vertu sérfræðingur!
Á hverju hefur þú brennandi áhuga? Hvað finnst þér spennandi og skemmtilegt? Hugsaðu vel um þetta því nú áttu að gerast sérfræðingur og skrifa fræðigrein. Veldu þér afmarkað efni til að skrifa um og kynntu þér hvernig fræðigrein er sett upp. Þú getur bæði skoðað tímarit og vefsíður á netinu, t.d. *Vísindavefinn*.

Fyrirsögn Undirfyrirsögn

Efnisgreinar eru textinn á milli greinaskila og getur náð allt frá örfáum málsgreinum upp í fjölmargar. Efnisgrein fjallar um ákveðið efni og þegar skipt er um umræðuefni eða áherslu hefst ný efnisgrein og þá þarf að gæta að greinaskilum.

Lykilorð eru oft **feitiletruð**, *skáletruð* eða undirstrikuð í texta.

Þetta er mynd.
Fyrir neðan hana er myndatexti.

Myndatexti

10.

Að lýsa hlut

Nú áttu að lýsa uppáhaldshlutnum þínum. Settu saman ítarlega lýsingu á honum en ekki nefna hann á nafn. Æfðu flutninginn fyrir framan spegilinn heima. Hvaða áhrifum nærðu með því að horfa á áheyrendur? Hvenær er gott að vera með áhersluhlé?

Punktur, punktur, komma, strik

11.

Hér er texti án allra greinarmerkja. Skrifaðu hann upp með greinarmerkjum og gættu að reglunni um stóran staf.

menn verða að gera sér það ljóst að það er líka hægt að spilla tungunni með leiðinlegum eða rangmynduðum orðum af alíslenskum toga spunnum ég nefndi orðið prentsmiðja sem ætti að merkja smiðju þar sem prent er búið til eins og verksmiðja ætti að merkja smiðju þar sem verk eru búin til bæði orðin eru vanskapningar þegar fótboltaleikur fluttist hingað til lands báðu menn lærðan málhreinsunarmann að búa til íslenskt orð yfir þennan leik og þannig var orðinu knattspyrna nauðgað inn í málið í þessum leik er ekki leikið með knött heldur hlut sem fer ágætlega á að haldi heitinu bolti knöttur er gagnþéttur og þungur það heyrir hver maður með óspillta heyrn á hljómi orðsins bolti er léttur það er loft innan í honum það er líka auðheyrð á hljómi orðsins og í þennan bolta er ekki spyrnt heldur sparkað það er ekki spyrnt í hlut nema hann veiti viðnám fótbolti er því ágætt orð vonandi á máltilfinning þjóðarinnar eftir að útrýma orðinu knattspyrna eins og hún neitaði að taka við orðinu vindling í merkingunni sigaretta menn fundu að vindlingur gat ekki verið annað en lítill vindill og í þeirri merkingu er orðið sjálfsagt

12.

Hvaða heimilistæki notar þú mest?



Nú skaltu setja saman leiðbeiningar um notkun á uppáhaldsheimilistækini þínu. Hafðu þær einfaldar, tölusettar og skýrar, þannig að hver sem er geti notað þær með góðum árangri.

Í bókinni *Beinagrindur*
– *Handbók um ritun*
finnurðu leiðbeiningar
um ritun af þessu tagi.

13.

Þú hittir ferðalang sem er að leita að næstu sundlaug. Gefðu honum greinargóðar leiðbeiningar – á blaði.



Að lokum – þetta um lestrartækni

Það skiptir ekki máli hvort þú ætlar þér að læra mikið eða lítið í framtíðinni og hvort þú ætlar að verja ævinni við lestur fræðitexta eða ekki. Að tileinka sér þau vinnubrögð sem eru nauðsynleg til að meðtaka fræðigrein gagnast öllum einstaklingum í daglegu lífi, t.d. við að setja sig inn í mikilvæg þjóðfélagsmál í gegnum fjölmiðla og umræðu á netinu. Þess er krafist af öllum borgurum í lýðræðissamfélagi að bera sameiginlega ábyrgð með ýmsum hætti, til dæmis með þátttöku í kosningum. Og þá skiptir máli að kunna að setja sig vel inn í málin.

Hvað fannst mér skemmtilegast í þessum kafla? Hvar liggur minn styrkur í lestrartækni og hvar þarf ég að styrkja mig?

Finndu hvar þinn áhugi liggur! Láttu það eftir þér að lesa fræðandi og skemmtilegt efni. Það eflir hugsun og þjálfar læsið!

Ég... SKILABOÐ

þekki muninn á forlestri og eftirlestri.

skil hvernig lykilorð hjálpa við lestur.

kann að gera hugarkort.

skil hvað efnisgrein er.

Textaboð

Ég... SKILABOÐ

þekki aðferðir við að skrifa leiðbeiningar.

Hvaða glósuaðferð finnst þér best að nota?

Hvaða lestraraðferð finnst þér best að nota þegar þú lest fræðilegan texta?

Textaboð



Fyrstu skrefin.....

Ef þú leyfir huganum að reika geta ólíkar kveikjur beint honum í ýmsar áttir. Skoðaðu myndina hér til hliðar og notaðu hana í ólík verkefni:

- ✓ Skrifaðu stuttan texta um það hvað stelpan er að hugsa.
- ✓ Hvaða framtíð bíður stúlkunnar? Hvernig verður líf hennar eftir tíu ár? Tuttugu ár? Skrifaðu stutta lýsingu á lífi hennar sem unglingi og síðan sem fullorðinnar.
- ✓ Er þetta staðalmynd af stelpu? Hvers vegna? Hvers vegna ekki? (Staðalmynd er viss skoðun eða hugmynd um hópa fólks, hvernig það er eða hagar sér.)

Hvað á tungumálið að þýða?

Markmiðið með þessum kafla er að skilja að tungumál eru flókin kerfi sem urðu samt til á einfaldan hátt – nefnilega þannig að einhvers staðar var ákveðið að einhver ákveðinn hlutur ætti að bera ákveðið nafn. Og svo koll af kolli.

„Tey lupu murrandi út úr skýmaskotum og royndu at fanga ein óvita, pína hann, happa og ræða. Og sjálvandi vóru bakbeist í Nábúlagnum. Tvey enntá. Svarti Helgi og Bergur kukk.“

Hvað á tungumálið að þýða? Hvað þýðir tungumál? Hver þýðir tungumálið? Og hver þýddi eiginlega tungumálið í gamla daga – hver var í nefndinni sem þýddi orðin frá einni tungu yfir á aðra?

Hvaðan kemur tungumálið?

Einhvern tímann í fyrndinni benti einhver á hlut og gerði tiltekið hljóð og allir urðu sammála um að þetta hljóð passaði vel við hlutinn. Síðar meir fóru menn að velta því fyrir sér að þessi hljóð gætu átt sér ytra form – að þau gætu litið út á ákveðinn hátt. Og þannig urðu bókstafir og orð til. Mörg þúsund árum síðar eiga allar þjóðir sitt eigið tungumál.

Tungumál skiptast í ákveðnar ættir. Íslenskan tilheyrir t.d. þeirri grein indóevrópska frummálsins sem nefnd er germanska og þar eru fjölmörg önnur tungumál, s.s. Norðurlandamálin, þýska og enska. Þess vegna þekkjum við mörg orð í nýju tungumáli, jafnvel þótt við höfum enga þekkingu á því.



Spænska, ítalska og franska tilheyra rómönskum málum, ásamt mörgum fleiri tungumálum. Það er auðvelt að sjá skyldleikann með því að bera saman orð:

ÍSLENSKA	ENSKA	DANSKA	ÞÝSKA
hús	house	hus	Haus
bíll	automobile	bil	Auto
líf	life	liv	Leben
móðir	mother	mor	Mutter
maður	man	mand	Mann

Öll tungumál eiga sín sérkenni en ótrúlega oft er hægt að finna orð sem eru skyld á milli tungumála. Enska, danska, íslenska, norska, sænska, þýska, færeyska og hollenska innihalda ógrynni af orðum sem eru eins eða mjög lík. Mörg tungumál heimsins innihalda einhver orð sem eiga rót sína í latínu, ekki síst enska, franska, spænska, ítalska og önnur vestræn tungumál. Íslenska er svolítið sér á parti vegna þess að við höfum alltaf reynt að búa til nýyrði fyrir ný fyrirbæri, t.d. orðin tölva, sjónvarp, snjallsími og farsími. Kosturinn við þetta er að nýju orðin eru oft en ekki gegnsæ, þ.e.a.s. merking þeirra er auðskiljanleg út frá orðhlutunum og merkingu þeirra. Farsími er gott dæmi um gegnsætt og einfalt orð sem er alíslenskt og mikið notað, á meðan margar aðrar vestrænar þjóðir nota orðið 'mobile'.

Íslenska er svolítið sér á parti vegna þess að við höfum alltaf reynt að búa til nýyrði fyrir ný fyrirbæri, t.d. orðin tölva, sjónvarp, snjallsími og farsími. Kosturinn við þetta er að nýju orðin eru oft en ekki gegnsæ, þ.e.a.s. merking þeirra er auðskiljanleg út frá orðhlutunum og merkingu þeirra. Farsími er gott dæmi um gegnsætt og einfalt orð sem er alíslenskt og mikið notað, á meðan margar aðrar vestrænar þjóðir nota orðið 'mobile'.

systir
søster sister
Schwester

fjernsyn
Fernseher
television
sjónvarp

jörð
jord earth
Erde

faðir
far
father
Vater

Ég
Ich I
Jeg

Hugleiðing

Íslenska er meira en þúsund ára gamalt tungumál. Hvernig varð það til? Ræðið saman og komið með tilgátu um uppruna íslenskunnar.

Hinn mistæki þýðandi tungumála

Öll tungumál eiga sér einhverja ættingja og stundum er skyldleikinn mikill. En stundum er líka eins og eitthvað hafi misfarist – sjáðu t.d. þessi orð:

ÍSLENSKA	ENSKA	DANSKA
ský	cloud	sky
himinn	sky	himmel
himnaríki	heaven	himlen
sæng	blanket	dyne
herbergi	room	værelse
teppi	blanket	plaid
rúm	bed	seng
dýna	mattress	madras

Þarna hefur augljóslega átt sér stað einhver misskilningur – jafnvel að menn hafi bara ruglast á dálkum? Getur það verið?

Eiga öll tungumál sér augljósa ættingja? Já, eiginlega má segja að langflest tungumál geri það. Sum tungumál eru samt eins og álfur út úr hól í tungumálafjölskyldumynstrinu og nánast eins og þau hafi fallið af himnum ofan. Notaðu netið til að rannsaka nánar skyldleika tungumála – og finndu út hvort sum tungumál eru sér á parti í fjölskyldutengslum tungumála.

Hvert einasta tungumál er í eðli sínu fyrirfram ákveðið og lokað kerfi – allir sem nota það hafa samþykkt að hafa svipaðan skilning á orðunum. Samt er tungumálið ekki lokaðra en svo að það býður upp á alls kyns túlkanir og þar með misskilning:

ÞAÐ SEM SAGT ER

Dóttir: Pabbi, getum við fengið okkur hund?

Pabbi: Kannski.

ÞAÐ SEM ÞAU SKILJA

Pabbinn meinar: Það er afar ólíklegt, en ég nenni ekki að segja NEI núna.

Dóttirin heyrir: Já, líklega, bara ekki alveg strax.



Og af því að tungumálið er ekki eins lokað kerfi og ætla mætti getum haft bein áhrif á það – ef við tökum okkur valdið til þess. Hver stjórnar því hvaða nýyrði verða til? Við sjálf. Hver stjórnar því hvort þau ná fótfestu? Við sjálf. Það er ekki beinlínis starfandi nefnd á vegum ríkisins sem stjórnar tungumálinu. En opinberir aðilar leggja samt sitt af mörkum við að halda utan um tungumálið og vernda það, t.d. með samræmdum stafsetningarreglum. Vissirðu t.d. að til er Íslensk málnefnd sem hefur mjög skýrt og mikilvægt hlutverk?

Þannig hjálpast allir að við að viðhalda íslenskunni, bæði einstaklingar og stofnanir,

vegna þess hversu mikilvæg hún er. Það breytir því ekki að tungumálið er lifandi, kvíkt, síbreytilegt og í okkar eigin höndum á hverjum einasta degi!

Hvaða vald hafa unglingar til að skapa íslenska tungu? Þeir hafa öll völd í þeim efnum! Öll orð eru bullorð þangað til nógu margir ákveða annað. Þegar nógu stór hópur hefur samþykkt að orð hafi tiltekna merkingu er það orðið eðlilegur hluti af tungumálinu.

1.

Nýyrðasmíði



- Það er sárafjálta að búa til ný orð, ef þú bara leyfir þér að prófa. Glæný orð fyrir orðið unglingar eru t.d. miðeskja, óprói og ungverpi. Taktu tungumálið í þínar eigin hendur og prófaðu að búa til ný orð fyrir þessi orð:

hamborgari koss
hjólabretti partý

- Finnið nothæfar útgáfur af þessum orðum á íslensku, orð sem þið sjáið fyrir ykkur að myndu auðveldalega leysa þessi af:

Sjitt	Beila
Meikar sens	Dánlóða
Sæna sig inn	Ókei
Feil	

2.

Hugleiðing

Hvað haldið þið að séu til mörg orð yfir snjókomu? En rok?

Hvað með sögnina að ganga?

Finnið sem flest orð og notið til þess orðasafn heilans og orðabækur.

Af hverju eru til svona mörg orð yfir þessi fyrirbæri?

Er einhver merkingarmunur á þeim?

Dugar ekki eitt?

Hver er munurinn á að strunsa og lötra?

En hver er munurinn á roki og fárviðri?



iPads til alle

Elever i 4.-6. klasse får nyt it-udstyr stillet til rådighed

AALBORG: Når over 5000 elever efter sommerferien begynder i Aalborgs folkeskoler, får de en iPad med hjem i skoletasken.

Politisk er det vedtaget, at der skal bruges knap 10 millioner kroner på at forsyne samtlige elever i 4.-6. klasse med en iPad eller andet lignende it-udstyr, så der bliver mulighed for „en koordineret og systematisk indsats i alle fag og på tværs af skolevæsenet“.

Lærerne får også

Eleverne skal ikke kun bruge it-udstyret i skolen. De må meget gerne have iPad'en med hjem, så de kan bruge alle de undervisningsprogrammer, som iPad'en rummer.

Foruden eleverne skal også 2000 lærere udstyres med en iPad eller lignende.

Skolerne er ikke bundet op på, at det skal være en iPad. Det kan også være andre typer af tablets eller bærbare computere.

De ældre køber selv

Satsningen ligger på mellemtrinnet, fordi erfaringen viser, at ældre elever typisk selv køber it-udstyr eller får det i konfirmationsgave.

Tanken er, at de elever, som nu får iPads, beholder dem med videre op i ældste afdeling, og så leaser skolerne hvert år nyt udstyr til de nye 4. klasser.

3.

Finnið orð í textanum sem eru eins og í íslensku (stafsetningin má vera önnur ef merkingin er sú sama).

Orðin í tungumálinu hafa mismunandi hlutverk.


Það er auðvelt að útskýra merkingu flestra orða og ef þið lítið í kringum ykkur þá sjáið þið strax orð sem auðvelt er að útskýra, t.d. **gluggi** sem í íslenskri orðabók er útskýrt svona: „op (á húsi eða bíl) með gagnsæju efni, t.d. gleri.“ **Hvítur** skilgreint sem „litur eins og á nýföllnum snjó“ og að **lesa** er „að raða saman leturtáknum í orð og setningar“.

Hvernig ætli orðabók útskýri snjó, í landi þar sem aldrei fellur snjór?

Hins vegar er erfiðara að útskýra merkingu ýmissa annarra orða – sem hafa samt mjög mikla þýðingu í tungumálinu.

Hvað merkja orðin en – og – í – að – ekki – hó?

Hægt er að flokka orð sem **inntaksorð** og **kerfisorð**. Inntaksorð eins og gluggi, hvítur og lesa hafa mikla merkingu. Kerfisorð eru líka merkingarbær, en á annan hátt. Merkingu þeirra er ekki hægt að fletta upp í orðabók en þau gera samt heilmikið gagn í tungumálinu. Skoðið þessa málsgrein sem er án kerfisorða:



Og svo þessa þar sem þeim hefur verið bætt inn:

Birtutíminn á morgnana styttist um rúmar 6 vikur á Íslandi vegna þess að við færum ekki klukkuna aftur yfir á vetrartíma.

Hvor málsgreinin er skiljanlegri?

Orðflokkar eru sagðir annað hvort opnir eða lokaðir.

Hvað ætli það merki? Jú, einfaldlega að opnir orðflokkar taka við nýjum orðum en ekki lokaðir. Og hverjir eru þá þessir opnu orðflokkar? Er hægt að búa til ný sagnorð? En nafnorð? Hvað með lýsingarorð? Fornöfn? Atviksorð? Hvernig tengjast inntaksorð og opnir orðflokkar?

- 4.
- Hver og ein(n) í hópnum skrifar hjá sér tvær málsgreinar. Því næst skrifar hver sínar málsgreinar upp aftur – en nú án kerfisorðanna. Hópurinn skoðar loks saman eina málsgrein í einu og reynir að ráða í merkinguna. Eru málsgreinarnar skiljanlegar án kerfisorðanna? Er auðvelt að geta í eyðurnar, finna út hvaða orð vantar?

Það er til alls kyns öðruvísi orðanotkun en almennt tíðkast – notkun sem gæti stundum talist vera röng samkvæmt stafsetningar- og málfræðireglum eða „vont mál“ samkvæmt hefðum og viðurkenndum venjum. En ekkert af þessu er meitlað í stein. Alls staðar í skúmaskotum, bakgörðum, háaloftum og stásstofum landsins má finna notkun á tungumálinu sem er óvænt, sérkennileg og blæbrigðarík.

Vindjakki, stakkur eða

anorakkur?

Smúla eða spúla?

Djúsinn eða djúsið?

Sykrið eða sykurinn?

Peningaveski eða budda?

Tissjú eða eldhúsrúlla?

Klósettpappír eða skeinir?

Ef maður leyfir sér að leika með tungumálið kemur í ljós að margt gengur fullkomlega upp, jafnvel þótt það gæti talist „vitlaust mál“. En hver segir að það megi ekki leika sér og finna upp nýjar leiðir til að tjá sig, á meðan maður vandar sig líka og reynir að fara eftir reglunum sem gilda?

Oft segjum við „hvað er að þér, hvað er málið, hvað er í gangi?“ En af hverju ekki að segja stundum:

Hvað er íðér?

Hvað er áðér?

Hvað er meððig?

Hvað er í málinu?

Hvað er í ganginum?

Hvað er í ganginum hjá þér?

Og svo framvegis, þar til allir sniðugir útúrsnúningar hafa fundist. Reyndu að finna fleiri!

Hvað þýðir orðið útúrsnúningur eiginlega? Hverju er verið að snúa? Og út úr hverju? Er tungumálið kannski búið til úr gormum eða spírölum og köplum og snúrum?

Gott hjá þér! Af hverju ekki að segja stundum:

Gott meðig!

Gott íðér!

Gott mál!

Gotteríðér!

Og svo framvegis, þar til allir sniðugir útúrsnúningar hafa fundist ... geturðu fundið fleiri?

5.

Orðaforði íslenskunnar skiptist í **erfðaorð, tökuorð, nýyrði, nýmerkingar og slangur**.

Fyrir hvað standa þessir flokkar?

- Hvað eru erfðaorð? Er hægt að erfa orð? Hvaðan?
- Hvaðan eru tökuorð tekin? Af hverju?
- Hver er munurinn á nýyrðum og nýmerkingum?
- Hvað er slangur? Kunnið þið einhver slangurorði? Hverjir nota helst slangur?

Flokkid orðin hér í erfðaorð, tökuorð, nýyrði, nýmerkingar og slangur:

maður	sjónvarp	hlaupa	engill
gúgla	tölva	skjár	unglingur
pósta	skip	nörd	ske
mjólk	hippi	fíkniefni	bögg

6.

Búið til nýyrði yfir öll orðin í þessari málsgrein:

Ný félagsmiðstöð opnar í grunnskólanum á mánudag og eru unglíngarnir mjög spenntir!

Hvernig gekk? Var auðveldara að búa til nýyrði yfir einhver orð umfram önnur?

7.

Þótt Íslendingar hafi verið þjóða duglegastir við að finna nýyrði þá hafa erlend orð og orðasambönd náð góðri fótfestu í íslensku talmáli. Nokkur dæmi um þetta eru **hæ, bæ, fíla, meikar sens og ókei**.

Af hverju nær sumt að festast svona í málinu en annað ekki?

Leitaðu upplýsinga á netinu um slangur, finndu nokkur skemmtileg slangurorð sem þú þekkir ekki og skoðaðu merkingu þeirra, þældu í því hvort þér finnst slangurorðin lýsa merkingunni vel.

Slangur er annað og meira en að sletta á ensku. Það er óformlegt mál eða orðaval, oft notað innan ákveðinna hópa og meðal unglínga. Slangur byggir oft á myndrænum lýsingum, orðaleikjum og hómor.

Að brjótast inn í fimmaurabrandara

Íslenska og færeyska eru tvö tungumál sem eru mjög skyld en samt er ekkert auðvelt fyrir okkur að skilja færeysku.

Ekki nema við reynum – og reynum svolítið á heilann í leiðinni. Staðreyndin er sú að ef þú leggur svolítið á þig og beitir þekkingu og rökhugsun geturðu brotist inn í mjög mörg tungumál, sérstaklega norræn tungumál, ensku og þýsku. Hér er æfing, áður en gamanið kárnar (hvað þýðir það?) og við færum okkur upp á skaftið (hvaða skaft?).

Hér fyrir neðan er færeyskur brandari. Vinnið í þorum og byrjið á því að þýða hvert einasta orð. Þýðið svo brandarann í heild sinni eftir fremsta megni:

Tvær kýr standa á eini ong.

So sigur onnur:

– Muuuuh!

So sigur hin:

– Skít, það var júst það, eg ætlaði at siga.


Var þetta nokkuð mál? Gott, því að hér er örlítið flóknari brandari til að þýða. Mundu að nota rökhugsunina og hugsuðu um orðhlutana – að taka orðin í sundur og flokka í orðflokka – er orðið nafnorð, lýsingarorð, fornafn eða hvað? **Biddu kennarann um aðstoð ef þetta er flókið** – hann lumar á nokkrum góðum ráðum:

– **Andrass, nú stendur tú ekki og lærir pappageykin að banna?!**

– **Nei, eg fortelji honum bara, hvat hann ekki skal siga.**

Hvaða orð voru snúin? Af hverju voru þau snúin? Núna þegar þú skilur merkingu þeirra – áttarðu þig á hvað hún var í rauninni augljós? Þetta gildir býsna oft, líka í íslensku þegar við rekumst á orð sem eru ný og virðast vera snúin. Ef við reynum að finna kjarna þeirra með því að finna orðhlutana er leiðin oft greið. Dæmi:

- skólstofa
- lögreglumaður
- nærumhverfi
- fyrirsjáanlegur
- brjóstumkennanlegur
- hundslappadrífa





Að brjótast inn í harðlæstan texta

Skoðum núna enn betur hvernig tungumál eru náskyld. Hér á næstu blaðsíðu er stuttur kafli úr íslenskri skáldsögu sem hefur verið þýdd yfir á færeysku. Ef þú leggur höfuðið í bleyti geturðu komist ansi nálægt því að þýða orð fyrir orð, bara með rökhugsun og eigin þekkingu á tungumálinu. Til að hjálpa þér að byrja er hér fyrsta málsgreinin þýdd orð fyrir orð og svo er hún líka brotin niður í leiðir til að finna merkinguna:

**Nábúlagið er ein lítil verð heilt
fyri seg og har eru öll tey
ævintýr og loyndarmál, sum
eru í hvörjari verð sum er.**

FÆREYSKA	ÍSLENSKA	ENSKA
Nábúlagið	Hverfið	The neighborhood
er ein	er ein	is one
verð	veröld	world
heilt	alveg	all
fyri seg	út af fyrir sig	for itself
og har	og þar	and there
eru öll	eru öll	are all
tEy	þau	the
ævintýr	ævintýri	adventures
og	og	and
loyndarmál	leyndarmál	secrets
sum eru í	sem eru í	that are in
hvörjari verð	hvaða veröld	every world
sum er	sem er	there is

Skoðaðu tvo fyrstu dálkana í töflunni og sjáðu hvað þetta getur verið einfalt – ef þú beitir rökhugsuninni og þeirri þekkingu sem þú hefur á tungumálum. Orðið nábúlagið hljómar við fyrstu sýn afar flókið og lokað. En með því að brjóta það niður í ná-bú-lagið sérðu að:

- ná = eitthvað sem er nálægt
- bú – eitthvað sem hefur að gera með það að búa
- lagið = eitthvað sameiginlegt, eins og í íslensku orðunum fé-lag eða samfé-lag

Með rökhugsun geturðu fundið út að líklega þýði orðið nábúlag hverfi.

Færum rannsóknina yfir á ensku líka. Skoðaðu þriðja dálkinn og berðu saman orðin í fyrstu setningunni.

Jafnvel þarna sérðu mikinn skyldleika – enska orðið neigh-bor-hood hljómar mjög skylt orðið ná-bú-lag.

Kafli úr færeyskri þýðingu á íslenskum texta

Nábúlagið er ein lítil verð heilt fyri seg og har eru öll tey ævintýr og loyndarmál, sum eru í hvörjari verð sum er. Men har eru serstök ævintýr og loyndarmál, ið eru øðruvísi og sum burturav eru har og onga aðrastaðni. Kortini eru Nábúlagið bara hesin eini stíggjurin og henda eina götan í býnum.

Í hesum Nábúlagnum búði eg, Benjamin, í einum íbúðarhúsi í trimum hæddum, sum vendi móti götuni. Vinur minn Andras búði í sama húsi, á hæddini omanfyri. Hinumegin götuna, í einum tvíhæddaðum timburhúsi, búði Baldur, oftast nevndur Baldi, saman við mammu síni og lítlusystur, ið var tvey ára gomul. Vit báðir eg og Andras vóru tíggju, men Baldi bara níggju.

8.



Spreytið ykkur á textanum hér fyrir ofan. Vinnið í þriggja manna hópum og látið gamminn geisa við að þýða orð fyrir orð. Smám saman getið þið skilið setningarnar og jafnvel allan textann. Þegar allir hópar hafa unnið verkefnið er mögulegt að bekkurinn geti hjálpast að við að finna þau orð sem út af standa. Og að endingu fáiið þið rétta íslenska textann og þar með líka að vita úr hvaða bók hann er.

Orðið vettlingur er ekkert sérlega auðskiljanlegt eða gegnsætt. Hvaðan ætli það komi? Og af hverju í ósköpunum heitir vettlingur ekki handklæði? Það er miklu rökréttara. Finnið fleiri sambærileg dæmi um óskiljanleg og ógegnæ orð sem virðast alls ekki rökrétt. Af hverju heitir reiðhjól t.d. ekki stígvél?

9.



Er enska mjög skyld íslensku?

Lestu eina opnu í orðabók, t.d. á ensku. Skráðu hjá þér öll orð sem þér sýnist eiga skyldleika við íslensk orð. Hversu hátt er hlutfallið á þessari opnu? Berðu niðurstöðurnar saman við niðurstöður annarra í bekknum. Er hlutfallið svipað?

Málfræðingar og áhugamenn um íslensku segja gjarnan söguna af því hvernig orðið peysa kom inn í íslenskuna. Sagan segir að þegar franskir sjómenn komu hingað hafi þeir bent á bændurna og kallað „paysan, paysan“ – sem þýðir „bóndi, bóndi“ á frönsku. Íslensku bændurnir eiga að hafa misskilið Frakkana, haldið að þeir væru að benda á ullarpeysurnar og farið að kalla þær peysur í kjölfarið.

Þetta er skemmtileg saga. En er hún sönn? Hvað segir netið um málið?

10.



Af hverju förum við á klósettið?

Hvers vegna heitir klósett klósett á íslensku? Hver er skyldleiki þess orðs við enska orðið „closet?“ Hvaðan kemur orðið salerni og hvað þýðir það? Hvernig skrækir heyrast í salerni, þessum skrytna fugli? Og hvaðan er komið orðatiltækið „að ganga örna sinna?“ Hvaða erlendu orðum er orðið kamar skylt?

11.



Óundirbúinn flutningur

Dragðu miða hjá kennara og haltu ræðu um efni hans – í eina mínútu.

Orðhlutar

Í íslensku skiptast orð upp í svokallaða **orðhluta**. Þeir eru **forskeyti, rót, viðskeyti, stofn og beygingarending**.

Flókin orð? Ef þú skoðar töfluna hér þá sérðu að þú þekkir þessi fyrirbæri þó þú kunnir ekki endilega orðin yfir þau.

ORÐ	FORSKEYTI	RÓT	VIÐSKEYTI	STOFN	BEYGINGARENDING
óhljóð	ó-	hljóð		óhljóð	
óviti	ó-	vit		óvit	-i
torfær	tor-	fær		torfær	
tortrygginn	tor-	trygg	-in	tortrygginn	-n
barn		barn		barn	
lækning		lækn	-ing	lækning	
ætlun		ætl	-un	ætlun	

Sérðu regluna? Forskeyti og rót og viðskeyti mynda stofn (það eru auðvitað ekki alltaf forskeyti eða viðskeyti). Allt sem kemur á eftir stofninum kallast beygingarending.

12.

Ó er ekki bara ó. Það getur bæði verið forskeyti (óhljóð) og viðskeyti (strætó).

Hvaða orð þekkir þú með forskeytinu **ó-**?

En hvaða orð kanntu sem eru mynduð með viðskeytinu **-ó**?

Hvernig sker viðskeytið ó sig frá öðrum viðskeytum og hvaða regla virðist eiga við um notkun þess?

13.

Þú kannast við bakara og múrara.

Orðin eru búin til úr rót + viðskeyti + beygingarendingu.

Geturðu fundið út hvert viðskeytið er í orðunum (það er sama viðskeyti í báðum orðunum)?

Hvaða orð þekkirðu sem eru með sama viðskeyti?

Prófaðu að búa til ný orð með þessu viðskeyti.

14.

Fjöldi nafnorða er búinn til úr sagnorði og viðskeytinu **-un**.

Þá er stofn sagnorðs og viðskeytinu **-un** skellt saman í eitt orð.

Dæmi: skemmtun = skemmt + un.

Finndu fleiri dæmi um nafnorð sem eru búin til á þennan hátt.

15.

Tor- og **and-** eru algeng forskeyti.

Hversu mörg orð geturðu fundið með þessum forskeytum?


16.

Nú skaltu leika þér og búa til orð þar sem þú notar einhver þessara viðskeyta: -ó (stræt**ó**), -ótt (dopp**ótt**) -ling (dýrl**ingur**) og -ar (bak**ari**).

17.

Endurtaktu leikinn en nú áttu að nota forskeyti. Þú getur valið að nota nokkur þessara:

al- (**al**góður), mis- (**mis**heppnaður), aðal- (**aðal**málið), ó- (**óf**ær).



Að lokum – þetta um skyldleika tungumála

Þú getur í sjálfu sér lifað góðu lífi án þess að þekkja vel inn á skyldleika tungumála. En að leyfa sér að rannsaka hvernig tungumál eru samsett styrkir þig á margan hátt, bæði í notkun á eigin tungumáli og því að læra ný tungumál.

Hvað fannst mér mikilvægast í þessum kafla? En hvað fannst mér skipta minnstu máli?

Finndu hvar þinn áhugi liggur! Hlustaðu vel eftir útlendum söngtextum eða samtölum þegar þú horfir á kvikmyndir eða þætti í sjónvarpi. Taktu eftir hvað þú þekkir mörg orð sem eru skyld íslensku.

Ég... SKILABOÐ

get nefnt a.m.k. þrjú tungumál skyld íslensku.

veit muninn á erfðaorðum og tökuorðum.

get útskýrt hvað einkennir opna orðflokka.

Hvaða nýyrði þekkirðu sem tengjast tölum?

Textaboð

Ég... SKILABOÐ

skil muninn á slangri og nýyrðum.

þekki muninn á forskeytum og viðskeytum.

geri mér grein fyrir mikilvægi kerfisröða í málinu.

Hvaða slangurorð eru algeng í daglegu tali meðal skólafélaga þinna?

Textaboð



Náttúrubaðið

Ef þú leyfir huganum að reika geta ólíkar kveikjur beint honum í ýmsar áttir. Skoðaðu myndina hér til hliðar og notaðu hana í ólík verkefni:

- ✓ Skrifaðu brandara um baðkarið.
- ✓ Hugsaðu þér að þessi ljósmynd sé notuð í auglýsingu. Hvað er verið að auglýsa? Hver er fyrirsögnin? Hver er varan?
- ✓ Í hvaða samhengi væri fáránlegt að nota svona mynd?
- ✓ Gerðu þér í hugarlund að þú setjir myndina á Fésbók eða aðra samfélagsmiðla. Hvernig myndirðu fylgja henni úr hlaði ef innleggið ætti að vera fyndið? En ef það ætti að vera gáfulegt?
- ✓ Skrifaðu stutta lýsingu í ferðahandbók um þennan stað.

Ást er ... að týnast í orðum

Markmiðið með þessum kafli er að æfa langhlaup í lestri. Þess utan skoðum við enn fleiri leiðir sem rithöfundar nota til að hafa áhrif á lesendur sína, s.s. vísanir, beina og óbeina ræðu, innra samtal, persónulýsingu og fleira.

„ – Gjörðu svo vel, átt þú þetta ekki?

Hún lítur svo snöggt upp að hún er næstum búin að reka höfuðið í útrétta hönd Tristans. Hann er með pennaveskið hennar í hendinni. Þetta er eldgamalt pennaveski, hrikalega smástelpulegt með bleikum blómum. Íris finnur hvernig hún stökkroðnar.“

Tungumálið er tilfinningaríkt

Mjög mörg listaverk fjalla með einum eða öðrum hætti um ástina, þessa undarlegu tilfinningu sem enginn virðist skilja til fulls og margir eru ósammála um hvar býr. Flest höfum við einhvern áhuga á ást, því annars væri hún varla svona áberandi í allri okkar menningu. Í hvers kyns ástar-tjáningu kemur vel fram hvað tungumálið er áhrifamikið – þegar manneskja sem við elskum segir við okkur falleg orð getur það sent mjúka strauma í gegnum allan líkamann. Að sama skapi getur hið and-stæða valdið okkur mikilli vanlíðan. Orðin hafa þannig bein, líkamleg áhrif.

Hvaða brögðum beita rithöfundar?

Hér á eftir lest þú upphafið á bókinni *Hjartsláttur* eftir Ragnheiði Gestsdóttur. Bókin er þannig uppbyggð að hún byrjar í miðju kafi, þú ert allt í einu í miðri atburðarás og samtali á milli Írisar og Eydísar. Þetta getur verið ansi áhrifaríkur stíll og ef þú hugsar um það geturðu rifjað upp bíómyndir sem byrja í miðri atburðarás. Hvaða áhrif hefur það á þig þegar myndin byrjar í miðju kafi? Virkar það eins þegar þú lest bók með sama stíl? Bíómyndir eru lítið annað en hreyfimyndabók, bók þar sem sagan lifnar við og tekst á flug. Það er einnig markmið góðrar bókar, að hefja hug lesanda síns á flug, að sagan kveiki myndir í huganum sem taki á rás. Hafðu þetta í huga þegar þú lest þetta textabrot hér á eftir, að bók og bíómynd eiga ansi margt sameiginlegt.

Það sem einkennir líka þessa bókarbyrjun er að þú færð ekki upplýsingar um aðstæður og persónur fyrr en smátt og smátt. Þetta kallast óbein persónulýsing

og er hluti af persónusköpun höfundar og leið hans til að stýra viðtökum okkar á frásögninni. Íris er greinilega aðalpersónan en þú veist ekkert meira. Hvað er hún t.d. gömul? Hvernig er hárið á henni á litinn? Er hún hávaxin eða lágvaxin? Þetta gerir að verkum að forvitni okkar er vakin því að okkur er mjög eðlislægt að vilja vita sem mest. Taktu eftir því hvernig upplýsingarnar berast smátt og smátt og hvernig myndin af Írisi, Tristan, Eydísi, bekknum og skólanum birtist hægt og rólega. Önnur leið í persónusköpun er að lýsa persónunum beint í upphafi og kallast það bein persónulýsing.

Ég elska þig

I love you

Jeg elsker dig

Ljubim te

Ti amo

Ich liebe Dich

Kocham Cię

Mahal kita

Eg elski teg

Jag älskar dig

Je t'aime

Minä rakastan sinua



Hjartsláttur eftir Ragnheiði Gestsdóttur

ÍRIS

– Ertu búin að sjá hann?

– Hann hvern?

Íris grettir sig um leið og hún lyftir töskunni upp á axlirnar. Hún er orðin þung nú þegar af öllum möppunum, stílabókunum og draslinu sem þeim var sagt að kaupa. Hvernig verður hún eiginlega þegar námsbækurnar bætast við?

– Nýja strákin. Þennan sem á víst að byrja í bekknum. Sara sá hann í gær uppi í skóla. Hann er svartur!

Eydísi er auðheyranlega mikið niðri fyrir og Íris snýr sér að henni undrandi á svip.

– Nei, ég er ekki búin að sjá hann.

Hvernig þá svartur?

– Svona dökkur og með svart krullað hár. Hann hlýtur að vera útlenskur, Sara sá hann bara, hún heyrði hann ekki tala neitt ...

– Hann getur alveg verið íslenskur þótt hann sé dökkur, það er fullt af krökkum sem eiga kannski útlenska mömmu eða pabba eða sem hafa verið ættleidd eða eitthvað. María í hinum bekknum á pólska mömmu en hún er samt íslensk.

– Já, en þetta er samt öðru vísi.

– Mér finnst það ekkert öðru vísi, segir Íris fastmælt. – Það fer ekkert eftir því hvernig maður er á litinn hvort maður er íslenskur.

Hver er sögumaðurinn í þessari sögu? Er það einhver í bekknum? Kennari? Eða er sögumaðurinn

eins og andi sem svífur yfir frásögninni og sér inn í allar aðstæður og persónur. Hér að framan veit t.d. sögumaður að Íris finnst hún varla tilbúin að byrja í skólanum. Þessi tegund sögumanns gefur sögunni sérstakan blæ. Fylgstu vel með sögumanninum þegar þú lest áfram.

Þegar stelpurnar nálgast skólalóðina bætist í hópinn og þær heilsa skólasystkinunum einu af öðru. Þau hafa flest haldið hópinn lengi, sum hafa verið saman í bekk alveg síðan þau byrjuðu í skóla. Í dag er fyrsti skóladagur haustsins en í gær máttu þau sækja stundaskrána og innkaupalistann. Íris kom ekki heim frá afa sínum og ömmu fyrr en um hádegisbilið í gær og fór þá beint í árlegan innkaupaleiðangur með mömmu sinni að kaupa skóladótið. Henni finnst hún varla tilbúin að byrja undireins í skólanum. Það er skrytið að koma allt í einu í allan þennan ys og þys eftir friðinn og rólegheitin í sveitinni.

Allt í einu veistu að Íris er nýkomin úr sveitadvöl hjá ömmu og afa. Breytir það álitinu þínu á henni og hvernig týpa hún er? Veittu því athygli hvernig við fáum smátt og smátt meiri upplýsingar um hvernig stúlka hún er. Þetta er hluti af óbeinni persónulýs-

ingu, að láta lesandann hafa ögn fyrir því að safna upplýsingunum saman – ekki í þeim tilgangi að gera honum erfitt fyrir heldur til að byggja upp eftirvæntingu, að fá lesandann til að lesa áfram fyrir forvitni sakir.

Þegar þjallan hringir flykkjast krakkarnir inn í skólann. Þórey verður áfram með umsjón með bekknum eins og tvo síðastliðna vetur og hún tekur brosandi á móti þeim í dyrunum á stofunni þeirra. Íris brosir á móti þegar hún heilsar henni. Þórey getur svo sem verið alveg ágæt.

Íris gengur að gamla sætinu sínu í öftustu röð við gluggann. Eydís hengir töskuna sína á stólinn við hliðina. Þær hafa verið sessunautar undanfarna vetur og Íris hefur ekkert á móti því að þær sitji saman áfram þótt þær séu ekkert nánar vinkonur. Þær eru nágrannar og eru samferða í skólann flesta morgna. Eydís er ágætis stelpa en þær eiga ekki margt sameiginlegt og stundum getur hún jafnvel farið svolítið í taugarnar á Írisi. Eins og þetta með nýja strákinn. Hverjum er ekki sama hvernig hann er á litinn? Það er alla vega ekkert til að súpa svona hveljur yfir. Það er enginn nýr strákur sjáanlegur núna svo kannski er þetta allt saman tóm vitleysa.

Þau eru nýsest í sætin og Þórey er farin að messa yfir þeim um mikilvægi þessa síðasta vetrar í grunnskóla þegar drepíð er á dyrnar. Þórey opnar fyrir skólastjóranum sem kemur inn, heilsar og býður krakkana velkomin aftur í skólann. Í fylgd með honum er strákur. Nýi strákurinn.

– Þetta er Tristan, segir skólastjórinn.
– Tristan, þetta eru nýju bekkjarfélagarnir þínir. Þau eru bestu skinn þótt þau geti verið dálítið fyrirferðamikil stundum.

Skólastjórinn brosir til krakkanna og klappar á öxlina á Tristan að skilnaði. Hann stendur fyrir framan hópinn án þess að hreyfa sig á meðan Þórey og skólastjórinn skiptast á einhverjum orðum í hálfum hljóðum. Þegar dyrnar lokast að baki skólastjórans snýr Þórey sér að honum og segir:

– Tristan minn, vertu velkominn í hópinn. Nú þurfum við að finna handa þér sæti ...

Hún skimar yfir hópinn. Borðunum er raðað saman tveimur og tveimur og flestir sem sitja saman hafa gert það lengi. Benni veifar til Þóreyjar. Hann situr aftast í stofunni og hefur hallað stólnum upp að veggnum svo hann geti teyggt makindalega úr löngum löppunum. Borðið við hliðina á honum er autt.

– Það er pláss hérna!

Tristan gengur að borðinu. Um leið og hann fær sér sæti kinkar hann kolli til Benna og segir:

– Takk fyrir!

Á meðan á þessu stendur er grafarþögn í stofunni. Íris man varla eftir annarri eins þögn í bekknum sem hefur annars orð á sér fyrir að vera í meira lagi málgefinn. En nú er eins og krakkarnir hafi haldið niðri í sér andanum allt frá því skólastjórinn birtist með Tristan sér við hlið þar til núna þegar hann fær sér sæti við hlið Benna og byrjar að taka upp úr töskunni sinni. Þá berst lágvær klišur um stofuna og Þórey þarf

að sussa á krakkana áður en hún tekur aftur upp þráðinn í ræðunni um mikilvægi námsins í 10. bekk. Íris hallar sér aftur á bak í stólnum og horfir út um gluggann. Ef hún myndi snúa sér í átt að Eydísi, sem liggur makindalega fram á borðið, gæti hún virt nýja strákinn fyrir sér. En auðvitað fer hún ekkert að glápa á hann.

Af hverju brestur á með grafarþögn í bekknum?

Er hann svartur? Hann er talsvert dekkri á hörund en hinir krakkarnir, hárið er snarhrokkið og svart, augun dökk. Hann er öðru vísi, framandi. Nafnið hans er líka óvenjulegt. Tristan.

Henni finnst að hún hafi heyrt það áður en man ekki hvar. Hún laumast til að líta til hliðar svo lítið ber á. Hann er að merkja stílabækurnar sínar. Benni hvíslar einhverju að honum og hann brosir. Svo réttir hann úr sér í sætinu og lítur í kring um sig í stofunni. Íris flýtir sér að líta undan. Vonandi tók hann ekki eftir að hún var að horfa á hann.

Taktu eftir því hvernig myndin af bekknum, skólanum og kennurunum er smám saman að skýrast og þú veist alltaf meira og meira um hópinn. Er þetta í takt við þína reynslu sem nemandi í grunnskóla? Eru þetta trúverðugar aðstæður?

Það er ekki margt gert þennan fyrsta skóladag annað en að taka við bókum og hlusta á kennarana sem koma einn af öðrum og brýna fyrir þeim aftur og aftur hversu mikilvægt þetta skólaár sé. Það er eins og öll framtíð þeirra byggist á því að þau sitji sveitt við að læra allan veturinn, já, jafnvel framtíð alls heimsins eins og hann leggur sig. Íris finnur hvernig syfjan leggst yfir hana eins og mjúkt teppi og masið í Guðrúnu dönskukennara breytist í fjarlægt suð. Hún hallar sér fram og setur hönd undir kinn. Augnlokin verða þyngri og þyngri og værdartilfinningin yfirbugar hana svo hún dottar fram á borðið. Allt í einu hrekkur hún upp við hvassa áminningu:

– Íris Sól! Þú ert þó ekki sofnuð í fyrsta tímanum? Ekki lofar það góðu!

Íris finnur hvernig blóðið hleypur fram í kinnarnar. Hrikalegt hvernig hún roðnar alltaf. Hún horfir niður á opna dönskubókina meðan hún muldrar eitthvað um að hún hafi ekkert verið sofandi. Ópolandi kerling, ópolandi danska, ópolandi skóli. Og verst af öllu er að hún finnur að hann er að horfa á hana.

Hver er tilgangurinn með þessari senu þar sem Íris Sól sofnar í tímanum? Sögumaður segir frá hennar innri viðbrögðum þar sem hún bregst harkalega við, bæði í garð kennarans, dönskunnar og líka í eigin garð. Hverju bætir þetta við álit þitt á Írisi? Þegar óbeinar persónulýsingar eru notaðar er einmitt mikilvægt að horfa vel eftir öllum svona

atriðum sem segja til um það hvernig persónan er í raun og veru. Taktu smástund í að hugleiða það sem þú veist nú þegar um Írisi.

Loksins er þessi skóladagur á enda. Íris tínir saman bækurnar og gengur frá í töskuna sína. Nú verður hún svo sannarlega níðþung. Það er víst réttast að athuga hvort hún geti ennþá náð að leigja skáp undir dótið sitt. Skáparnir eru ekki nægilega margir fyrir alla nemendurna og oftast er búið að leigja þá alla út strax í skólabyrjun, en það er þess virði að athuga hvort einhver er eftir.

Kristinn húsvörður er frekar þumbaralegur að venju en leggur samt frá sér kaffibollann og teygir sig í skrána yfir skápa-leiguna.

– Jú, það er einn eftir, segir hann. – Sá síðasti. Þú varst heppin.

Íris borgar þúsundkall í tryggingu og fær afhentan lykil. Eins gott að hún var með peninga á sér, annars hefði hún misst af skápnunum. Skápurinn er númer 113.

Af hverju er skápurinn númer 113? Á það að hafa áhrif á söguna, jafnvel fá þig til að hugsa um eitthvað ákveðið? Hvað?

Íris bisar við að koma lyklinum upp á hringinn með útidyrlyklinum sínum meðan hún gengur meðfram skáparöðinni í ganginum. Ólin á þungri skólatöskunni skerst óþægilega ofan í öxlina og þegar hún reynir að laga hana til rennur hún

niður og taskan dettur í gólfið. Auðvitað hefur hún ekki lokað henni almennilega og bækur og blöð flæða út um allt. Íris stynur og krýpur niður til að tína dótið saman.

Sögumaðurinn notar orðin „auðvitað hefur hún ekki lokað henni almennilega“. Hver er það sem í raun segir eða hugsar orðið „auðvitað“? Er þetta hluti af innra samtali Írisar? Hvers vegna notar hún þetta orð?

– Gjörðu svo vel, átt þú þetta ekki?

Hún lítur svo snögg upp að hún er næstum búin að reka höfuðið í útrétta hönd Tristans. Hann er með pennaveskið hennar í hendinni. Þetta er eldgamalt pennaveski, hrikalega smástelpulegt með bleikum blómum. Íris finnur hvernig hún stökkroðnar.

– Takk, segir hún og heldur svo áfram að setja dótið niður í töskuna. Hún laumast til að líta upp þegar hún heyrir að hann er kominn fram hjá henni. Hann opnar skáp neðar á ganginum og setur bækur inn í hann, læsir svo og heldur áfram í átt að útidyrnum. Íris bograr yfir töskunni þangað til hann er kominn úr auglýn. Hún finnur enn fyrir roða í kinnunum og hjartslætti uppi í hálsi. Hvað er eiginlega að henni? Þarf hún að verða alveg eins og aumingi þótt þessi strákur yrði á hana?

Íris gengur meðfram skáparöðinni og skimar eftir númerunum. 113, þarna er hann. Hún opnar skápinn og raðar bókunum inn í hann. Þau eiga ekkert að læra heima fyrir morgundaginn svo það er best

að geyma sem mest af bókunum hér. Þegar hún er að læsa skápnum heyrir hún Eydísi kalla:


– Hæ! Ætlarðu ekki að vera samferða?

Íris svarar játandi og lyftir hálfómri töskunni upp á öxlina. Það verður gott að þurfa ekki að burðast með allar bækurnar í vetur. Og svo er hann líka með skáp þarna í sama ganginum, nýi strákurinn. Hann Tristan. Ótal svipmyndir úr amerískum sjónvarpsseríum og kvikmyndum koma fram í huga hennar, strákur og stelpa við skápana sína í skólaganginum, augngotur, rifrildi, kossar ... Hún hlær að sjálfri sér og gengur létt í spori til Eydísar sem biður hennar við útidyrnar.

Taktu vel eftir því að Íris hugsar um amerískar sjónvarpsseríur og kvikmyndir ... hvers vegna gerir hún það? Hver eru hugsanleg tengsl á milli amerískra kvikmynda, þessara aðstæðna og hvernig henni líður? Hafðu í huga að bók og bíómynd eru náskyld verk og efniviðurinn oft sá sami.

TRISTAN

Þessi skóli er svo sem ekkert verri en sá síðasti. Kannski jafnvel aðeins betri. Tristan er vanur forvitninni og áhuganum sem hann veit að mun dvína fljótlega þegar skólasystkinin gera sér grein fyrir að hann er bara ósköp venjulegur, íslenskur strákur sem er hvorki upprennandi rappari né næsta stjarnan í körfuboltanum. Hann hefur flutt nokkrum sinnum áður, byrjað



í skólum, hætt í skólum. En nú eru þau komin í íbúð sem þeim líkar, bæði honum og mömmu. Það er fallett útsýni úr stofu-
glugganum, það sést aðeins glitta í sjóinn og í Esjuna handan við húspökin. Og það er líka fallett útsýni héðan úr sætinu hans.

Nú hefur sögumaður skipt um sjónarhorn frá síðasta kafla. Hann tekur sér stöðu hjá Tristan og sér sama atvik með hans augum. Er annar tónn í sögumanni, núna þegar hann segir söguna út frá sjónarhorni Tristans? Skiptir máli hvort persónan er stelpa eða strákur?

Af hverju heldur Tristan að krakkarnir haldi að hann gæti verið upprennandi rappari eða körfuboltastjarna?

Hann tók strax eftir henni þegar hann kom inn í bekkinn. Hún glápti ekki á sama hátt og hinir krakkarnir. Hún horfði á hann en augnaráðið var einhvern veginn öðru vísi en hjá hinum. Hann er ekkert reiður þeim sem glápa, það er alveg eðlilegt að þau stari á það sem er þeim framandi. Þetta líður fljótt hjá, hann verður hversdagsleg sjón eftir nokkra daga. En hún starði ekki, hún horfði bara á hann. Hann getur ekki útskýrt það betur fyrir sjálfum sér. Hún horfði á hann, Tristan, ekki á nýja, svarta strákinn.

Skilur þú muninn á því að horfa, glápa eða stara á einhvern? Sum orð eru „sterkari“ en önnur og er þá talað um að þau séu gildishlaðin. Þau geta verið ýmist jákvæð eða neikvæð að merkingu en eiga það sameiginlegt að hafa meira gildi en orð svipaðrar merkingar sem telst vera hlutlaust. Þannig getur „horfa“ talist nokkuð hlutlaust eitt og sér á meðan „glápa“ og „stara“ hafa sterkari merkingu og þar með meira gildi (eru gildishlaðin).

Hann tók fyrst eftir augnaráðinu og svipnum, síðan ljósu yfirbragðinu, húðinni sem er hvít þrátt fyrir sólríkt sumar, ljósjörpu hárinu sem glitrar í birtunni frá glugganum eins og gullþræðir væru spunnir í það. Hún er falleg. Falleg og einhvern veginn brot-hætt. Hendurnar sem liggja uppi á borðinu eru svo grannar, fingurnir eru langir og mjóir og herðarnar undir blárrí peysunni líta ekki út fyrir að geta borið þungar byrðar. Samt er ekkert veiklulegt við hana, hún er bara svo fíngerð, eins og postulíns-dúkka, eins og prinsessa ...

Lýsingin í málsgreininni hér að ofan er fremur ljóðræn og þar er notast við innihaldsrík og djúp orð sem eru gildishlaðin (sólríkt sumar, ljósjarpt hár, gullþræðir ...). Er þessi tónn trúverðugur fyrir strák í 10. bekk? Hvernig væri textinn ef orðin væru meira hlutlaus en ekki gildishlaðin?

– Íris Sól, þú ert þó ekki sofnuð í fyrsta tímanum? Ekki lofar það góðu!

Hann trúir varla sínum eigin eyrum. Íris Sól. Hún heitir Íris Sól. Þetta getur ekki verið tilviljun. Fallegasta stelpa sem hann hefur nokkurn tíma séð heitir ... ja, ekki alveg, en næstum því ...

Nöfn þeirra Tristans og Írisar Sólar innihalda vísun í aðrar bókmenntir. Geturðu fundið út hver vísunin er?

– Ég var ekkert sofandi, muldrar hún, svo lágt að kennarinn heyrir örugglega ekkert í henni. En hún lætur samt ekki skamma sig án þess að mótmæla aðeins. Hún hefur roðnað á kinnunum og niður á hálsinn. Roðnaði hún vegna skammanna í kennaranum eða finnur hún kannski að hann er að horfa á hana?

– Hún er ferlegt skass, hvíslar Benni að honum. Já, Guðrún dönskukennari er greinilega ein af þeim sem getur hvinið hátt í ef henni mislíkar. Tristan þarf þó vonandi ekki að hafa miklar áhyggjur af henni. Hann er góður í tungumálunum, sérstaklega dönsku, sem mamma hans hafði kennt honum heilmikið í löngu áður en hann byrjaði að læra hana í skólanum. Hann getur talað með sæmilega réttum hreim, meira að segja svo vel að dönskukennarinn sem hann hafði á síðasta ári spurði hvort hann væri nokkuð hálf-danskur. Krakkarnir skelltu upp úr. Það var óneitanlega myndið að hugsa sér Tristan sem Dana. Flestir hafa þá mynd af Dönum að þeir séu ljóshærðir og bleikir á hörund.

Samt var það nú kannski ekkert fjarri lagi að hann væri danskur. Mamma hans var í Danmörku þegar hún varð ófrísk að honum. Hún hafði farið þangað til að vinna á hóteli sumarið eftir að hún varð stúdent og kom svo ólétt heim um haustið. Hún hefur aldrei sagt honum annað en að hún viti ekkert hvað varð af pabba hans. Hann skiptir ekki máli, segir hún – eða sagði, öllu heldur. Hann er löngu hættur að spyrja.

Í síðustu efnisgrein var farið úr nútíð yfir í þátíð og kíkt yfir í for-tíð Tristans í Danmörku. Finndu hvernig tónninn í frásögninni breytist. Veltu fyrir þér hvernig textinn myndi virka á þig ef öll frásögnin hefði verið í þátíð, hvaða áhrif hefur það á hvernig þú skynjar söguna? Það að velja að skrifa í nútíð eða þátíð er hluti af þeim stíl sem höfundur velur sér í verk sitt.

Tristan spjallar aðeins við Benna í lok skóladagsins áður en hann fer að leita uppi skápinn sem hann hafði sem betur fer haft vit á að leigja þegar hann sótti stunda-skrána. Þegar hann kemur inn í ganginn þar sem skáparnir eru sér hann Írisi Sól krjúpa á gólfinu, önnum kafna við að tína upp skóladótið sitt. Hjartað í honum tekur ofurlítinn kipp. Á hann að bjóðast til að hjálpa henni? Þá sér hann pennaveskið sem liggur á gólfinu smáspöl fyrir aftan hana. Þetta hlýtur að vera hennar penna-veski, þótt það sé einhvern veginn svolítið öðru vísi en hann hefði búist við að hún

myndi velja. Hún er einhvern veginn ekki alveg týpan fyrir bleik blóm. Eða hvað? Hann beygir sig eftir pennaveskinu og réttir það svo í átt til hennar.

– Gjörðu svo vel. Átt þú þetta ekki?

– Takk, svarar hún. Hún roðnar aftur.

Mikið vildi hann óska að hann þyrði að segja hvað honum finnst það sætt. En hún myndi örugglega halda að hann væri að stríða henni. Hann fer að skápnunum sínum og gætir þess vandlega að líta ekki um öxl, horfa ekki á hana þar sem hún er að baksa með bækurnar og töskuna. Þau eru líklega með skápana sína rétt hjá hvort öðru. En hvað það er eitthvað svona High School Musical. Hann leyfir ekki brosinu að koma fram á varirnar en það kitlar hann að innan og hann er í góðu skapi alla leiðina heim.

Til að sýna fram á að Tristan og Íris Sól hugsi á svipaðan hátt notar höfundur tvö atriði sem þau hugsa bæði um á ganginum hjá skápunum. Hvaða atriði eru það? Hvað gefur þetta í skyn fyrir okkur sem lesendur?

Eftir þessa fremur stuttu kafla hafa verið kynntar til sögunnar tvær manneskjur sem hafa áhuga hvor á annarri – í laumi. Finnurðu spennuna sem myndast hjá þér sem lesanda? Þú vilt vita hvort þau ná saman að lokum. Og þú vilt vita hvernig það atvikast – hvernig sagan þeirra hljómar. Um það snúast töfrarnir í bókmenntum – þá staðreynd að við viljum alltaf vita meira.

Nöfn aðalpersónanna eru vísun í frægt ævintýri. Hvaða ævintýri? Ef þú rannsakar

málið geturðu kannski komist að því hvert sagan gæti hugsanlega þróast. Kannski er *Hjartsláttur* nútímaútgáfa af þessu sama ævintýri? Eða kannski er bókin útúrdúr eða útúrsnúningur – kannski byrjar höfundur að notast við svipaðar aðstæður og í ævintýrinu en fer allt aðra leið? Það er a.m.k. mjög algengt í bókmenntum og listum að höfundar notist við gamlan efnivið.

1.


Að skrifa mannlýsingu

- Rifjaðu upp allt sem þú manst um Tristan og Írisi Sól (útlit, skapgerð, týpa) án þess að kíkja aftur á textann.
- Settu saman mannlýsingu um hvort þeirra fyrir sig. Ein vel þekkt mannlýsing úr íslenskri bókmenntasögu er lýsingin á Kjartani úr Laxdælu. Lestu hana og notaðu tóninn í henni til að skrifa þína eigin mannlýsingu.

2.

Ást er ...

Semdu fimm yfirlýsingar þar sem þú botnar setninguna Ást er ... Berðu þig saman við bekkjarfélagi. Voru yfirlýsingar ykkar svipaðar?



3.

Hvert vill sagan fara næst?



- Skrifaðu grófa grind að næsta kafla í þessari frásögn af Tristan og Írisi Sól. Hvert fer sagan? Hvar hefst næsti kafli? Heldur sagan áfram á hefðbundnum nótum eða getur hún farið eitthvert allt annað? Getur hún breyst í vísinda-skáldsögu? Hvernig? Hvað þyrfti þá að gerast?

4.

Ástarorðin



- Hvað einkennir ást eða hrifningu? Vinnið saman og skráið niður sem allra flest orð sem tengjast ást og rómantík. Skrifaðu síðan ástarbréf eða ljóð sem inniheldur a.m.k. tíu orð af listanum. Settu þig t.d. í spor Tristans þar sem hann skrifar Írisi – eða öfugt.

5.

Að skrifa ástarljóð

- Skrifaðu ljóð um ástina með því að fylla inn í eyðurnar – bara til að prófa þig áfram. Notaðu eftirfarandi form til að styðjast við. Finndu hvernig þessar takmarkanir geta bæði lokað dyrum og opnað aðrar. Finndu hvernig þessi tiltekna samsetning af atkvæðum felur í sér alveg ákveðinn takt – best er að lesa ljóðið sitt upphátt til að finna það.



þrjú atkvæði Ef þú ert
fimm atkvæði með öllum mjalla
sjö atkvæði ég finn þig fljótt í fjöru
sjö atkvæði og undan þér hann rennur
þrjú atkvæði undan þér.

6.

Með eða á móti




- Veldu þér umræðuefni og taktu afstöðu – með eða á móti. Semdu ræðu og leggðu þig fram við að sannfæra bekkjarfélaga þína og fá þá á þitt band.

Hugmyndir að umræðuefni:

- gallabuxur eru þægilegustu buxurnar
- stærðfræði er nauðsynleg
- skólabúningar ættu að vera skylda
- tölvur eru tímabjófar
- skólareglur eru nauðsynlegar
- lestur er tímasóun
- hækkum fermingaraldurinn
- lækkum bílprófsaldurinn
- rómantískar gamanmyndir eru skemmtilegastar
- tónlist er hávaði og garg
- kettir eru kelidýr





7.

Við erum alltaf að reyna að koma skoðunum okkar og tilfinningum á framfæri. Undir vissum kringumstæðum getur verið áhrifaríkt að orða hlutina óljóst en þó er oftast mestur þungi í því að tjá sig skýrt og með einföldum hætti. Skoðaðu þessi tvö ástarbréf, hver er munurinn á þessum tveimur bréfum?

Kæra Helga Hlíf!

Þegar þú dregur augnlok þín upp á morgni og leyfir augum þínum að lýsa upp heiminn er eins og mér hlýni að innan, frá hvirfli og niður að tám.

Þú ert ljós mitt og heimurinn er ríkari af því að þú ert í honum.

Þinn, alltaf

Jónsi

- - -

Elsku Helgi Hlynur, sko ég vil bara

segja þér að mér finnst þú æði!

Það er geðveikt að vakna með þér og augun þín skína sjúklega eins og stjörnur. Þú ert æði og heimurinn græðir sko á því að þú ert í honum.

XXX Jóna

Sjónarhorn

Í *Hjartslætti* er sagt frá þeim Írisi og Tristan. Fyrst fáum við að kynnst þeim út frá sjónarhorni Írisar og síðan með augum Tristans. Það eru margar hliðar á flestu sem fyrir okkur ber og því er mikilvægt að skoða og velta fyrir sér sjónarhorni þess sem segir frá.

Líttu á þessa mynd.



Hvernig heldur þú að frásögn lögreglumannanna sé?
En þess sem var handtekinn?
Á hvern hátt eru sjónarhorn þeirra mismunandi?

Hvað með þessa staðhæfingu um bíómynd?

„Þessi mynd er svo ömurlega leiðinleg að hálfa væri hellingur.“

Heldur þú að allir bíógestir hafi sagt þetta um myndina? En leikstjórinn og aðalleikarinn?

Er sjónarhorn stráksins og móðurinnar það sama hér?



8.

Hér til hægri er raunverulegt bréf sem birt var í *Vikunni* árið 1985.

Móðir stúlkunnar sér þetta mál sennilega frá öðru sjónarhorni en bréfitarinn.

Skrifaðu bréf til Póstsins, þar sem þú segir þína hlið sem móðir stúlkunnar.

Lesendabréf eins og þetta er aðeins eitt margra sem birtist í blöðum, tímaritum og netmiðlum. Hver sem er getur sent inn bréf til blaðsins, um hvaðeina sem honum eða henni liggur á hjarta. Öll eiga lesendabréfin það sameiginlegt að bréfitari er að lýsa skoðun sinni á einhverju máli, hvort sem hann er að hrósa, kvarta, leita ráða eða lýsa afstöðu sinni.



Kæri Póstur:

Ég er hérna ein fjórtán ára og mig langar til þess að spyrja hvort það geti verið að for-eldrarnir ráði alveg yfir manni og hvort þeir geti bara bannað manni allt og til dæmis ekki leyft manni að eyða sínum eigin peningum eins og maður vill. Pabbi og mamma vilja algjörlega ráða því hvenær ég fer út og hvenær ég á að vera komin heim. Þau vilja meira að segja ráða því með hvaða krökkum ég er. Ég hef sagt við þau að ég vilji ráða þessu sjálf. Og til dæmis á ég peninga í banka sem mér hafa verið gefnir og þegar ég ætla að taka út þessa peninga til þess að kaupa mér föt þá segir mamma bara: Nei, takk! Þú átt að geyma þá þangað til þú verður eldri. Elsku Póstur, hvernig get ég látið þau skilja að ég vil fá að ráða mér sjálf? Get ég til dæmis flutt til ömmu ef ég vil og hún vill?

Bless, bless.

Ein frekja.

Hér eru þrjú bréf frá unglingum sem þú skalt skoða.

ÁSTFANGINN

Kæri Póstur.

Þannig er mál með vexti að ég er ofboðslega hrifinn af stelpu sem var með mér í bekk í fyrra (og vonandi verður hún það næsta vetur líka). En nú er sumar og enginn skóli og þá sé ég hana örsjaldan. Mig langar alveg rosalega til að byrja með henni en ég veit ekki til þess að hún sé með öðrum eða hrifin af öðrum. Eitt er víst að hún er ekki hrifin af mér því þegar ég sé hana eða hitti þá veitir hún mér enga sérstaka athygli heldur heilsar mér bara eins og hverjum öðrum stráki. Elsku Póstur, hvað get ég gert til þess að ná í hana? Þú verður að svara þessu bréfi fyrir mig og gefa mér góð ráð

1939-7834

9.

Svaraðu tveimur af bréfunum í nafni póstsins.

10.

Skrifaðu bréf til *Póstsins*. Efnið má vera um hvað sem þér dettur í hug – en það skemmir ekki fyrir að hafa það skemmtilegt og skrytið.

Kæri Póstur:

Ég er í hræðilegum vanda. Þannig er mál með vexti að ég var að fá freknur og mér finnst það svo hræðilega ljótt. Hvað á ég að gera? Er hægt að losna við þetta og þá hvernig? Kæri Póstur, þú verður að hjálpa mér.

Ein freknótt.

Naga svo ferlega neglurnar

Kæri Póstur:

*Þú sem allt veist, hvernig á ég að fara að því að hætta að naga neglurnar? Þær brotna og kloffna svo ferlega að ég get engan veginn stillt mig um að naga þær og bíta og svo er þetta orðinn einn vítahringur. Er til eitthvað til að bera á neglurnar og get ég tekið eitthvað inn til þess að þær vaxi betur? Fljótur nú og ég tek það fram að ég er EKKI STELPA!
Margblessaður*

Nagli

Atburðarás

Allar frásagnir verða til vegna einhvers atburðar. Það er sama hvort það er brandari, saga úr daglegu lífi, hugsun, skáldsaga eða kvikmynd – það er alltaf einhver atburður sem á sér stað og hefur áhrif á það sem á eftir gerist. Það kallast **atburðarás**.

11.

Spreyttu þig á að semja ólíka atburðarás fyrir söguna af Tristan og Írisi.

Veldu ólíka atburði sem hafa um leið mismunandi áhrif á framhaldið:


- Sorglegur atburður
- Vandræðalegur atburður
- Hættulegur atburður
- Annað sem þér dettur í hug!

12.

Skrifaðu eina efnisgrein sem er upphafið á:

- klisjukenndri ástarsögu
- óvenjulegri ástarsögu
- spennusögu með byssum og bílaeltingarleikjum
- krúttlegri smásögu um garðálfa

Áður en þú byrjar skaltu velta fyrir þér hvernig dæmigert upphaf er fyrir þá sögugerð sem þú valdir. Alveg eins og „Einu sinni var ...“ er dæmigerðasta byrjunin á ævintýrum þá eru til dæmigerðar leiðir til að byrja bækur.



Að lokum – þetta um skáldsagnatexta

Skáldsögur og kvikmyndir eiga margt sameiginlegt, ekki síst að bæði listfomin fást við að segja okkur sögur. En leiðirnar sem eru farnar eru um margt ólíkar, enda byggja bókmenntir oftast eingöngu á texta en kvikmyndir notast við myndir, hreyfingu, talað mál, tónlist og texta. Inn í þetta er svo blandað okkar eigin skynjun, ímyndunarafli og hæfileika til að draga ályktanir.

Við sem erum alin upp með kvikmyndir og sjónvarp fyrir augunum alla ævi höfum mótast sem lesendur af þeim sökum. Okkur hættir til að vilja láta leiða okkur of mikið áfram og verðum óþreyjufull ef hlutirnir gerast ekki nógu hratt eða skýrt. Þess vegna heyrir maður lesendur stundum kvarta yfir því að í bókmenntum sé margt óskýrt og illskiljanlegt. Þetta er slæm þróun því að stór hluti af töfrunum við bókmenntalestur er þessi innbyggða óvissa, þar sem maður les og les og er nokkuð viss um að skilja en svo bendir eitthvað til að maður hafi ekki skilið alveg rétt og þá verður maður spenntur og les meira og meira og meira.

Hvað fannst mér skemmtilegast í þessum kafla? Hvað kom mér á óvart í kaflanum? Hvað fannst mér vanta í þennan kafla?

Ég... SKILABOÐ

veit hvað sjónarhorn hefur mikil áhrif á frásögn.

get sagt frá atburði og lýst ólíkum sjónarhornum.

er klár á hvað atburðarás er.

Textaboð

Ég... SKILABOÐ


skil að greinamerki skipta miklu máli í rituðu máli.

Hvaða máli skiptir að vanda ritun, hvort sem það er bréf, saga eða annað?

Hvað þarftu að hafa í huga þegar þú skrifar sögu? Rifjaðu upp eins mörg atriði og þú getur – líka úr fyrri köflum!

Textaboð

Þegar við Guðrún vorum skotnar í sama stráknum



Þegar við Guðrún vorum ungar vorum við svo samrýmdar að við urðum meira að segja skotnar í sama stráknum. Ekki minnst ég þess að það hafi truflað okkur nokkuð því að við sýndum enga tilburði í þá átt að kynnst honum.

Við útbjuggum hins vegar altari uppi í mínu herbergi og vegsömuðum hann með söng og vitnisburðum. Við vorum hátíðlegar og alvarlegar og okkur fannst mikilvægt að raddir okkar víbruðu í lofsöngnum. Altarið var þannig: á veggnum hékk íslenski fáninn og á honum teiknuð mynd af stráknum, borð fyrir framan með tveimur kertum í stjökum. Silfurskál með þurrkuðum rósablöðum stóð á milli stjakanna.

Halldóra Kristín Thoroddsen

- ✓ Er þetta einlægur eða kaldhæðinn texti? Hvað í textanum gefur það til kynna?
- ✓ Semdu yfirdrifið ástarljóð til stráksins þar sem íslenski fáninn kemur fyrir.

Teiknaðu mynd af þessari sviðsmynd.

- ✓ Altari, lofsöngur, íslenski fáninn, kerti í stjökum, silfurskál, rósablöð – hvaða merkingu bera þessi tákn í textanum?

Finndu hvar þinn áhugi liggur!
Prófaðu að lesa bók sem þú hefur fyrirfram dæmt ómögulega.
Hún gæti komið þér á óvart.

Unglingurinn sem ljóðaði yfir sig

Markmiðið með kaflanum er að skilja af hverju orð hafa meira vægi í ljóðum en í öðrum texta. Eitt orð getur kallað á sterkar tilfinningar og dregið fram hugsanir sem innihalda fjölmörg önnur orð og vísanir í önnur listaverk eða samfélagið sjálft.

Hefurðu heyrt um unglinginn sem ljóðaði yfir sig?

Hann tjáði sig svo mikið í ríkulegu og ljóðrænu máli á spássíur stílabóka og gula miða, með sms-skilaboðum og á netinu að hann varð alveg ljóður!

Í þessum kafla æfirðu þig í að koma auga á það sem finna má í ljóðum. Ljóð geta haft mikinn þunga og mikil tilfinningaleg áhrif á okkur með fáum orðum sem eru rétt valin og raðað rétt saman. Það er erfitt að ná fyllilega utan um það af hverju ljóð geta verið svona kraftmikil en

hluti af töfrunum er stundum sá að þau ná á beinskeyttan hátt utan um kjarna málsins og stundum utan um kjarna alls lífsins.

Skoðum eitt dæmi um mátt orða. Til er ljóðlína sem hljóðar svona:

Dáið er allt án drauma.

Þetta er í sjálfu sér afar einföld samsetning á fimm ósköp venjulegum orðum. En áhrif þeirra eru mikil, miklu meiri en ef við myndum nota fleiri orð til að lýsa inntakinu, til dæmis með svona langloku:



Í lífinu er mikilvægt að eiga sér drauma, því þeir gera að verkum að maður heldur áfram að nenna að hafa fyrir því að leggja sig fram og elta markmiðin sín; segja mætti að draumarnir héldu manni lifandi og að án þeirra væri maður hálf dauður.

Fyrri útgáfan er kraftmikil og niðursoðin, stuðluð og með takti sem smýgur inn í mann – seinni útgáfan er löng romsa sem segir það sama en er alls ekki eftirminnileg.

Þetta þýðir alls ekki að öll ljóð hljómi eins og málshættir eða þurfi að gera það. Mörg ljóð hafa áhrif á allt annan hátt og í sumum þeirra er jafnvel notast við mikinn orðaflaum og setningafoss.

• Siggi er negldur

Siggi er negldur við sætið.

Glerið rennur af pallinum og sker höfuðið af í heilu lagi og það þeytist út í loftið. En það gerir ekkert til því hann var illmenni. Hann hafði skotið til bana móður og tvö börn.

Er þetta gott ljóð eða slæmt?
Af hverju og af hverju ekki?
Er það dæmigert eða óvenjulegt?

Hver er að „skrifa“ ljóðið?
Hver segir frá – hver er svokallaður ljóðmælandi?

Ljóðið fjallar um Sigga, strák sem á sér ákveðin áhugamál. Hvernig virkar þetta ljóð ef því er snúið yfir á stelpu?

• Siggi stóri hefur setið eins og myndastytta niðursokkinn, grafkyrr, og einbeitt sér, framan við vídeóið í hálfan annan klukkutíma.

Og svo segir stærðfræðikennarinn að Siggi geti ekki setið kyrr.

• Býr endirinn til ákveðinn boðskap með ljóðinu? Hvernig, hvers vegna og hver er boðskapurinn?

Höfundur: Thorstein Thomsen
Þýðendur: Þórður Helgason og Michael Dal

Leikur að ljóðum

Fleygar setningar



Þreifaðu á taktinum í setningunni „Dáið er allt án drauma“ og hummaðu hann upphátt nokkrum sinnum. Skrifaðu svo nokkrar setningar sem lúta sömu lögmálum (stuðlar) og eru í sama takti. Ef þú vilt að setningarnar hljómi eins og málshættir eða orðtök er gott að styðjast við ákveðin orð, t.d. oft, sjaldan eða alltaf.

Dæmi:
Fegurðin oft er falin.

Notaðu verkefnið í þessum kafla til að kynnast betur þínum eigin ljóðasmekk. Það skiptir máli fyrir þig að vita hvaða ljóð höfðu til þín og hver þeirra gera það alls ekki – og vita líka hvers vegna.

1.

Hugleiðing

Hvað er ljóð?
Um hvað eiga ljóð að vera?
Hvernig eiga ljóð að vera?
Mega þau vera rímlaus?
Orðum raðað í belg og biðu?
Hvernig fólk semur ljóð?
Hvernig semur fólk ljóð?
Af hverju semur fólk ljóð?
Hvaðan fær fólk hugmyndir í ljóðin?

2.

Vertu skáld!
Skrifaðu ljóð sem

- samanstendur einungis af titli og tveimur orðum
- samanstendur einungis af titli og fimm orðum

3.

Hvernig ljóðum hefur þú mest gaman af?
Finndu eitt ljóð sem þér finnst gott og skrifaðu það niður.
Hvað er það við ljóðið sem hefur þessi áhrif á þig? Er það orðanotkunin? Myndmálið? Er það kannski stemmningin í því (gleði, hæðni, sorg, kaldhæðni ...)?
Veltu þessu fyrir þér, hvað er það sem gerir ljóðið áhugavert?

4.

Haltu áfram með ljóðlistina og ljúktu við ljóðin:

Andaglas
Það liggur glas
á hliðinni ...

Einu sinni enn
Fylgdu mér
segir þú ...

5.

Lestu ljóðin hér – og búðu til titil á þau. Punktaðu hjá þér af hverju þú valdir þennan titil, þ.e. hvað það var í ljóðinu sem fékk þig til að velja titilinn.

TITILL


aldrei var nokkurt eyland
jafn fagurt og frjálst
jafn glitrandi hlýtt
og nákomið mér
og daginn
sem mér tókst
að láta hafragrautinn
dansa í mjólkinni
í fyrsta sinn
Guðrún Hannesdóttir

TITILL

Þú óró hins myrka blóðs
og eitur grannra beina,
þú sem kemur í formleysi
og heldur dyrum hamingjunnar
í hálfu gátt.

Óvissa, óvissa,
hve innilega ég hata þig.
En daginn sem ég myrði þig,
mun hjarta mitt springa.
Stefán Hörður Grímsson

TITILL



Kári Tulinius

TITILL

Hamingjan
getur orðið svo hversdagsleg
að við köstum henni frá okkur
eins og notaðri flík
og fáum okkur nýja

seinna
þegar nýju fötin þrengja að
þá hugsum við með söknuði
um gamla flík

fékk hana kannski
einhver annar
var henni hent
eða hangir hún enn inni í skáp
og bíður eftir okkur
Þuríður Guðmundsdóttir

En hvað er ljóð?

Þeir sem hafa reynt að skilgreina ljóð hafa flestir lent í nokkrum vandræðum. Er þetta til dæmis ljóð? Af hverju? Af hverju ekki?

Án titils

:-)

Davíð Hörgdal Stefánsson

Einu sinni höfðu karlar og konur afar sterkar skoðanir á því hvernig ljóð ættu að vera, hvernig þau mættu vera, um hvað þau mættu fjalla og hvernig þau mættu vera uppsett. Þá var allt mjög formfast og niðurnjörvað í takt, stuðla og höfuðstafi, til dæmis svona:

Mitt var starfið

Mitt var starfið hér í heim
heita og kalda daga
að skeina krakka og kember þeim
og keppast við að staga.

Eg þráði að leika lausu við
sem lamb um grænan haga,
en þeim eru ekki gefin grið,
sem götin eiga að staga.

...

Theodora Thoroddsen

En notkun á ljóðstöfum og rími var ekki aðeins til að skapa takt og kraft, heldur var hún einfaldlega nauðsynleg til að hægt væri að varðveita kveðskap manna og kynslóða á milli með því að muna hann. Þá var ekki hægt að vista skjal eða prenta út eða senda í tölvupósti – þá þurfti fólk einfaldlega að nota minnið til að geyma menningararfinn. Stuðlar, höfuðstafir, lengd ljóðlína og margt fleira skapar takt og reglu í hefðbundnum

ljóðum, oft kölluð bundin ljóð, sem virkuðu sem hjálpartæki fyrir minnið. Hrynjandinn skipti auðvitað líka máli varðandi sjálfan hljóð ljóðanna þegar þau voru lesin upp eða flutt – og þannig er það enn í dag að eyru okkar sperrast þegar við heyrum takt eða reglu í upplestri.

Það er ekki langt síðan að óhugsandi þótti að tala um svona hefðbundin ljóð í sömu andrá og nútímaleg og formfrjáls ljóð, gjarnan kölluð óbundin ljóð. En um miðja síðustu öld fóru viðmiðin að breytast hratt, ekki bara á Íslandi heldur um allan heim. Listamenn og ljóðskáld fóru að losa sig undan ýmsum hugmyndum sem þeir töldu hamla listsköpuninni og hinni skapandi hugsun. Þetta gerðist í öllum listgreinum og lagði grunninn að þeim veruleika sem við búum við í dag – að reglurnar eru nánast engar eða mjög óskýrar og á floti.

Sumum finnst þetta gott en öðrum finnst þetta alveg ferlegt. Sumir líta á ljóð á mjög opnum og breiðum forsendum á meðan öðrum finnst ekkert eiga að heita ljóð nema það sé bundið í fast form, stuðla, höfuðstafi og rím. Hverju sem því líður er veruleikinn sá – núna – að það sem kallast „ljóð“ getur innihaldið mjög margt og fjölbreytilegt. Hér er enginn að segja að eitt sé betra en annað – heldur er þvert á móti gert ráð fyrir því að allur texti sem getur talist ljóð verðskuldi sömu meðferð; að hann geti innihaldið eitthvað nýtt, ferskt, djúpt og spennandi sem skiptir okkur máli.

Þegar íslensk bókmenntasaga er skoðuð er því miður ekki um auðugan garð að gresja í ljóðum eftir konur. Meirihluti allra bókmenntatexta sögunnar er eftir karla, rétt eins og verk í öðrum listgreinum. Enn í dag hallar á konur í þessum efnunum en sem betur fer hafa tímarnir breyst til hins betra.

Ljóð Theodoru Thoroddsen er merkilegt fyrir efnistökin og hvernig hún lýsir hörðum veruleika kvenna. Taktu sérstaklega eftir því hvernig orðið ‚staga‘ kemur endurtekið fyrir í ljóðinu. Ef þú lest það upphátt kemur líka skýrt í ljós að takturinn, stuðlarnir, höfuðstafirnir og rímið gefa því slagkraft – það gæti meira að segja hentað vel sem rapptexti.



Allir hafa í sér ljóð

Allt bendir til þess að allar manneskjur hafi ríka tjáningarpörf; líka börn og unglingar.

Þess vegna er hægt að fullyrða að allar manneskjur hafi einhvern tímann ort ljóð í einhverju formi. Eitt ljóð, tíu eða hundrað. Allir hafa prófað. Flestir hafa hætt, einhverra hluta vegna. En allir hafa reynt. Hefur þú ekki einhvern tímann samið ljóð? Einhvern tímann sett saman vísu í gamni, þótt þú hafir hugsanlega ekki skrifað hana niður eða leyft nokkrum manni að sjá eða heyra? Leikið þér að vera skáldleg(ur) í tali eða hugsun?

Því það að skrifa ljóð er fyrst og fremst leikur með orð;

leikur með eðli orða, áferð þeirra og hljóðm. Og það er rosalega gaman, þegar maður uppgötvar hvað hægt er að segja mikið með fáum orðum, bara með því að stilla þeim upp á ákveðinn hátt. Skoðum hvað hægt er að gera:

Ljóðmælandi er sá sem talar í ljóðinu, líkt og sögu- maður í bókmenntatexta. Mundu að höfundur er eitt og ljóðmælandi og sögu- maður er annað.

Kirkjugarður á sólardegi


Hlaðinn veggur
þykkir skuggar

Hvað þýðir þetta ljóð? Það veit enginn fyrir víst. Jafnvel þótt allur bekkurinn læsi það og reyndi að túlka það.

Hver er ástæðan fyrir því?

Ástæðan er ... rými. Rýmið á milli orðanna; allt þetta sem er ósagt. Það er okkar að teikna upp myndina út frá takmörkuðum forsendum – að því leytinu til er ljóð eins og ákveðin tegund af gátu. Ef við notumst við hugsanaromsur getum við smám saman teiknað upp myndina.

- Hvar er þessi kirkjugarður?
- Hvaða vegg er verið að tala um?
- Hver er ljóðmælandi? Karl eða kona?
- Er ljóðmælandi barn eða fullorðinn?
- Hvaða „þú“ er það sem ljóðmælandi er að tala við?
- Og af hverju þarf ljóðmælandi að taka fram að þessi „þú“ er ekki í þessum skuggum?
- Þegar ljóðmælandi segir skuggar, er hann kannski að meina grafir? Eða legsteina?
- Hvaða máli skiptir hvort það er sól eða ekki – af hverju þarf að taka það fram?



- Hvernig læsum við þetta ljóð ef titillinn væri annar, t.d. „Þar sem þú ert“ eða „Útsýni af bekknum?“

Þessi örfáu orð í ljóðinu kalla fram mynd í huganum sem er á sama tíma mjög skýr og svo óskýr að hún kallar á fleiri spurningar en svör.

Ástæðan fyrir því að enginn einn getur túlkað ljóðið á réttan hátt er sú að orð eru svo margslungin og margræð. Þau fela í sér ótal margt undir yfirborðinu. Bara einfalt orð eins og „hestur“ kallar á ótal tengingar.

Allt fer þetta eftir reynslu og þekkingu hvers og eins. Hvaða orð koma upp í huga þinn þegar þú hugsar um orðið „hestur?“ Gerðu einfalda æfingu með nokkur orð hér fyrir neðan og skrifaðu niður öll orð og hugmyndir sem koma upp í hugann þegar þú ígrundar þau:

mánudagur

sumarbústaður

togari

Gullfoss

sjónvarpsfréttir

fótbolti

þriðjudagskvöld

skólamáltíð

Alþingi

Finnurðu hvernig orðin innihalda ólíkar tengingar? Ef þú berð þína lista saman við lista bekkjarfélaganna sérðu líka að hjá þeim innihalda orðin stundum sömu tengingar og stundum allt aðrar.

Palli var einn í heiminum

Skoðaðu fyrstu tvær línurnar og finndu hvernig errin þrjú drífa ljóðið áfram.

Formið er fast, takturinn skýr.

Hvaða tegund ljóðs er þetta? Notaðu netið til að finna svarið.

Ljóðið er í þátíð. Prófaðu að snúa því alfarið yfir í nútíð. Breytist stemmningin? Gengur ljóðið upp? Heldur takturinn sér?

Úr blárri rekkju reistu að morgni dags hjá rauðum kolli, fil og gulum skóm. Er gólfið straukstu fótum fannstu strax, að fóلكið það var horfið – löndin tóm.

Þú hentist um á vökrum brunabíl, þú barst mjög á – þú lifðir hátt og flott. Þú fyrirleist hinn leiða og heimska skríl, sem loksins hafði kvatt og var á brott.

Þú undir, Páll minn, einn, við leik og störf, en allt er hverfult: von um líf og tal þú fylltist, Páll, og félagslegri þörf við för þína í hinn dimma bíosal.

Ó, Palli minn, í dauðum hlutaheimi þú hringlaðir á tilgangslausu sveimi.

Höfundur: Þórarinn Eldjárn

Hvernig stemmning er í því hvernig ljóðið endar? Endar það vel, illa eða hlutlaust?

Sterk og bein vísun í þekkt bókmenntaverk ... hvaða áhrif hefur það á lesturinn?

Hvað á ljóðmælandi við þegar hann talar um förina í hinn dimma bíosal? Hvað gerist þar? Og hver er ljóðmælandi?

Í þessu erindi breytist ávarp ljóðmælanda eins og sést í fyrstu og þriðju línu erindisins. Hvaða áhrif hefur þetta?

Í þessu ljóði leikur höfundur sér með upplýsingar og aðstæður úr sögu sem allir þekkja. Og kaldhæðnin er ekki langt undan. Geturðu gert þér í hugarlund hvernig þér þætti þetta ljóð ef þú þekktir ekki vísunina – ef það fjallaði bara um einhvern strák sem heitir Gummi eða Jónsi? Væri ljóðið þá einhvers virði? Væri það kannski alveg óskiljanlegt?

Ljóðagreining

6.

Um hvað er þetta ljóð?

Mikilvægasta manneskjan í lífi mínu

Þú komst inn í líf mitt
eins og ljósglæta
sem lýsir upp innstu myrkur
sálar minnar
líkt og í sjampóauglýsingu
þar sem allt breytist til batnaðar
ef þú prófar nýjasta undrasjampóið
– fyrir allt hár.
Þú ert ljósið í lífi mínu
undrasjampóið mitt.

Kristín Svava Tómasdóttir (13 ára)

- Hvað segir titillinn þér?
- Hvernig stemmning er yfir ljóðinu?
Er það alvöruþungið? Fyndið? Sorglegt?
Hæðið?
- Hvað er það í ljóðinu sem skapar stemmninguna?
Eru það ákveðin orð? Er það umfjöllunarefnið?
Myndmálið?
- Hver er ljóðmælandinn?
- Hver er undrasjampóið?

7.

Um hvað er þetta ljóð?

Lífið

Skýin fljóta áfram
eins og iðandi fólkið á jörðinni.
Vindurinn þýtur um götur og stræti
eins og stressað fólk.
Sólin skín skært
eins og stjörnur í Hollywood.
Norðurljósín flæða um himininn
eins og stórfjót heimsins.
Regnboginn skín í sínum skærustu litum
eins og náttúra Íslands.


Björk Þorgrímsdóttir (14 ára)

- Hvað segir titillinn þér?
- Hvernig myndmál er í ljóðinu?
- Hvaða áhrif hefur myndmálið?
Sérðu ljóðið fyrir þér?
- Hvernig myndir þú lýsa þeim fyrirbærum sem skáldið lýsir?
– Skýin ...
– Vindurinn ...
– Sólin ...
– Norðurljósín ...
– Regnboginn ...

8.

Af hverju var Palli einn?

Finndu bókina *Palli var einn í heiminum* á bókasafninu eða í hillunni heima. Veltu fyrir þér ljóðinu á blaðsíðu 159 og efni sögunnar í samvinnu við nokkra bekkjarfélaga. Skoðaðu vel þær blaðsíður sem ljóðmælandi vísar sérstaklega í.



9.

Hvað ef þú værir einn eða ein?

Skrifaðu 150–200 orð um hugleiðingar þínar varðandi efnið og segðu jafnframt frá því hvað þú myndir gera ef þú værir í sporum Palla – að vera ein(n) í heiminum í einn dag. Hvers myndirðu sakna? Hvað værirðu fegin(n) að vera laus við?



10.

Hvaða ljóð er þitt ljóð? Af hverju?

Berðu saman öll ljóðin í þessum kafla. Er munur á þeim eftir ritunartíma eða kyni höfundar? Hvaða ljóð höfðar mest til þín? Hvaða ljóð er eftirminnilegast? Af hverju? Gefðu þér tíma til að velja þessu fyrir þér.



11.

Ljóðabókin þín!

Gefðu út þína eigin ljóðabók! Skrifaðu fjögur ljóð eða fleiri um efni að eigin vali, skrifaðu þau eða prentaðu út og búðu til þína eigin ljóðabók í nokkrum eintökum (eitt fyrir þig, eitt fyrir kennarann, eitt fyrir foreldra). Notaðu ímyndunaraflið, blað, blýant, liti, skæri, lím, skraut, ljósritunarvél, myndir – hvaðeina sem þér dettur í hug. Ekki gleyma að merkja bókina með titli og nafni!



12.

Upplestrarkeppni

Haldið litla upplestrarkeppni á vel völdu ástarljóði í bekknum. Skiptið bekknum í nokkra hópa, til dæmis svona:

- einn hópur les af mikilli ástríðu
- einn hópur les drungalega
- einn hópur les kæruleysislega
- einn hópurinn les með dæmigerðri auglýsinga- eða kynningarödd
- einn hópurinn syngur eða rappar



13.

Klippiljóð

Gríptu dagblöð, gamlar bækur, skæri og lím og búðu til þitt eigið klippiljóð. Hér gilda engar reglur og hér eru nokkrar tillögur að titlum, sem eru samt bara til að koma þér af stað:

- Fagur fiskur í sjó
- Skóladagur
- Ást er ást er ást
- Farðu í rass og rófu



Býr skáld í þér?

14.

Ljóðskáld semja um allt milli himins og jarðar og fá innblástur og hugmyndir úr öllum áttum. Nú skorum við á þig að velja eitt listaverkanna hér og nota það sem hugmynd í ljóð.



Annars konar ljóðagreining

15.

Framar í kaflanum var hluti úr ljóði Theodóru Thoroddsen Mitt var starfið. Hér er eru öll erindin. Finndu ljóðstafi og rím í ljóðinu. Útskýrðu rímið eins vel og þú getur. Finndu merkingu undirstrikuðu orðanna og skrifaðu niður.

Mitt var starfið

Mitt var starfið hér í heim
heita og kalda daga
að skeina krakka og kemba þeim
og keppast við að staga.

Eg þráði að leika lausu við
sem lamb um grænan haga,
en þeim eru ekki gefin grið,
sem götin eiga að staga.

Langaði mig að lesa blóm
um langa og bjarta daga,
en þörfin kvað með þrumuróm:
„Þér er nær að staga.“

Heimurinn átti harðan dóm
að hengja á mína snaga,
hvað eg væri kostatóm
og kjörin til að staga.

Komi hel með kutann sinn
og korti mína daga,
eg held það verði hlutur minn
í helvíti að staga.

Theodora Thoroddsen

16.

- Um hvað er ljóðið? Endursegðu það í stuttu máli – með þínum orðum.
- Hvert er hlutverk konunnar í ljóðinu?
- Hvað þráði hún og af hverju gat hún ekki látið drauma sína rætast?
- Hvenær heldurðu að þetta ljóð hafi verið samið?
- Ef ljóðið væri samið um karl, hvernig heldurðu að hans hlutverki væri lýst?
- Á þetta ljóð vel við í dag? Er staða kvenna lík því í dag sem lýst er í ljóðinu? Færðu rök fyrir máli þínu og nefndu dæmi.

Hér kemur sér vel að
skoða handbækur,
Bragfræði og orðabækur.

Að lokum – þetta um ljóð

Svona eru ljóð margslungin og skemmtileg. Hvernig er best að læra þá list að lesa ljóð? Sennilega með því að lesa ljóð upp á eigin spýtur og með góðri athygli og opnum huga.

Ljóð eru alls kyns og það eru ljóðskáld líka. Sum þeirra eru mjúk og hlý en önnur hörð og kraftmikil eins og sprengjur. Það er mjög misjafnt hvaða ljóð höfða til hvers og eins og það er því þitt hlutverk að fara á bókasafnið, velja nokkrar ljóðabækur af handahófi og prófa að fletta þeim. Þannig finnurðu þinn eigin smekk og hvað þér finnst skemmtilegt; hvaða orð og hvaða ljóð hreyfa við þér.

Hvað fannst mér skemmtilegast í þessum kafla? Hvað finnst mér um ljóð? Hvernig ljóðum hef ég mest gaman að?

Finndu hvar þinn áhugi liggur! Hvar í umhverfinu sérðu ljóð? Horfðu í kringum þig – þau leynast víða!

Ég... SKILABOÐ

er með á hreinu muninn á hefðbundnum (bundnum) og frjálsum ljóðum (óbundnum).

skil hvað hugtakið ljóðmælandi er.

kann að finna ljóðstafi í ljóðum.

þekki mismunandi tegundir af rími í ljóðum.

○ Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ

Hvernig geta ljóð verið ólík? Finndu eins mörg dæmi og þér dettur í hug.


Hvaða atriði þekkirðu sem skapa stemmningu í ljóðum?

Hvernig er gott ljóð í þínum huga?

Er boðskapur í öllum ljóðum? Hvernig boðskapur finnst þér vera algengastur í þeim ljóðum sem þú hefur lesið?

○ Textaboð Senda

Hvað er á gangi hér?



Ef þú leyfir þér geturðu notað ólíkar kveikjur í margar áttir.
Skoðu myndina hér fyrir neðan og notaðu hana í ólík verkefni:

Hvað er í gangi á þessari mynd? Rýndu í hana og ræddu við bekkjarfélagi.

- ✓ Skrifðu ljóð sem heitir Ljós og skuggar eða Ekki er allt sem sýnist.
- ✓ Þessi mynd hangir uppi á vegg hjá ömmu þinni. Hún leiðir þig að myndinni og segir þér söguna af tilurð hennar. Skrifðu hvað hún segir um myndina. Tók hún sjálf myndina? Eða einhver sem hún þekkir? Klippti hún myndina út úr tímariti?
- ✓ Myndið þriggja manna hópa og skrifið niður öll orð sem tengjast því að ganga, t.d. samheiti eða orð sem innihalda sömu orðmynd. Hvað getið þið fundið mörg orð? Hvaða hópur finnur flest orð? Það má hringja í vin eða ættingja eða leita út fyrir kennslustofuna, t.d. á netinu.



Öll þessi skilaboð

Markmiðið með þessum kafla er að skoða ólíka málnotkun, málsnið og orðræðu. Öll þessi hugtök vísa til þess að við notum ólíkar leiðir til að tjá okkur eftir því hverjar aðstæðurnar eru eða hvert tilefnið er. Þetta er ekki ósvipað því að við notum ekki sömu fót til að fara í afmæli hjá vinum okkar og í jarðarför.

Auglýsingar eiga sitt eigið tungumál

Auglýsingar eiga sitt eigið tungumál – og mörg tungumál innan þess. Þannig er ekki sami stíllinn notaður þegar auglýst er eftir skrifstofustjóra í ráðuneyti og starfsmanni í

leikfangaverslun. Málsniðið sem er notað hverju sinni miðlar ákveðnum skilaboðum – formlegt og stíft orðalag miðlar alvarleika og formfestu á meðan létt og kæruleysislegt orðalag miðlar einmitt því: Léttleika og kæruleysi. Það hefur færst í vöxt að í atvinnuauglýsingum sé slegið á léttu strengi. Þannig auglýsti virðulegt tölvuþjónustufyrirtæki einu sinni eftir „nördum“ og spurði í fyrirsögn: „Viltu ganga í hettupeysu

í vinnunni?“ Fyrirtækið vildi fanga athygli fleiri einstaklinga en þeirra sem ganga í jakkafötum alla daga. Fyrir nokkrum árum hefði þetta þótt óhugsandi hjá stóru og

virðulegu þjónustufyrirtæki. Auglýsingar eru alls staðar í kringum okkar. Þær eru svo rótgróinn hluti af menningu okkar og daglegu lífi að það er nauðsynlegt fyrir okkur að staldra við og velta fyrir okkur inntaki þeirra og áhrifum.

Auglýsingar hafa auðvitað það markmið að selja vörur, þjónustu eða hugmyndir. Það er þeirra hlutverk. En þær eru líka sumar eins konar listaverk, samsettar úr sömu innihaldsefnum og alvöru listaverk. Þess vegna er svo gaman að skoða auglýsingar og nota þær eins og æfingavöll fyrir leik með tungumál, tákn og læsi.

Hér á eftir sérðu fjórar auglýsingar sem allar birtust í sama blaði, á sömu blaðsíðu, sama daginn, þann 4. febrúar 1990. Þær eru mjög ólíkar í stíl og efnistöfum. Á vefnum timarit.is getur þú flett mörgum dagblöðum og tímaritum og leitað eftir efnisorðum. Þar er marga gullmolana að finna. Í vinnubókinni er einnig að finna fleiri verkefni sem snúast um auglýsingagreiningu.



Atvinnuauglýsingar 4. febrúar 1990



Hún Guðrún er að hætta

Nú þurfum við að finna manneskju til að fylla skarðið hennar, en hún hefur: Fært bókhaldið – passað upp á hefðið – gert tollskýrslur og annað sem þurft hefur. Við hin þrjú á skrifstofunni erum sem sagt að leita að sjálfstæðri, samvinnuþýðri og brosmildri manneskju. Sendið okkur línu á auglýsingadeild Mbl. ef þú telur þig passa í skarðið merkt: „Skarðið“ – 9947“ fyrir 11. febrúar.

Heimilishjálp Garðabæ

Barngóð kona óskast til að gæta 8 ára drengs og vinna létt heimilisstörf eftir hádegi. Upplýsingar í síma 657228 á kvöldin og um helgar.

Latur

ungur maður óskar eftir vinnu, helst við að gera ekki neitt, en ef eitthvað er, þá sem minnst.

Tilboð sendist auglýsingadeild Mbl. fyrir 9. febrúar merkt: „Latur“ góð laun –8915

Skrifstofustarf

Starf skrifstofumanns við landlæknisembættið er laust til umsóknar. Starfið fellst í símaþvöslu og almennum skrifstofustörfum og er laust nú þegar.

Eiginhandarumsókn með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf, sendist skrifstofu landlæknis, Laugavegi 116, 150 Reykjavík, fyrir 10. febrúar nk. Allar nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu embættisins. Landlæknir.

Ræðið þessar auglýsingar í hópum. Hvað einkennir þær? Hvað er ólíkt með þeim?

1.

Latur

Hver heldur þú að hafi verið tilgangur þess lata að hafa þessa fyrirsögn?

Hvaða áhrif heldur þú að fyrirsögnin hafi haft?

Skrifaðu lýsingu á þeim lata og hafðu í huga aldur, persónuleika, menntun og fyrri störf.

Af hverju er hann að leita sér að vinnu? Komdu með tillögur að störfum þar sem sá lati gæti notið sín.

Semdu formlegt svar sem sá lati fær við auglýsingu sinni.

2.

Guðrún

Skrifaðu uppsagnarbréf Guðrúnar þar sem fram kemur af hverju hún er að hætta.

Manstu hvernig á að skrifa formlegt bréf?

Líttu í 5. kafla ef þú þarft að rifja það upp.

3.

Skrifstofustarf

Semdu atvinnuumsókn fyrir þetta starf í nafni Guðrúnar.

4.

Heimilishjálp

Hvernig er fjölskyldan sem óskar eftir heimilishjálpinni? Skrifðu lýsingu á henni.

- Af hverju er óskað eftir konu í starfið?
- Semdu nýja auglýsingu þar sem ekki kemur fram að sótt sé eftir ákveðnu kyni.

5.

Veldu eitt verkefni

- Ímyndaðu þér að sá lati hafi áður verið í starfi heimilishjálparinnar. Skrifaðu blogg-færslu í nafni móður barnsins þar sem hún lýsir þeim lata í starfi – og því hvers vegna hún þurfi að finna nýja heimilishjálp. Það vantar ritara fyrir forsetann.
- Reyndu að sjá fyrir þér hvernig einstakling þú telur að henti í starfið. Semdu nú auglýsingu þar sem staða ritarans er auglýst. Hvernig á hún að vera svo draumaum-sækjandinn þinn láti heillast og svari henni?
- Pitsusendill!
Það er brjáláð að gera hjá Pepperoni Pitsu og þar vantar pitsusendil ekki seinna en strax. Hvaða eiginleikum þarf hann að búa yfir? Semdu auglýsingu þar sem þú leggur allt í sölurnar til að fá hæfasta sendilinn.

6.

Að taka viðtal

Skoðaðu auglýsinguna um skrifstofu-starf og auglýsinguna frá þessum lata. Gerðu þér í hugarlund að hann hafi áður verið í þessu starfi. Skrifaðu viðtal við vinnuveitandann þar sem hann lýsir þeim lata í starfi. Hvers konar starfsmaður var hann? Hægt er að vinna þetta verkefni upp á eigin spýtur eða jafnvel í pörum, þar sem einn tekur viðtalið og hinn leikur „þann lata“.



Fleiri auglýsingar

7.

Semdu auglýsingu þar sem þú óskar eftir drauma-starfinu.

Hvað finnst þér að þurfi að koma fram?

Hafðu þessi atriði á bak við eyrað:

- hverjir kostir þínir eru
- aldur, menntun og fyrri störf
- óskir þínar um laun og vinnutíma.

8.

Ljónatemjari eða listaskáld? Hvert er draumastarfið?

Skrifaðu stutta lýsingu á draumastarfinu þínu án þess þó að nefna starfsheitið.

Þú getur stuðst við þessi atriði:

- Hvað er það við starfið sem heillar þig?
- Hvaða hæfileika, eiginleika og menntunar er krafist?
- Er mikil útivist? Innivera? Líf og fjör? Rólegheit?
- Krefst starfið sjálfstæðis og einveru? Er mikil teymisvinna?
- Á hverju byggir það? Verslun? Þjónusta? Umönnun? Stjórnslu? Ævintýramennsku? Samskiptum? Tækni?

9.

Ertu grafískur hönnuður?

Fjöldi verslana selur sjónvarpstæki og önnur raftæki. Til að ná athygli kaupenda þurfa þær að vanda auglýsingarnar; hafa þær áhugaverðar, spennandi og grípandi. Veldu aðra hvora auglýsinguna og hannaðu hana upp á nýtt ogaðlagaðu hana nútímanum.

Auglýsingagreining



Í auglýsingum skiptir allt máli. Auglýsingar dagsins í dag eru litríkar og flottar og ágengar, en jafnvel í svarthvítri og gamalli auglýsingu sem lætur lítið yfir sér er margt í gangi sem hefur tilfinningaleg áhrif á lesandann.

Nafn vörunnar
og grafískt merki

Kjarakaup á
SEAT
IBIZA

50 þúsund kr. lækkun

Vegna samninga við verksmíðurnar.



39 þúsund kr. lækkun

Vegna breytinga á tollum samkvæmt bráðabirgðalögum.



Verð nú kr. 296 þúsund


Gengi 23.09.1985

í stað 385 þúsunda

Við lánunum 150 þúsund
til 8 mánaða
eða tókum gamla
bílinn þinn upp í

Smáa lettrið í tilboðinu
– en af hverju er það
svona smátt?

Mynd af bílnum,
tekin frá sjónarhorni
sem gerir hann
glæsilegan.



Þetta er tækifæri sem þú
sleppir ekki ótilneyddur.

Almennar upplýsingar
um fyrirtækið.

TÖGGUR HF
UMBOD FYRIR SAAB OG SEAT

BÍLDSHÖFÐA 16, SÍMAR 81530-83104

Að lokum – þetta um auglýsingar

Allt felur í sér merkingu – allt hefur innihald. Á þessu byggja öll skilaboð sem okkur berast, hvort sem það eru tákni eða myndir eða orð. Eins og kom fram í ljóðakaflanum fyrr í bókinni er að mörgu að huga þegar maður les ljóð – besta leiðin er sú að gæta að svokallaðri yfirborðsmynd og skoða hvað það er sem blasir við og hvað leynist undir yfirborðinu.

Þannig er ljóðgreining mjög skyld auglýsingagreiningu. Það eina sem þú þarft að gera er að leika rannsóknarlögreglumann eða hugsanalesara, temja þér gagnrýnið hugarfar – sjá og lesa milli línanna og draga ályktanir.

Ég... SKILABOÐ

geri mér grein fyrir muninum á ólíkum málsniðum og hvað notkun ólíkra orða getur haft mikil áhrif.

er klár á hvaða lágmarksupplýsingar þurfa að koma fram í starfsumsókn.

get núna horft á auglýsingu og greint hvernig hún talar til mín og hvaða leiðir eru notaðar til að ná til mín.

átta mig á að hraður yfirborðslestur á auglýsingum og fjölmiðlum er varasamur.

○ Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ


Hvað telur þú að þurfi að koma fram í atvinnuauglýsingu?

Hvaða máli finnst þér skipta að hafa atvinnuumsókn snyrtilega, vel upp setta og á góðu máli?

Hvað gera auglýsendur til að fanga athygli lesenda? Hvaða atriði detta þér í hug?

Hvers konar auglýsingar lest þú helst? Hvers vegna?

○ Textaboð Senda



Undarlegar geta auglýsingar verið ...

Þú getur notað ólíkar kveikjur á ýmsa vegu.
Skoðu þessa gömlu auglýsingu og leiktu þér með hana.

- ✓ Skrifaðu brandara upp úr efni hennar.
- ✓ Skrifaðu ljóð.
- ✓ Skrifaðu fyndið svarbréf við auglýsingunni.
- ✓ Fáðu bekkjarfélagi til að leika með þér símtal á milli þess sem auglýsir og þess sem svarar auglýsingunni.

Tilkynning

Þar eð jeg er of hlaðin störfum við bókhald, skattaframtöl, samningagerðir og a.þ.h. er algerlega þýðingarlaust að koma til mín eð hringja í síma, þessu eða öðru viðvíkjandi nema ef um kaup eða sölu á leikföngum er að ræða.

V.f.

Elías F. Hólm

Hvað fannst mér skemmtilegast í þessum kafla?
Hvaða skoðun hef ég á auglýsingum?
Hvaða áhrif hafa auglýsingar á mig?

Vertu vakandi og með gagnrýninn huga!
Hvað er verið að reyna að selja þér?
Er verið að plata þig upp úr skónum?

Alveg að endalokum, þetta mikilvægasta smáræði

Svona lýkur þessari bók um íslensku, tungumál og læsi. Hún heitir *Kveikjur* vegna þess að flest allt sem við skynjum í heiminum og lífinu kveikir hugsanir og minningar eða snertir okkur á einhvern annan máta. Og það er okkar að taka þessar kveikjur og vinna úr þeim á uppbyggilegan hátt.

Skilningur okkar á tungumálinu hefur bein áhrif á það hvernig við hugsum og hegðum okkur. Orðin sem við notum þegar við tölum og skrifum og tjáum okkur hafa áhrif á aðra – og líka þig.

Íslenskan er aðgangur þinn að heiminum og aðgangur annarra að þér – valdið er í þínum höndum.



Gátlisti fyrir ritun

Þegar þú skrifar er algert lykilatriði að vera frjáls í því sem þú ert að gera, hvort sem það er ljóð, skáldsaga, sendibréf eða ritgerð. Láttu allt flakka sem þér dettur í hug. Ef þú reynir að halda aftur af þér geturðu komið í veg fyrir að allar frábæru hugmyndirnar og hugsanirnar nái að fæðast.

Frelsi er því málið, sérstaklega þegar þú byrjar að skrifa. Frumkrafturinn í sköpun felst í því að láta vaða en í sumum tilfellum getur hins vegar verið gott og hjálplegt að hugsa fyrirfram um vissar hliðar málsins:

- Um hvað er ég að skrifa? Hvert er aðalatriði málsins?
- Hvert er markmiðið með textanum (að fræða, skemmta, upplýsa o.s.frv.)?
- Fyrir hvaða lesanda er ég að skrifa?
- Vek ég áhuga lesanda?
- Á hverju byrja ég og á hverju enda ég?
- Þarf ég að gera efnisgrind?

Allt þetta skiptir máli upp á orðaval, lengd, stemmningu og þar fram eftir götunum.

Mundu að þú getur alltaf leiðrétt þig – en það er miklu betra að gera það eftir sjálf frumskrifin! Mikilvægt er að vanda lokafráganginn:

- Er stafsetningin rétt?
- Gæti ég þess að hefja setningar á ólíkan hátt?
- Nota ég greinarmerki rétt?

Textatilvísanir

Textar eru sóttir í eftirtalin rit og útgáfur

- Bls. 4 *Kvennablaðið* 1. tbl., 1. árg. 1895, (bls. 6).
- Bls. 11 Þórarinn Eldjárn. 1994. *Ég man: 480 glefsur úr gamalli nútíð*. Reykjavík, Forlagið.
- Bls. 15 Pétur Gunnarsson. 1989. *Vasabók*, Bókaútgáfan Punktur, Reykjavík, (bls. 7–8).
- Bls. 20–21 Umfjöllun um lestur sem líkamsrækt er að hluta byggð á efni úr fyrirlestri Brynhildar Þórarinsdóttur, Lestrarhestamennska: Heillandi fjölskyldusport.
- Bls. 25 Í dagsins önn – Pistill á nams.is. Byggt á Arne Torp, 2005. Sótt 22.8.2013 af www.nams.is.
- Bls. 36 Roald Dahl. 1996. *Matthildur*. Mál og menning, Reykjavík.
- Bls. 43 Pétur Gunnarsson. 1989. *Vasabók*, Bókaútgáfan Punktur, Reykjavík, (bls. 7–8).
- Bls. 46 Morgunblaðið, 209. tbl., 15. 09. 1989 (bls. 2). Sótt 27.08.2013 af timarit.is. Dagur, 91. tbl., 15. 05. 1987 (bls. 1). Sótt 27.08. 2013 af timarit.is.
- Bls. 47 visir.is. Sótt 21.08.2013 af <http://www.visir.is/geimverur-loka-natturuferlu/article/2011110719613>
- Bls. 48 mbl.is. Sótt 21.08.2013 af http://www.mbl.is/frettit/erlent/2011/07/14/eistum_sleppt_ur_haldi/
- Bls. 50 Fréttatíminn, 7.11.2012. Sótt 27.08.2013 af www.frettatiminn.is
- Bls. 58–65 Auður Haralds og Valdís Óskarsdóttir. 1993. Elías, Iðunn, Reykjavík, (bls. 5–12).
- Bls. 69 Mbl.is., 27.09.2012. Sótt 21.08.2013 af www.mbl.is
- Bls. 73 Stjórnuþá – Mbl.is. Sótt 29.05.2012 af <http://www.mbl.is/folk/stjornuspa/merki/fiskar/>.
- Bls. 82–86 *Sagan af Helgu Karlsdóttur*. Sótt 21.08.2013 af <http://www.snerpa.is/net/thjod/helga.htm>
- Bls. 93 Sveinbjörn I. Baldvinsson. Gefið út á plötunni *Stjörnur í skónum* árið 1978. Útgefandi: Íslenskir tónar.
- Bls. 94 Guðmundur Óskarsson. 2012. Á tímum sem þessum lærirðu að lifa á nýjan leik. *Smásagnasmáræði*. Námsgagnastofnun, Kópavogi, (bls. 87–88).
- Bls. 96 Helgi Már Barðason. 2007. *Sakamálaprautir*. Hólar, Reykjavík.
- Bls. 108–109 *Lifandi vísindi*, nr. 10/2011.
- Bls. 110 *Lifandi vísindi*, nr. 2/2012.
- Bls. 111 *Vísindavefurinn*. Sótt 21.08. 2013 af <http://visindavefur.is/?id=1862>
- Bls. 112 Helgi Grímsson. 2009. Árið 1918. Námsgagnastofnun, Kópavogi, (bls. 5).
- Bls. 112 *Mannlíkaminn*. 2011. Ýmsir höfundar. Námsgagnastofnun, Kópavogi, (bls. 80).
- Bls. 113 Guðbjörg Pálsdóttir og Guðný Helga Gunnarsdóttir. 2005. *Átta – tíu 1*. Námsgagnastofnun, Reykjavík, (bls. 60).
- Bls. 115 *Skirnir*, 1.tbl., 113. árg., 1939 (bls. 42) Sótt 21.08.2013 af timarit.is.
- Bls. 122 Ipads til alle. Sótt 21.08. 2013 af www.nordjyske.dk.
- Bls. 128 Friðrik Erlingsson. 1997. *Benjamin dúgva*. Færeysk þýðing: Carl Johan Jensen. Bókadeild Föroya Lærarafelags.
- Bls. 136–143 Ragnheiður Gestsdóttir. 2009. *Hjartsláttur*, Forlagið, Reykjavík.
- Bls. 147 *Víkan*, 13.tbl., 47. árg., 1985, (bls.48) Sótt 21.08.2013 af timarit.is.
- Bls. 148 *Víkan*, 32. tbl., 48. árg., 1986, (bls. 51). Sótt 22.8.2013 af timarit.is.
- Bls. 151 *Víkan*, 31. tbl., 47. árg., 1985, (bls. 56). Sótt 22.8. af timarit.is.
- Bls. 152 *Víkan*, 24. tbl., 42. árg., 1980, (bls. 63). Sótt 22.8.2013 af timarit.is.
- Bls. 153 Halldóra Kristín Thoroddsen. 2002. *90 síni úr minni mínu*. Mál og menning, Reykjavík.
- Bls. 154 Thorstein Thomsen. 2004. Úr bókinni *Græna slumman og önnur ljóð: stelpur og strákar innst inni*. Íslensk þýðing: Þórður Helgason og Michael Dal. Iða, Reykjavík.
- Bls. 155 Guðrún Hannesdóttir. 2010. *Staðir*. Salka, Reykjavík.
- Bls. 156 Stefán Hörður Grímsson. 1946. *Glugginn snýr í norður*. Reykjavík.
- Bls. 157 Púriður Guðmundsdóttir. 1985. *Það sagði mér haustið*. Skákrétt, Reykjavík.
- Bls. 158 *Stilkatanka* eftir Kára Tulinius. Sótt 22.8.2013 af www.flickr.com. Birt með leyfi höfundar.
- Bls. 160 Kristín Svava Tómasdóttir. 1999. *Ljóð unga fólksins*, bls. 75.
- Bls. 161 Björk Þórgrímsdóttir. 1999. *Ljóð unga fólksins*, bls. 84.
- Bls. 162 Þórarinn Eldjárn. 1979. *Kvæði*. Iðunn, Reykjavík.
- Bls. 163 *Stúlka: ljóð eftir íslenskar konur*. 1997. Helga Kress valdi efni. Bókmenntafræðistofnun H.Í. Reykjavík.
- Bls. 164, 165, 166, 167, 173 timarit.is. Sótt 21.08.2013 af <http://timarit.is>

Skrá yfir ljósmyndir og rétthafa annars myndefnis

- Bls. 13,14, 16 (efri), 27, 31, 54, 68, 76,77, 100, 101, 108, 109 (efri), 115 (neðri) Dreamstime.com
- Bls. 16 (neðri) Davíð H. Stefánsson
- Bls. 53 *Húsfreyjan*, birt með leyfi Kvenfélagsambands Íslands, *Skinfaxi*, birt með leyfi UMFÍ,
- Veidimaðurinn*, birt með leyfi ritstjóra tímaritsins
- Bls. 54 Umferðarmerki, Vegagerðin, www.vegagerdin.is,
- Bls. 57, 79 MMS
- Bls. 69 Morgunblaðið/Golli (Kjartan Þorbjörnsson)
- Bls. 77 e.t.v. Magnus Fröderberg/Norden.org
- Bls. 77 neðst t.h. Eva Björk Ægisdóttir
- Bls. 88, 103, 122, 128-129, Shutterstock.com
- Bls. 109 Myndin af Craig Lundberg er fengin af slóðinni: <http://www.champnews.com/html/newsstory.asp?id=8132#.UhOP5ZKpp8F>
- Bls. 80 Wade Edwards/ www.blogs.longwood.edu
- Bls. 111 Helga Gerður Magnúsdóttir, birt með leyfi Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarkertra
- Bls. 117 Þröstur Már Bjarnason
- Bls. 133 Helga Kvam
- Bls. 143 © Kim Casali, Ást er ... Allur réttur áskilinn. Dreifingaraðili Tribune Media Services
- Bls. 145 © Finnur Torfi Gunnarsson, Jónas Reynir Gunnarsson
- Bls. 146 Morgunblaðið/Arnaldur
- Bls. 155 Kári Tulinius
- Bls. 157 Þjóðminjasafn Íslands
- Bls. 162 efri t.v. *Dimmalimm* (1921), Muggur, (Guðmundur Thorsteinnsson), birt með góðfúslegu leyfi Forlagsins, efri t.h. *Systurnar á Stapa* (1948), Jóhannes Kjarval, Listasafn Reykjavíkur, neðri t.v. *Næturiddari*, Ghost Rider (1985), Erró, Listasafn Reykjavíkur, neðri t.h. White men, Swend Wiig Hansen, ljósmynd Carsten Medom Madsen/Dreamstime.com
- Bls. 165 Richard du Toit
- Bls. 166 Fregniði er birtur með leyfi Borgarskjalasafns Reykjavíkur
- Bls. 169, 170, 171 timarit.is

Kveikjur

Texta- og verkefnabók í íslensku

Langar þig að leika þér með íslenskuna um leið og þú lærir hana? Finnst þér spennandi að rannsaka tungumálið og nota það á skapandi hátt? Þá eru *Kveikjur* námsefni fyrir þig.

Íslenskan leggur grunn að tilvist okkar, þekkingu, skilningi og sjálfsmynd. Það besta sem við gerum er að leika okkur með hana af virðingu og krafti.

Kveikjur – texta- og verkefnabók er fyrsta bókin í flokki námsefnis í íslensku fyrir unglíngastig. Bókin var áður gefin út í tveimur heftum en hefur nú verið endurskoðuð og sett saman í eina bók.

Höfundar eru Davíð Hörgdal Stefánsson og Sigrún Valdimarsdóttir.

